

NORRÆNA ELDFJALLASTÖÐIN 9601
HÁSKÓLI ÍSLANDS



**LANDMÆLINGAMERKI
NORRÆNU ELDFJALLASTÖÐVARINNAR
1976 til 1995**

eftir

Halldór Ólafsson

Reykjavík 1996

Nordic Volcanological Institute is an Institution within the Nordic Council of Ministers.

The Nordic Council of Ministers

was established in 1971. It submits proposals on co-operation between the governments of the five Nordic countries to the Nordic Council, implements the Council's recommendations and reports on results, while directing the work carried out in the targeted areas. The Prime Ministers of the five Nordic countries assume overall responsibility for the co-operation measures, which are co-ordinated by the ministers for co-operation and the Nordic Co-operation Committee. The composition of the Council of Ministers varies, depending on the nature of the issue to be treated.

Efnisyfirlit

Inngangur	1
Samantekt um niðursetningu fastmerkja	3
Landshlutaskipting fastmerkja	9
Merki í Mývatnssveit og Gjástykki	9
Merki í Kelduhverfi	12
Merki vegna mælinga á Húsavíkurmisgengi	12
Merki í Dyngjufjöllum og grennd	13
Merki umhverfis Mýrdalsjökul og Eyjafjallajökul	15
Merki á Torfajökulssvæði	16
Merki við Heklu	17
Merki í Vestmannaeyjum	18
Merki á Þingvalla- og Hengilssvæði	18
Merki í Borgarfirði	20
Merki á Reykjanesi	21
Merkjaskrá og lýsing	22
Skrá yfir nokkur örnefni í Dyngjufjöllum og grennd	98
Viðauki eftir Eystein Tryggvason	104
Þakkarorð	107
Heimildaskrá	108
Merking á kortum	110
Kort	

Inngangur

Þessi skýrsla geymir skrá yfir fastmerki sem starfsmenn Norrænu eldfjalla-stöðvarinnar hafa komið fyrir til rannsókna á hreyfingum jarðskorpunnar vegna eldvirkni eða annarra jarðfræðilegra þátta. Einnig verður lýst nokkrum gömlum mælingastöðum sem í seinni tíð hafa verið notaðir við GPS mælingar. Þá verður og getið þeirra hallamælingastöðva er Eysteinn Tryggvason setti niður í Kelduhverfi og Mývatnssveit árin 1976 og 1977 vegna atburðanna sem kenndir eru við Kröflu og hófust með eldgosi 20. desember 1975.

Eysteinn setti niður fyrstu hallamælingastöðina í Mývatnssveit í janúar 1976. Þetta er stöð sem myndar línu til tveggja átta en þær stöðvar, sem á eftir fylgdu, eru flestar hringir með 25 m geisla. Í febrúar 1977 voru sett niður rúmlega 40 EDM merki á Kröflusvæðinu og framan við númer þeirra var hafður bókstafurinn A. Sumarið 1977 var ákveðið að númera fastmerki stofnunarinnar með upphafsstöfum hennar (NE), ártali og hlaupandi númerum.

Þær hallamælingastöðvar sem mynda hring eru nær allar þannig frágengnar að 25 m út frá miðjumerki og umhverfis það eru sett niður fimm mælingamerki með sem jafnastri dreifingu. Miðjumerkið hefur númer sem endar á 0, en mælingamerkin umhverfis eru með númer sem endar á 1 til 5. Eftir 1976 var fyrsta fastmerkið haft í norðlægri stefnu frá miðju en hin rangsælis hringinn frá því. Ef við segjum til dæmis að miðjumerki hafi númer 0010, þá er fastmerki í norðri númer 0011, merki í norðvestri númer 0012, merki í suðvestri númer 0013 o.s.frv. Aðrar hallamælingastöðvar, sem komið hefur verið fyrir, mynda línur til tveggja átta, mislangar eftir aðstæðum. Mæling á hringstöðvum fer þannig fram að hallamæli er komið fyrir yfir miðjumerki og mælt á "invar" stiku sem tyllt er á mælingamerkin í hringnum og stikan færð frá einu merki til annars, fyrst rangsælis og síðan réttsælis. Á línunum er mælirinn hafður mitt á milli merkja og þar er mælt fram og til baka.

Eins og fyrr greinir voru fyrstu fastmerkin sett niður í ársbyrjun 1976 og í kaflanum um samantekt þeirra er rakið hversu mörgum merkjum hefur verið komið fyrir og í hvaða landshlutum. Í skrá um landshlutaskiptingu fastmerkja er tíundað við hvaða mælingar merkin eru notuð og hnit skráð með hverju þeirra ásamt blaðsíðutali í merkjaskrá og kortanúmeri. Flest merkin hafa ekki nákvæm hnit þar sem þau eru tekin eftir áætlaðri staðsetningu á kortum, en undantekningar eru þar sem GPS mælingar hafa verið gerðar.

Næst kemur merkjaskrá með lýsingum á aðkomu og nánasta umhverfi fastmerkjanna. Víða er lýsingunum ábótavant, einkum frá fyrstu árunum, þar sem ekki var hirt um að skrá minnispunkta jafnóðum og merkin voru sett niður. Merkjaskráin er í tímaröð þar sem ekki er notast við NE númerakerfið, en þar eru númerin látin ráða röðinni. Nafn, númer og ártal, þegar fastmerki var sett niður, eru skráð ofan við hverja lýsingu vinstra megin, en hægra megin er skráð til hvers merkin eru notuð ásamt hnitum.

Í Dyngjufjöllum og nágrenni er afar snautt um örnefni og hafa því nokkur ný orðið til við mælingastörf starfsmanna Norrænu eldfjallastöðvarinnar á umliðnum árum. Þar sem erfitt er að lýsa staðsetningu sumra merkjanna vegna fyrrgreinds örnefnaskorts, verður notast við nokkur af þessum nýju nöfnum í merkjaskránni og aftan við hana er kafli um örnefni í Dyngjufjöllum. Eysteinn Tryggvason lagði til upplýsingar um hæðarmælingalínur og hallamælingastöðvar sem hann setti niður á árunum 1966 til 1970. Viðauki með þessum upplýsingum er aftan við örnefnaskrána. Aftan við heimildaskrána eru kort með staðsetningu fastmerkja og við hvert merki í landshlutaskránni er vísað til viðkomandi kortanúmers. Öll kort í þessari skýrslu eru birt með góðfúsu leyfi Landmælinga Íslands.

Samantekt um niðursetningu fastmerkja

Fyrstu merkin voru sett niður í janúar 1976. Þau eru í hallamælingastöð austan Námaskarðs skammt norðan vegamótanna til Kröfluvirkjunar. Þetta er fimm fastmerkja lína og eru þau ónúmeruð, en skapast hefur sú venja að byrja hverja mælingu á nyrsta merkinu í stöðinni. Í júlí 1976 voru settar niður fimm hallamælingastöðvar í Mývatnssveit, fjórar hringstöðvar og ein lína. Fyrsta stöðin var hringstöð og sett niður í Hlíðardal skammt suðaustan Hvíthólaklifs og fékk hún númer frá 0000 til 0006. Næsta hringstöð hefur númer frá 0010 til 0015 og var sett í slétt helluhraun nokkru austan Leirhnjúks. Þriðju hringstöðinni var komið fyrir í Eldhrauni norðvestan Reykjahlíðar og fékk hún númer frá 0020 til 0025. Stutt hallalína var sett niður rétt vestan Grjótagjár sunnan Þjóðvegjar og hefur hún númer frá 0030 til 0034. Síðasta hringstöðin, sem komið var fyrir í Mývatnssveit þetta sumar (1976), var sett niður í gróið helluhraun á svonefndum Jörundargrjótum og fékk hún númer 0040 til 0045. Um svipað leyti voru settar niður tvær hringstöðvar í Kelduhverfi, önnur á vesturbrún Hólsgjár og hefur hún númer frá 0100 til 0104, en hin norðan Þjóðvegjar skammt austan við bæinn Lón og fékk hún númer 0110 til 0115.

Sumarið 1977 voru settar niður sex hringstöðvar á eftirfarandi stöðum í Mývatnssveit: Við Grjótagjá sunnan vegar til Voga með númer frá 0050 til 0055, við Grjótagjá um 100 m vestan baðstaðar í Grjótagjá með númer frá 0060 til 0065, sunnan Þjóðvegjar í Reykjahlíðarþorpi með númer frá 0070 til 0075, í krika sunnan Ytri Bjarghóls með númer frá 0080 til 0085, vestan Hvannstóðs með númer frá 0090 til 0095 og að lokum suðvestan Hverfjalls með númer frá 0200 til 0205.

Seinni hluta febrúar 1977 voru sett niður fjörutíu fastmerki (EDM merki) til fjarlægðarmælinga á umbrotasvæðinu norðan Kröfluvirkjunar. Það syðsta er á Ytri Sátu rúman kílómetra suðvestan Leirhnjúks, en það nyrsta tæpa 2 km vestur af norðurenda Hituhóla og fékk hvert merki sitt númer frá A001-A043. Tvö gömul fastmerki, er starfsmenn Orkustofnunar höfðu sett niður á Leirhnjúk og Sandmúla svo og merki á melkollu syðst á Hrutafjallahala sem ekki er vitað hver sett hefur niður, fengu númer í þessu kerfi. Er lokið var við að ganga frá þessum fjörutíu fastmerkjum í Kröfluöskjunni og Gjástykki, voru þrjú sett niður meðfram veginum milli Stórugjár í Mývatnssveit og Kísiliðjunnar í Bjarnarflagi. Merkin þrjú fengu númerin B002 til B004, en gamalt fastmerki á Ytri-Höfða við Mývatn fékk númerið B001.

Öll þau fastmerki, sem sett voru niður í febrúar 1977, eru 12 mm kambstálsbútar, fengnir hjá byggingaraðilum Kröfluvirkjunar. Bútararnir voru ýmist boraðir í berg eða reknir í gjallkolla sem stóðu upp úr fannferginu þennan vetur. Þeir standa 2 til 3 sm upp fyrir umhverfi sitt og til auðkenningar var rekið niður annað kambstál um 1 m norðan við flest merkin og gul tréstika fest við það. Umhverfis stikuna var svo hlaðin lítil varða ef grjót var tiltækt á staðnum. Flestar stikurnar eru horfnar út í veður og vind en sum vörðubrotin standa enn. Nokkur merki hafa farið undir hraun í eldsumbrotum á svæðinu og er þeirra getið í eftirfarandi skrá en staðsetningu ekki lýst. Fyrstu fjarlægðarmælingarnar á umræddu svæði voru gerðar í febrúar og mars 1977 af starfsmönnum verkfræðistofunnar Hnita hf. en síðan hafa starfsmenn Norrænu eldfjallastöðvarinnar framkvæmd allflestar mælingar sem gerðar hafa verið á hennar vegum. Mælt var milli merkjanna í Reykjahlíðarhverfi (B001 til B004) nokkrum sinnum árin 1977 og 1978 en lýsingu vantar og eru þau þar af leiðandi ekki í eftirfarandi skrá.

Sumarið 1977 voru sett niður fjögur fastmerki á fjalllendið umhverfis Mývatnssveit en við mælingar, sem framkvæmdar voru í kjölfarið, var einnig notast við nokkur eldri

landmælingamerki sem fyrir voru á svæðinu. Tekin var sú ákvörðun að númera nýju merkin með upphafsstöfum stofnunarinnar (NE), ártali og hlaupandi númerum. Fastmerkin, sem sett voru niður þetta sumar, fengu því númerin NE77001 til NE77004. Þar sem því var við komið, voru notaðir koparboltar og var flötum skífum komið fyrir undir haus þeirra, þar sem í voru höggvin númerin. Ef ekki var fast berg á merkjastæðunum, var hafður sami háttur á og í Gjástykki og notast við kambstálsbúta sem reknir voru niður í jarðveginn.

Seinni hluta vetrar 1978 var mælinganetið í Gjástykki stækkað að mun og sett niður sjö fastmerki til viðbótar með númerum NE77005 til NE77011. Einnig var Orkustofnunarmerki á Hvannstóðshöfða notað og fékk það númerið NE77012. Í maí 1978 var sett niður fjarlægðarmælinganet í Vestmannaeyjum og fengu fastmerkin í því neti númerin NE78001 til NE78008.

Seinni hluta janúar 1979 var sett niður mælinganet á öræfunum norðaustan Mýrdalsjökuls og höfðu þau fastmerki númerin NE79001 til NE79007. Aðeins einu sinni hefur verið mælt milli þriggja fyrstu merkjanna en aldrei á hin fjögur. Í maí 1979 var bætt við einu merki í Gjástykkisnetið með númer NE77013 og er það á Sandfelli sunnan í Þeistareykjabungu. Sumarið og haustið 1979 voru settar niður fjórar hallamælingalínur á svæðinu umhverfis Hengil, svo og ellefu fastmerki til fjarlægðarmælinga. Fyrsta hallamælingalínan var sett niður við Draugatjörn vestan Kolviðarhóls og hefur hún númer frá NE79021 til NE79039 en fyrsta merkið í þessari línu hefur númerið NE79074. Það var sett niður síðar um haustið eftir að lokið var við að merkja línuna í Orustuhólshrauni. Næstu línu var komið fyrir meðfram veginum að Nesjavallavirkjun og fékk hún númer frá NE79040 til NE79048. Þriðja línan var sett niður í Nesjahraun norðan Grafningsvegjar með númer frá NE79049 til NE79058. Fjórða línan er í Orustuhólshrauni suður af Skarðsmýrarfjalli og hefur hún númer frá NE79059 til NE79073. Fjarlægðarmælingarmerkin hafa númer frá NE79025 til NE79089 en tvö númer í þessari röð, NE79077 og NE79078, eru á merkjum við Kröfluvirkjun og voru þau sett niður í ágúst 1979. Þrjú önnur merki, NE79085 til NE79087, finnast hvergi skráð og hafa því ekki verið sett niður. Ekki er ljóst hvers vegna merki með númerin NE79008 til NE79020 nýttust ekki þetta sumar. Þau númer eru hins vegar á merkjum sem sett voru niður umhverfis Skorradalsvatn á árunum 1982 til 1984.

Skömmu eftir að júlígoði í Gjástykki hófst 1980, voru settar niður sex hringstöðvar til hallamælinga á svæðinu og var þeim komið fyrir á eftirfarandi stöðum: Við afréttargirðingu norðan Éthóls með númer frá NE80001 til NE80006 og NE80007 til NE80012, á misgengisbrún sunnan Hituhóla með númer frá NE80013 til NE80018, um 500 m vestan Snaga með númer frá NE80019 til NE80024, um 1000 m austan Snaga með númer frá NE80025 til NE80030 og skammt norðan afréttargirðingar suðvestan Hrutafjallahala með númer frá NE80031 til NE80036. Í ágúst 1980 voru sett niður fimm viðmiðunarmerki til að mæla inn hallamælingalínurnar kringum Hengil og hafa þau númerin NE80037 til NE80041. Eldgos hófst í Heklu seinni hluta ágúst þetta sama ár og voru þá sett niður sex merki norðan og suðvestan hennar sem fengu númerin NE80042 til NE80047.

Í febrúar 1981 var enn bætt við fastmerkjum í fjarlægðarmælinganetið við Kröflu og það stækkað til suðurs. Þau hafa númer frá NE80048 til NE80052. Vorið 1981 var aukið við mælinganetið umhverfis Heklu og sett niður tíu merki til viðbótar. Helmingur þeirra fékk nöfn eftir kennileitum og eru það kambstálsbútar sem reknir voru niður í melkolla eða gjallhauga. Hin fimm eru koparboltar, boraðir í berg, og fengu þeir númerin NE80053 til NE80058. Þá er frátalið merki númer NE80057 sem

af óútskýrðum ástæðum var ekki sett niður fyrr en í júní 1984 við austurenda Skorradalsvatns. Haustið 1981 var bætt við fimm hringstöðvum til hallamælinga í Mývatnssveit. Þær hafa númer í kerfi, sem Eysteinn Tryggvason notaði, er hann setti niður fyrstu hringstöðvarnar á svæðinu. Þessar stöðvar eru á eftirfarandi stöðum: Í Eldánni um 150 m austan slóðar til Gæsafjalla með númer frá 0210 til 0215, í sléttu helluhrauni við Hverarönd með númer frá 0220 til 0225, við suðurenda Námafjalls á móts við Syðraskarð með númer frá 0230 til 0235, í Eldánni sunnan undir Hlíðarfjalli með númer frá 0240 til 0245 og austan Syðri Bjarghóls með númer frá 0250 til 0255.

Sumarið 1982 var sett niður fjarlægðarmælinganet í Dyngjufjöllum og sjö fastmerkjum raðað niður á fjallgarðinn umhverfis Öskju auk eins merkis við norðausturhorn Öskjuvatns. Þessi merki hafa númer frá NE82001 til NE82008. Eins og fyrr segir voru sett niður fastmerki við Skorradalsvatn árin 1982 til 1984 úr númeraröð frá 1979 og 1980. Fyrstu merkin voru sett niður í júní 1982 og hafa númer frá NE79008 til NE79013 en í september 1983 var bætt við þremur með númer NE79014 til NE79016. Loks voru merki númer NE79017, NE79019, NE79020 og NE80057 sett niður við Skorradalsvatn í júní 1984. Í júlí 1983 var sett niður hæðarmælingalína í Öskjuopi og er hún framhald eldri línu sem Eysteinn Tryggvason setti niður við Vikraborgir á árunum 1966 og 1968. Fastmerkin í nýju línunni fengu númer frá NE83001 til NE83010. Af einhverjum ástæðum eru merki með númerum NE83011 til NE83016 hvergi skráð og hafa því ekki verið notuð til mælinga.

Fimm fastmerki voru sett niður til vatnsmælinga umhverfis Mývatn í júní 1984 og hafa þau númer frá NE83017 til NE83021. Einu merki var bætt við í ágúst og fékk það númerið NE83025 en númerin þar á milli, NE83022 til NE83024, hafa ekki verið notuð. Sama sumar var hæðarmælingalína í Öskjuopi lengd austur undir Dyngju, skála Norrænu eldfjallastöðvarinnar í Dyngjufjöllum. Fyrsta fastmerkið var hornamælingamerki, sett niður á Rauðskegg sunnan Öskjuops og notað til að mæla inn nýju línuna. Það er númer NE84001 en merkin tíu í viðbótarlínunni fengu númer frá NE84002 til NE84011. Í september 1984 var sett niður níu merkja hallamælingalína í Gjástykki sunnan Sandmúla. Þau mistök urðu við það verk að fyrsta merkið hefur sama númer (NE84011) og það síðasta í Öskjuopslínunni. Hin merkin fengu númerin NE84012 til NE84019. Um sama leyti var sett niður sex merkja hringstöð skammt norðaustan Hreindýrahóls. Hún er númeruð í samræmi við kerfi Eysteins Tryggvasonar og var merkt 0260 til 0265.

Seinast í janúar 1985 voru sett niður fimm fastmerki til vatnsmælinga umhverfis Þingvallavatn. Þau hafa númerin NE85001 til NE85004 og NE85007. Í maí sama ár var bætt við fjórum merkjum er fengu númerin NE85005, NE85006, NE85008 og NE85009. Við fjarlægðarmælingar í Öskju sumarið 1985 kom í ljós að merkið á Vatnsfelli (NE82004) var í lausum kletti. Það var því endurnýjað á varanlegri stað og fékk númerið NE85010. Einnig var bætt við merki á öskjubrúninni norðan Trölladyngjuskarðs og er númer þess NE85011. Í september 1985 voru sett niður sex fastmerki til vatnsmælinga umhverfis Kleifarvatn og eru númer þeirra NE85012 til NE85017.

Við mælingar á Öskjuvatni sumarið 1986 var sett niður fastmerki númer NE85018 skammt vestan hverasvæðisins í Suðurbotnum þar sem vatnsmælingamerki númer 10 var áður (Eysteinn Tryggvason setti niður 20 mælingamerki við Öskjuvatn árið 1968). Þetta sumar var einnig sett niður hornamælingamerki á ónefndum móbergsrana skammt austan Dyngju og hefur það númerið NE85019.

Vegna lágtíðnióróa á Torfajökulssvæði haustið 1986 voru sett niður fjögur fastmerki númer NE8601 til NE8604 umhverfis Frostastaðavatn, svo og fimm

hallamælingalínur í samvinnu við starfsmenn Landsvirkjunar og eru þær á eftirfarandi stöðum: Í Norðurnámshrauni með númer frá NE8605 til NE8613, í Dómadalshrauni með númer frá NE8614 til NE8622, í Hrafninnuhrauni með númer frá NE8623 til NE8632, í sléttu sandorpu helluhrauni vestan Hnausapolls með númer frá NE8633 til NE8642 og sunnan Laufafells með númer NE8643 til NE8651.

Í júní 1987 var endurnýjað fastmerkið í Stóra Krika austan Gæsafjalla, þar sem eldra merki (NE77007) hafði farið undir hraun haustið 1984 og hefur nýja merkið númerið NE87001. Þetta sumar var bætt við átta merkjum inn í löngu hæðarmælingalínuna í Öskjuopi til að þetta fastmerkin þar og fengu þau númerin NE87002 til NE87009. Haustið 1987 var sett niður sjö merkja lína við Móhnúka skammt norðan róta Litlu-Heklu. Sumarið 1968 hafði Eysteinn Tryggvason steipt þar þrjú stöpla undir vatnsmæliker sem hann notaði til hallamælinga (Þetta voru sömu ker og notuð voru í stöðvarhúsi Kröfluvirkjunar meðan á Kröflueldum stóð). Einn stöpullinn eyðilagðist í Heklugosinu 1980 og þótti því ástæða til að setja þar niður fastmerki til hallamælinga og voru þau merkt H1 til H7.

Vorið 1988 var bætt við vatnsmælingamerki hjá Grímsstöðum við Mývatn þar sem eldra merki (NE83021) var oftast undir snjó, er til átti að taka, og hefur nýja merkið númerið NE88001. Við mælingar í Öskju í júlí sama ár voru settar niður tvær hringstöðvar, önnur skammt norðan Vatnsfells en hin litlu austar í Mývetningahrauni. Þessar stöðvar fengu númerin 0400 til 0405 og 0410 til 0415 og eru þær síðustu hringstöðvarnar sem hafa númer eftir kerfi því er Eysteinn Tryggvason notaði á Kröflusvæðinu. Einnig var bætt við þremur merkjum í hæðarmælingalínu Eysteins Tryggvasonar við Vikraborgir og eru þau nefnd 408A, 409A og 411A. Sumarið 1989 var enn bætt við tveimur merkjum í sömu línu og eru þau nefnd 403A og 405A.

Vorið 1990 taldi þjóðgarðsvörður á Þingvöllum sig verða varan við gliðnun á gömlum sprungum hjá útsýnisskífundi ofan Valhallar og einnig á hærri brún Almannagjár. Af því tilefni voru sett niður það sumar sextán fastmerki (sprungumælingamerki) við nokkrar af sprungunum og var mælt með málbandi á milli þeirra. Þau höfðu númer frá NE900001 til NE 900010 og NE9021 til NE9026. Um sama leyti voru einnig fimm merki sett niður í stað annarra, sem týnd voru úr gamalli hæðarmælingalínu er liggur yfir sigdalinn milli Almannagjár og Hrafnagjár, og fengu þau númer frá NE9015 til NE9020. Loks var svo sett niður vatnsmælingamerki í Kárastaðanes og er það númer NE9027. Þetta sumar voru einnig sett niður sprungumælingamerki austan suðurenda Hvammsfjalla á Mývatnsöræfum og suðaustan undir Herðubreiðarfjöllum en þau fengu engin númer. Í sambandi við GPS mælingar, sem voru gerðar sumarið 1990, voru sett niður fjögur fastmerki í Dyngjuvfjöllum og nágrenni með númerum frá NE90011 til NE90014. Sjö hringstöðvar til hallamælinga voru einnig settar niður í Dyngjuvfjöllum þetta sumar og eru þær á eftirtöldum stöðum: Við norðvesturhorn Öskjuvatns með númer frá NE9028 til NE9030 ásamt fjarlægðarmælingamerki númer NE82005, vestan Bátshrauns við Öskjuvatn með númer frá NE9031 til NE9036, á Móflöt sunnan undir Dyngjuvfjöllum með númer frá NE9037 til NE9042, við Nautahnútur austur af Nautagili með númer frá NE9043 til NE9048, við Stamp sunnan Suðurskarðs í Dyngjuvfjöllum með númer frá NE9049 til NE9053, sunnan undir Jónsskarði með númer frá NE9054 til NE9059 og á öskjurímanum vestan Tanna með númer frá NE9060 til NE9065.

Meðan Heklugosið 1991 stóð yfir, var mælt á hallamælingalínunum í nágrenni fjallsins og kom þá í ljós, að þriðja merki í gamalli línu við Haukadal hafði eyðilagst vegna vegagerðar. Nýtt merki var sett niður í staðinn og er það númer NE9066. Einnig voru settar niður tvær nýjar hallamælingalínur, önnur við Suðurbjalla sem fékk númer

frá NE9101 til NE9108, en hin á Hafurshorni í Næfurholtsfjöllum með númer frá NE9109 til NE9121. Sumarið 1991 var sett niður hringstöð norðaustan Lokatinds í Dyngjufjöllum en þar hafði árið áður verið sett niður GPS fastmerki með númerinu RH9007 og var það notað sem mælingamerki í hringnum í stað NE9122. Hin merkin hafa númerin NE9123 til NE9127. Haustið 1992 var sett niður sex fastmerkja GPS net sunnan Mýrdalsjökuls og ein hallamælingalína á Fimmvörðuhálsi. GPS merkin fengu númer frá NE9201 til NE9203 og NE9213 til NE9215, en hallamælingalínan númer frá NE9203 til NE9212.

Þegar Kröflunetið var mælt í mars 1993 með GPS, var eitt viðmiðunarmerki sett niður hjá skiljuhúsi við borholu norðaustan Hvíthólaklifs. Það hefur númerið NE9301. Skorradalsvatn var mælt í maí sama ár, var þá steipt niður merki númer NE9302 hjá síritandi vatnshæðarmæli við vesturenda vatnsins. Sumarið 1993 var bætt við tveimur GPS fastmerkjum austan Mýrdalsjökuls, svo og tveimur í jökulsker, nánar tiltekið á Austmannstungu og Entukolli. Þessi merki fengu númerin NE9303 til NE9306. Þetta sama sumar var einnig GPS mælt umhverfis Heklu og tvö merki með númerunum NE9307 og NE9308 voru sett niður austan Vatnafjalla í sambandi við þær mælingar. Í ágúst 1993 voru settar niður tvær hringstöðvar og þrjú GPS fastmerki í Dyngjufjöllum. GPS merkin voru sett niður í miðjan Dyngjufjalladal, við Roðgúl og við Strýtur austan Drekagils, og fengu þau númerin NE9309, NE9322 og NE9323. Fyrri hringstöðin var sett niður við Hrút norðan Dyngjufjalla með númer frá NE9310 til NE9315 en síðari stöðinni var komið fyrir vestan Svörtudyngju með númer frá NE9316 til NE9321. Loks var svo sett niður hallamælingalína í september sama ár og er hún í vikurorpnu hrauni uppi á brún sléttunnar suðaustan Skjólkvía norðan Heklu. Þessi stöð hefur númer frá NE9324 til NE9332.

Við vestanvert Hafravatn var sett niður GPS fastmerki í apríl 1994 og það notað við tilraunamælingar. Það hefur númerið NE9401 og einnig var tveimur vatnsmælingamerkjum komið fyrir við Þingvallavatn í þessum mánuði með númerin NE9402 og NE9403. Tvö GPS merki voru sett niður í maí 1994 og var annað sunnan slóðar til Þórsmerkur við Steinhólsta, en hitt upp af Seljavöllum sunnan Eyjafjallajökuls. Þau fengu númerin NE9404 og NE9405. Í ágúst sama ár voru fimm fastmerki sett niður við Þeistareykja-Húsavíkur-misgengin og hafa þau númer frá NE9406 til NE9410. Er Heklu- og Torfajökulssvæði voru mæld í september 1994 voru sett niður þrjú GPS merki með númerin NE9411 til NE9413 og er eitt við Búland, annað á Heklutindi og þriðja á stíflunni við Ísakot. Seinast í október var sett niður hallamælingalína á Hamragarðaheiði vestan Eyjafjallajökuls með númerum frá NE9414 til NE9423 og í nóvember var steipt niður merkið NE9424 við austurenda Skorradalsvatns.

Um mánaðamótin janúar og febrúar 1995 voru sett niður þrjú merki í nágrenni Reykjavíkur vegna tilrauna með ný GPS tæki. Þessi merki höfðu númerin NE9501 til NE9503 en þau mistök urðu seinna á árinu að tvö önnur fastmerki fengu sömu númer. Það var því ákveðið að tvö fyrstu merkin, sem sett voru niður í janúar, fengju númerin NE9501A og NE9502A en hin tvö, sem sett voru niður til vatnsmælinga hjá Skorradalsvatni og Þingvallavatni í maí 1995, héldu merkingunni NE9501 og NE9502.

Í júlí og ágúst 1995 voru gerðar umfangsmiklar GPS mælingar bæði sunnan og norðanlands og í því sambandi voru sett niður sex fastmerki á Suðurlandi með númerin NE9504 við Sog, NE9510 norðan Skjaldbreiðar, NE9511 norðan Lambhrauns, NE9525 austan Skáneyjarbungu, NE9526 við golfvöll Akurnesinga og NE9527 við Syðri Fjallabaksleið.

Á Norðurlandi voru sett niður sextán fastmerki vegna GPS mælinga umhverfis Þeistareykja-Húsavíkurmisgengi og hafa þau númer frá NE9505 til NE9509 og NE9512 til NE9522 en merki númer NE9523 og NE9524 voru ekki notuð.

Að lokum voru fimm vatnsmælingamerki sett niður við læk sunnan og suðvestan Heklu. Merkið NE9528 er við Slýlæk vestan Selsunds og NE9529 er við Botnalæk austan Selsunds. Við læk skammt austan Keldna er NE9530 en NE9531 er við upptök Næfurholtslækjar. Við vesturbakka Selvatns austan Bjólfells er svo NE9532 og ætlað til yfirborðsmælinga á vatninu.

Landshlutaskipting fastmerkja

Nafn	Númer	Breidd	Lengd	Blaðsíða	Kort nr.
Merki í Mývatnsveit og Gjástykki					
<i>EDM merki</i>					
Ytri Sáta	A001	65°42'43"	16°49'15"	24	2
Hituhóll	A002	65°43'02"	16°47'47"	24	2
Leirhnjúkur	A003	65°43'04"	16°47'22"	24	2
	A004	65°43'18"	16°46'42"	24	2
Víti	A005	65°43'21"	16°45'28"	24	2
	A006	65°43'31"	16°44'00"	24	2
Graddabunga	A007	65°43'59"	16°43'25"	25	2
	A008	65°44'14"	16°44'56"	25	2
	A009	65°44'11"	16°45'44"	25	2
Rauðkollur	A010			25	
	A011	65°44'29"	16°48'54"	25	2
Hreindýrahóll	A012	65°44'37"	16°44'17"	25	2
	A013	65°44'56"	16°44'59"	26	2
	A014	65°45'07"	16°45'29"	26	2
	A015	65°45'26"	16°46'26"	26	2
	A016			26	
	A017	65°45'55"	16°46'03"	26	2
	A018	65°45'50"	16°44'47"	26	2
Hágöng	A019	65°45'48"	16°44'01"	27	2
	A020	65°45'23"	16°41'53"	27	2
	A021	65°45'14"	16°41'23"	27	2
	A022			27	
	A023	65°46'21"	16°45'20"	27	2
	A024	65°46'22"	16°44'21"	27	2
	A025	65°46'28"	16°42'38"	28	2
	A026	65°46'39"	16°41'23"	28	2
Sandmúli	A027	65°46'50"	16°42'33"	28	2
	A028	65°47'00"	16°44'34"	28	2
	A029	65°46'54"	16°44'57"	28	2
	A030	65°47'04"	16°46'46"	28	2
	A031			29	
	A032			29	
	A033	65°47'38"	16°47'18"	29	2, 3
Éthólar	A034	65°47'48"	16°48'22"	29	2, 3
	A035	65°48'08"	16°47'22"	29	2, 3
	A036			29	
Snagi	A037	65°48'06"	16°44'33"	30	2, 3
	A038	65°48'40"	16°46'23"	30	2, 3
	A039			30	
Nafn	Númer	Breidd	Lengd	Blaðsíða	Kort nr.

Hrútafjallahali	A040	65°48'41"	16°43'46"	30	2, 3
	A041			30	
Hituhólar	A042	65°49'42"	16°47'06"	30	2, 3
	A043			31	
Víðidalshnjúkar	NE77001	65°42'16"	16°55'16"	32	2
Sellönd	NE77002	65°26'13"	17°02'37"	33	1
Stórhnjúkur	NE77003	65°31'38"	16°46'18"	33	1
Bláfellshalar	NE77004	65°24'04"	16°49'35"	33	1
Klofi	NE77005	65°53'21"	16°42'24"	34	3
Einbúi	NE77006	65°49'10"	16°51'17"	34	2, 3
Stórikriki	NE77007			34	
Gæsafjallahorn	NE77008	65°47'36"	16°50'42"	34	2, 3
Mófell	NE77009	65°52'03"	16°41'31"	34	3
Skuggaklettur	NE77010	65°55'26"	16°37'53"	35	3, 4
Þeistareykjabunga	NE77011	65°53'43"	16°50'34"	35	3
Hvannstöðshöfði	NE77012	65°43'41"	16°50'46"	35	2
Sandfell	NE77013	65°52'12"	16°49'13"	35	3
Rauðhóll	NE79077	65°42'32"	16°46'32"	42	2
Kröfluvirkjun	NE79078	65°41'36"	16°46'46"	42	2
Syðri Bjarghóll	NE80048	65°41'11"	16°50'35"	47	2
Ytri Bjarghóll	NE80049	65°42'36"	16°52'15"	47	2
Sandbotnafjall	NE80050	65°41'48"	16°44'31"	47	2
	NE80051	65°41'37"	16°45'25"	48	2
Dalfjall	NE80052	65°40'53"	16°47'39"	48	2
Stórikriki	NE87001	65°45'41"	16°50'25"	67	2

GPS merki

Mývatn N	0020	65°39'15"	16°56'05"	22	1, 2
Ytri Sáta	A001	65°42'43"	16°49'15"	24	2
Leirhnjúkur	A003	65°43'04"	16°47'22"	24	2
	A004	65°43'18"	16°46'42"	24	2
Víti	A005	65°43'21"	16°45'28"	24	2
	A009	65°44'11"	16°45'44"	25	2
Hreindýrahóll	A012	65°44'37"	16°44'17"	25	2
	A015	65°45'26"	16°46'26"	26	2
	A019	65°45'48"	16°44'01"	27	2
Hágöng	A021	65°45'14"	16°41'23"	27	2
Hágangnadalur	A025	65°46'28"	16°42'38"	28	2
	A030	65°47'04"	16°46'46"	28	2
	A035	65°48'08"	16°47'22"	29	2, 3
	A037	65°48'06"	16°44'33"	30	2, 3
Hituhólar	A042	65°49'42"	16°47'06"	30	2, 3
Klofi	NE77005	65°53'21"	16°42'24"	34	3
Einbúi	NE77006	65°49'10"	16°51'17"	34	2, 3
Gæsafjallahorn	NE77008	65°47'36"	16°50'42"	34	2, 3

Nafn	Númer	Breidd	Lengd	Blaðsíða	Kort nr.
Mófell	NE77009	65°52'03"	16°41'31"	34	3
Peistareykjabunga	NE77011	65°53'43"	16°50'34"	35	3
Hvannstóðshöfði	NE77012	65°43'41"	16°50'46"	35	2
Sandfell	NE77013	65°52'12"	16°49'13"	35	3
Rauðhóll	NE79077	65°42'32"	16°46'32"	42	2
Kröfluvirkjun	NE79078	65°41'36"	16°46'46"	42	2
Syðri Bjarghóll	NE80048	65°41'11"	16°50'35"	47	2
Ytri Bjarghóll	NE80049	65°42'36"	16°52'15"	47	2
Dalfjall	NE80052	65°40'53"	16°47'39"	48	2
Stórikriki	NE87001	65°45'41"	16°50'25"	67	2
Hvíthólar	NE93001	65°41'25"	16°46'32"	81	2

Hallamælingastöðvar

Námaskarð A		65°38'54"	16°47'40"	22	1, 2
Hlíðardalur	0000	65°40'54"	16°46'50"	22	2
Leirhnjúkur	0010	65°43'09"	16°47'04"	22	2
Mývatn N	0020	65°39'15"	16°56'05"	22	1, 2
Mývatn A	0030	65°38'24"	16°52'27"	23	1, 2
Jörundur	0040	65°40'43"	16°41'29"	23	2
Grjótagjá S	0050	65°38'17"	16°53'19"	31	1, 2
Grjótagjá N	0060	65°37'37"	16°53'10"	31	1, 2
Reykjahlið	0070	65°38'23"	16°54'10"	31	1, 2
Ytri Bjarghóll	0080	65°42'34"	16°51'49"	31	2
Hvannstóð	0090	65°43'30"	16°51'04"	32	2
Hverfjall	0200	65°36'08"	16°53'34"	32	1, 2
	NE80001			44	
	NE80007			44	
Snagi I	NE80013	65°48'21"	16°47'42"	44	2
Snagi II	NE80019	65°48'39"	16°47'20"	44	2
	NE80025			45	
	NE80031			45	
Eldá	0210	65°39'24"	16°53'00"	51	1, 2
Hverarönd	0220	65°38'15"	16°48'34"	51	1, 2
Námafjall S	0230	65°37'33"	16°49'19"	51	1, 2
Hlíðarfjall	0240	65°39'53"	16°52'28"	52	2
Syðri Bjarghóll	0250	65°40'54"	16°50'14"	52	2
Hreindýrahóll	0260	65°44'42"	16°44'21"	59	2
Sandmúli	NE84011A	65°45'52"	16°44'35"	59	2

Vatnsmælingamerki (Mývatn)

Víkurnes	NE83017	65°37'01"	16°55'06"	56	1, 2
Höfði	NE83018	65°34'41"	16°57'06"	56	1
Garður	NE83019	65°33'16"	16°58'10"	56	1
Vagnbrekka	NE83020	65°36'51"	17°04'08"	57	1, 2

Nafn	Númer	Breidd	Lengd	Blaðsíða	Kort nr.
Grímsstaðir	NE83021	65°39'09"	16°58'13"	57	1, 2
Skútustaðir	NE83025	65°34'11"	17°00'54"	57	1
Grímsstaðir	NE88001	65°39'07"	16°58'18"	69	1, 2

Merki í Kelduverfi

GPS merki

Bangastaðir	NE9507	66°09'07"	16°59'16"	93	5
Þríhyrningur	NE9514	65°59'42"	16°59'54"	94	6
Garður	NE9516	66°04'48"	16°44'24"	94	5
Helguhóll	NE9517	66°02'44"	16°57'22"	95	6

Hallamælingastöðvar

Hóll	0100	66°02'53"	16°38'11"	23	4
Lón	0110	66°06'01"	16°54'11"	23	5

Merki vegna mælinga á Húsavíkurmisgengi

GPS merki

Skildingahólsveggur A	NE9406	65°56'43"	16°59'29"	87	6
Skildingahólsveggur B	NE9407	65°56'41"	16°59'39"	87	6
Skildingahólsveggur C	NE9408	65°55'59"	17°00'02"	88	6
Skildingahólsveggur D	NE9409	65°56'01"	16°59'40"	88	6
Rauðhóll	303	65°57'31"	16°58'25"	88	6
Sæluhúsmúli	320	65°57'40"	17°01'19"	89	6
Hellur	329	65°57'43"	17°02'25"	89	6
Höskuldsvatn	344	65°58'06"	17°08'56"	89	6, 7
Bláskógaheiði	352	65°57'45"	16°52'36"	89	3
Meyjarskarð	NE9410	66°00'28"	17°15'46"	90	6, 7
Kvíslarhóll	NE9505	66°06'09"	17°16'30"	92	8
Breiðavík	NE9506	66°11'18"	17°07'58"	92	8
Bangastaðir	NE9507	66°09'07"	16°59'16"	93	5
Húsavíkurfjall	NE9508	66°03'14"	17°18'22"	93	6, 7
Laugardalur	NE9509	66°03'05"	17°21'11"	93	7
Æðarfossar	NE9512	65°58'58"	17°24'39"	94	7
Randir	NE9513	65°41'12"	16°57'41"	94	2, 6
Þríhyrningur	NE9514	65°59'42"	16°59'54"	94	6
Kjalarhöfði	NE9515	65°55'28"	17°27'39"	94	7
Garður	NE9516	66°04'48"	16°44'24"	94	5
Helguhóll	NE9517	66°02'44"	16°57'22"	95	6
Bláuskriður	NE9518	66°01'50"	17°15'00"	95	6, 7
Nafn	Númer	Breidd	Lengd	Blaðsíða	Kort nr.

Hamrahlíð	NE9519	65°52'44"	17°03'56"	95	6
Flatey	NE9520	66°09'29"	17°51'00"	95	10
Ytra Höfðagil	NE9521	65°52'54"	17°58'37"	95	9
Sjónarhóll	NE9522	66°09'34"	17°15'11"	96	8

Hæðarmælingamerki

Rauðhóll	303	65°57'31"	16°58'25"	88	6
Sæluhúsmúli	320	65°57'40"	17°01'19"	89	6
Hellur	329	65°57'45"	17°02'25"	89	6

Hallamælingastöðvar

Höskuldsvatn	344	65°58'06"	17°08'56"	89	6, 7
Bláskógaheiði	352	65°57'45"	16°52'36"	89	3

Merki í Dyngjufjöllum og grennd

EDM merki

Mána fjöll	NE82001	65°03'38"	16°52'01"	52	15
Tanni	NE82002	65°04'49"	16°44'49"	53	14, 15
Jónsskarð	NE82003	65°04'37.92"	16°49'42.76"	53	15
Vatnsfell	NE82004			53	
Ólafsgígur	NE82005	65°02'32.62"	16°46'58.38"	53	15
Öskjuop	NE82006	65°03'48"	16°42'38"	53	14
Drekafjöll	NE82007	65°01'14"	16°40'03"	54	13, 14
	NE82008	65°02'23.92"	16°41'22.92"	54	13, 14
Vatnsfell	NE85010	65°00'36"	16°49'22"	61	15
Tröllatröð	NE85011	65°02'19"	16°52'30"	62	15

GPS merki

Jónsskarð	NE82003	65°04'37.92"	16°49'42.76"	53	15
Ólafsgígur	NE82005	65°02'32.62"	16°46'58.38"	53	15
	NE82008	65°02'23.92"	16°41'22.92"	54	13, 14
Vikraborgarplan	NE83001	65°04'05.82"	16°43'26.57"	54	14
Rauðskeggur	NE83008	65°04'05.58"	16°41'35.92"	55	13, 14
Dyngja	NE84011	65°03'22.84"	16°39'05.79"	59	13, 14
Vatnsfell	0413	65°00'49.42"	16°48'55.83"	70	15
Askja	404	65°03'36.06"	16°43'43.33"	72	14, 15
Lokatindur	RH9007	65°09'25.83"	16°49'09.96"	78	17
Urðarháls	NE90011	64°49'20"	17°08'32"	72	20
Höttur	NE90012	65°02'55.11"	16°31'27.05"	72	13
Stampur	NE90013	64°59'50.06"	16°48'31.89"	72	12
Nafn	Númer	Breidd	Lengd	Blaðsíða	Kort nr.

Hrímalda	NE90014	64°57'01.42"	16°55'26.49"	73	12
Móflöt	NE9039	64°59'02.25"	16°40'00.28"	75	11
Nautahnútur	NE9043	65°01'15.66"	16°33'50.88"	75	13, 14
Tanni	NE9060	65°04'52.50"	16°45'22.38"	77	15
Vikraborgir	422	65°04'05.24"	16°44'05.31"	83	14, 15
Dyngjufjalladalur	NE9309	65°04'38.88"	16°56'06.75"	84	15
Hrútur	NE9310	65°09'20.14"	16°40'32.68"	84	16
Svartadyngja	NE9316	65°07'12.68"	16°34'17.78"	85	13, 14
Roðgúll	NE9322	64°58'58.31"	16°52'10.34"	85	12
Dreki	NE9323	65°02'39.60"	16°35'22.86"	85	13, 14

Hæðarmælingamerki

Vikraborgarplan	NE83001	65°04'05.82"	16°43'26.57"	54	14
	NE83002	65°04'08"	16°43'18"	54	14
	NE83003	65°04'08"	16°42'58"	55	14
	NE83004	65°04'10"	16°42'45"	55	14
	NE83005	65°04'07"	16°42'30"	55	14
	NE83006	65°04'05"	16°42'12"	55	14
	NE83007	65°04'07"	16°41'53"	55	13, 14
Rauðskeggur	NE83008	65°04'05.58"	16°41'35.92"	55	13, 14
	NE83009	65°03'56"	16°41'08"	56	13, 14
	NE83010	65°03'53"	16°40'55"	56	13, 14
	NE84002	65°03'48"	16°40'46"	58	13, 14
	NE84003	65°03'42"	16°40'38"	58	13, 14
	NE84004	65°03'38"	16°40'31"	58	13, 14
	NE84005	65°03'32"	16°40'24"	58	13, 14
	NE84006	65°03'25"	16°40'20"	58	13, 14
	NE84007	65°03'21"	16°40'09"	58	13, 14
	NE84008	65°03'21"	16°39'54"	58	13, 14
	NE84009	65°03'21"	16°39'39"	59	13, 14
	NE84010	65°03'21"	16°39'25"	59	13, 14
	Dyngja	NE84011	65°03'22.84"	16°39'05.79"	59
NE87002		65°03'59"	16°41'16"	67	13, 14
NE87003		65°04'01"	16°41'26"	67	13, 14
NE87004		65°04'04"	16°41'32"	67	13, 14
NE87005		65°04'08"	16°41'43"	68	13, 14
NE87006		65°04'07"	16°41'54"	68	13, 14
NE87007		65°04'05"	16°42'14"	68	14
NE87008		65°04'08"	16°42'20"	68	14
NE87009		65°04'07"	16°43'08"	68	14
Askja		404	65°03'36.06"	16°43'43.33"	72
Vikraborgir	422	65°04'05.24"	16°44'05.31"	83	14, 15

Nafn	Númer	Breidd	Lengd	Blaðsíða	Kort nr.
------	-------	--------	-------	----------	----------

Hallamælingastöðvar

Mývetningahraun	0400	65°00'46"	16°48'26"	69	15
Vatnsfell	0410	65°00'49"	16°48'56"	70	15
Ólafsgígar	NE9028	65°02'33"	16°46'59"	74	15
Bátshraun	NE9036	65°02'39"	16°43'29"	75	14
Móflöt	NE9037	64°59'02"	16°40'00"	75	11
Nautahnútur	NE9043	65°01'16"	16°33'51"	75	13, 14
Stampur	NE9049	65°59'50"	16°48'32"	76	12
Jónsskarð	NE9054	65°04'30"	16°48'43"	76	15
Tanni	NE9060	65°04'53"	16°45'23"	77	15
Lokatindur	NE9123	65°09'26"	16°49'10"	78	17
Hrútur	NE9310	65°09'20"	16°40'33"	84	16
Svartadyngja	NE9316	65°07'13"	16°34'18"	85	13, 14

Hornamælingamerki

Rauðskeggur	NE84001	65°04'03"	16°41'50"	57	13, 14
Gámur	NE85019	65°03'13"	16°38'34"	64	13, 14

Sprungumælingamerki

Hvammsfjöll		65°18'20"	16°41'06"	70	19
Herðubreiðarfjöll		65°19'00"	16°20'48"	71	18

Vatnsmælingamerki (Öskjuvatn)

Suðurbotnar	NE85018	65°00'59"	16°43'25"	64	14
-------------	---------	-----------	-----------	----	----

Merki umhverfis Mýrdalsjökul og Eyjafjallajökul

EDM merki

Háalda	NE79001	63°47'59"	18°53'10"	37	23
Skiptingahaus	NE79002	63°47'59"	18°47'03"	37	22, 23
Mælifellssandur	NE79003	63°48'48"	18°59'03"	37	23
Tjaldgilsháls	NE79004	63°49'20"	18°54'44"	37	23
Tjaldgilsfít	NE79005	63°48'03"	18°41'41"	37	22, 23
Ljótastaðaheiði	NE79006	63°46'14"	18°40'06"	38	22, 23
Snæbýlisheiði	NE79007	63°43'58"	18°40'21"	38	22, 23

Nafn	Númer	Breidd	Lengd	Blaðsíða	Kort nr.
------	-------	--------	-------	----------	----------

GPS merki

Kötlucriki	726	63°37'35"	18°48'55"	70	22, 23
Sker	NE9201	63°33'11"	18°56'12"	79	21
Hríshóll	NE9202	63°27'38"	18°52'38"	79	21
Fimmvörðuháls	NE9203	63°36'24"	19°26'15"	79	25, 26
Álftagróf	NE9213	63°29'22"	19°10'38"	80	24
Sólheimaheiði	NE9214	63°32'54"	19°15'29"	80	24, 25
Sólheimar	NE9215	63°30'26"	19°18'19"	80	24
Höfðabrekkuheiði	704	63°30'31"	18°52'13"	81	21
Rjúpnafell	NE9303	63°37'08"	18°37'57"	81	22
Austmannsbunga	NE9304	63°40'27"	19°04'50"	82	25
Enta	NE9305	63°42'04"	19°10'56"	82	25
Kjalnatær	NE9306	63°36'58"	18°29'39"	82	22
Jökulkvísl	746	63°40'47"	18°46'56"	82	22, 23
Seljavellir	NE9404	63°33'45"	19°37'57"	87	26
Steinsholt	NE9405	63°40'37"	19°36'31"	87	26
Búland	NE9411	63°48'09"	18°33'34"	90	22
Þrætutangi	NE9527	63°49'14"	19°11'53"	96	27

Hallamælingastöðvar

Höfðabrekkuheiði	704	63°30'31"	18°52'13"	81	21
Kötlucriki	726	63°37'35"	18°48'55"	70	22, 23
Jökulkvísl	746	63°40'47"	18°46'56"	82	22, 23
Fimmvörðuháls	NE9203	63°36'24"	19°26'15"	79	25, 26
Dagmálafjall	NE9414	63°37'53"	19°49'29"	91	26

Merki á Torfajökulssvæði

Vatnsmælingamerki (Frostastaðavatn)

Dómadalshraun	NE8601	64°01'23"	19°04'38"	64	27
Frostastaðhraun	NE8602	64°01'43"	19°02'56"	65	27
Norðurnámur	NE8603	64°01'28"	19°02'52"	65	27
Námshraun	NE8604	64°00'38"	19°03'14"	65	27

Hallamælingastöðvar

Norðurnámshraun	NE8605	64°00'33"	19°02'26"	65	27
Dómadalshraun	NE8614	64°02'03"	19°07'50"	65	27
Hrafninnuhraun	NE8623	63°57'46"	19°13'07"	66	27
Hnausar	NE8633	64°04'27"	19°03'14"	66	27
Laufahraun	NE8643	63°54'14"	19°21'22"	66	27

Nafn	Númer	Breidd	Lengd	Blaðsíða	Kort nr.
------	-------	--------	-------	----------	----------

Merki við Heklu

EDM merki

Leynishóll	NE80042	63°56'35.03"	19°56'36.26"	46	31
Grashraun	NE80043	63°56'19"	19°59'00"	46	31
Selsundsalda	NE80044	63°56'58"	19°58'32"	46	31
Lækjarhnúkur	NE80045	63°54'50"	19°56'43"	46	30
Hestalda	NE80046	64°02'45.30"	19°31'12.39"	46	28
Skjaldbreið	NE80047	64°04'49.93"	19°35'57.06"	47	28
Valahnúkar		64°04'54"	19°30'33"	47	28
Botnafjall	NE80053	63°57'04.96"	19°45'56.25"	48	28
Suðurbjallar	NE80054	64°01'00.66"	19°45'47.04"	48	28
Norðurbjallar S	NE80055	64°02'00"	19°43'20"	48	28
Mundafell	NE80056	63°59'07.56"	19°32'51.45"	48	28
Norðurbjallar N	NE80058	64°02'58"	19°40'10"	49	28
Háahraun				49	
Höskuldsbjalli		63°56'44"	19°37'35"	49	28
Vatnafjöll		63°58'37"	19°44'21"	50	28
Norðuröxl - Rauðkemberingar		64°00'33.81"	19°35'48.88"	50	28
Litla Hekla		64°00'22"	19°40'56"	50	28

GPS merki

Leynishóll	NE80042	63°56'35.03"	19°56'36.26"	46	31
Hestalda	NE80046	64°02'45.30"	19°31'12.39"	46	28
Skjaldbreið	NE80047	64°04'49.93"	19°35'57.06"	47	28
Botnafjall	NE80053	63°57'04.96"	19°45'56.25"	48	28
Suðurbjallar	NE80054	64°01'00.66"	19°45'47.04"	48	28
Mundafell	NE80056	63°59'07.56"	19°32'51.45"	48	28
Norðurbjallar N	NE80058	64°02'58"	19°40'10"	49	28
Norðuröxl-Rauðkemberingar		64°00'33.81"	19°35'48.88"	50	28
Litla Hekla		64°00'22"	19°40'56"	50	28
Móhnúkar-Litla-Hekla H7		64°01'29.74"	19°41'28.37"	68	28
Hafurshorn	NE9112	64°00'41.87"	19°50'29.65"	78	28
Dropi	NE9307	63°54'50"	19°34'24"	83	28
Breiðaskarð	NE9308	63°56'28"	19°32'25"	83	28
Rauðkemberingar	NE9329	64°01'38"	19°35'28"	86	28
Hekla	NE9412	63°59'31"	19°40'02"	90	28

Hallamælingastöðvar

Móhnúkar-Litla-Hekla H1		64°01'30"	19°41'28"	68	28
Haukadalur	NE9066	63°57'34"	19°58'49"	77	31

Nafn	Númer	Breidd	Lengd	Blaðsíða	Kort nr.
Suðurbjallar	NE9101	64°01'18"	19°46'15"	77	28
Hafurshorn	NE9109	64°00'42"	19°50'29"	78	28
Rauðkemberingar	NE9324	64°01'38"	19°35'28"	86	28

Vatnsmælingamerki (Heklulækir)

Slýlækur	NE9528	63°56'48"	19°57'55"	97	31
Botnalækur	NE9529	63°56'32"	19°55'19"	97	31
Keldnalækur	NE9530	63°49'19"	20°04'11"	97	30
Næfurholtslækur	NE9531	63°58'57"	19°54'21"	97	29
Selvatn	NE9532	63°58'32"	19°54'49"	97	29

Þyngdarmælingamerki

Ísakot, stífla	NE9413	64°07'10"	19°44'15"	90	28
----------------	--------	-----------	-----------	----	----

Merki í Vestmannaeyjum

EDM merki

Stórhöfði	NE78001	63°24'02"	20°17'19"	35	32
Álfsey	NE78002	63°23'56"	20°22'19"	36	32
Súlnasker	NE78003	63°19'48"	20°23'49"	36	32
Þrídrangar	NE78004	63°29'21"	20°30'48"	36	32
Hellisey	NE78005	63°21'43"	20°21'42"	36	32
Surtsey	NE78006			36	
Bjarnarey	NE78007	63°26'49"	20°11'21"	36	32
Elliðaey	NE78008	63°28'11"	20°10'31"	37	32

Merki á Þingvalla- og Hengilssvæði

EDM merki

Nesjhraun	NE79050	64°07'21"	21°14'37"	40	34
Núpafjall A		64°00'08"	21°14'58"	41	33
Álútur	NE79075	64°02'41"	21°09'42"	41	33
Reykjafell	NE79076	64°00'57"	21°09'19"	42	33
Lambafellshnúkur	NE79079	64°01'35"	21°27'52"	42	33
Stóra-Reykjafell	NE79080	64°01'40"	21°23'27"	42	33
Skarðsmýrarfjall	NE79081	64°02'46"	21°21'08"	43	33
Lakakrókur	NE79082	64°00'22"	21°21'32"	43	33
Hverahlíð	NE79083	64°00'22"	21°21'10"	43	33
Litla-Skarðsmýrarfjall	NE79084	64°02'36"	21°17'43"	43	33
Nesjavellir A	NE79088	64°07'13"	21°13'40"	43	34
Nafn	Númer	Breidd	Lengd	Blaðsíða	Kort nr.
Ölfusvatnsfjöll	NE79089	64°07'24"	21°08'25"	43	34
Úlfjótsvatnsfell	NE79090	64°05'45"	21°03'46"	44	34
Skinnhúfuhöfði	NE79091	64°07'59"	21°02'11"	44	34
Almannagjá	5002	64°15'21"	21°07'43"	64	34

GPS merki

Draugatjörn	NE79037	64°03'00.34"	21°24'43.09"	40	33
Núpafjall A		64°00'08"	21°14'58"	41	33
Almannagjá	5002	64°15'21"	21°07'43"	64	34
Ljósafoss	NE9504	64°05'40.53"	21°01'02.27"	92	34
Stóra Björnsfell	NE9510	64°26'46.03"	20°43'42.45"	93	35
Lambahraun	NE9511	64°26'35.76"	20°23'04.38"	93	35
Sandklettur	OS-7331	64°05.11'	21°15.47'		
Katlatjarnir	OS-DU25	64°04.63'	21°10.18'		
Reykjakot	OS-DU07	64°01.08'	21°11.57'		
Klambragil	OS-DU18	64°02.88'	21°13.82'		

Hæðarmælingamerki

	NE9015	64°15'22"	21°07'24"	73	34
	NE9016	64°14'47"	21°03'14"	73	34
	NE9017	64°14'49"	21°03'41"	73	34
	NE9018	64°14'47"	21°04'23"	73	34
	NE9019	64°14'53"	21°05'24"	74	34
	NE9020	64°13'48"	21°01'26"	74	34

Hallamælingastöðvar

Draugatjörn	NE79021	64°03'00"	21°25'00"	40	33
Nesjavellir	NE79040	64°06'27"	21°15'28"	40	34
Nesjahraun	NE79049	64°07'21"	21°14'37"	40	34
Orustuhólshraun	NE79059	64°02'27"	21°20'25"	41	33
Draugatjörn	NE79074	64°02'57"	21°25'23"	41	33

Hornamælingamerki

	NE80037	64°03'00"	21°25'07"	45	33
	NE80038	64°02'28"	21°20'33"	45	33
	NE80039	64°02'29"	21°20'27"	45	33
	NE80040	64°06'33"	21°15'43"	45	34
	NE80041	64°07'04"	21°14'26"	45	34

Sprungumælingamerki

Almannagjá	NE900001	64°15'24"	21°07'40"	71	34
Hakið	NE9021	64°15'21"	21°07'36"	74	34

Nafn	Númer	Breidd	Lengd	Blaðsíða	Kort nr.
------	-------	--------	-------	----------	----------

Vatnsmælingamerki (Þingvallavatn)

Fjósagjá	NE85001	64°15'21"	21°07'12"	60	34
Vatnskot	NE85002	64°14'41"	21°05'28"	60	34
Vellankatla	NE85003	64°14'43"	21°02'45"	60	34
Mjóanes	NE85004	64°10'58"	21°05'31"	60	34
Ölfusvatnsvík	NE85005	64°08'28"	21°01'35"	61	34
Hagavík	NE85006			61	
Þorsteinsvík	NE85007			61	
Svínahlíð	NE85008	64°11'39"	21°13'20"	61	34
Skálabrekka	NE85009	64°13'39"	21°11'16"	61	34
Kárastaðanes	NE9027	64°14'29"	21°08'34"	74	34
Hagavík S	NE9402	64°07'37"	21°10'01"	86	34
Nesjar	NE9403	64°09'51"	21°12'55"	86	34
Hagavík N	NE9502	64°07'38"	21°09'57"	91	34

Merki í Borgarfirði

GPS merki

Breiðavatn	NE9525	64°40'58"	21°14'09"	96	38
Akranes	NE9526	64°19'13"	22°02'10"	96	36

Vatnsmælingamerki (Skorradalsvatn)

NE79008	64°31'06"	21°31'10"	38	37
NE79009			38	
NE79010			38	
NE79011	64°29'12"	21°19'42"	38	37
NE79012			39	
NE79013			39	
NE79014	64°31'01"	21°30'58"	39	37
NE79015	64°30'38"	21°23'52.3"	39	37
NE79016	64°29'47"	21°21'24"	39	37
NE79017	64°31'00"	21°30'58"	39	37
NE79019			40	
NE79020	64°30'38"	21°23'51.8"	40	37
NE80057	64°29'02"	21°19'08"	49	37
NE9302	64°32'25"	21°36'56"	81	37
NE9424	64°29'00"	21°19'04"	91	37
NE9501	64°32'24"	21°37'00"	91	37

Nafn	Númer	Breidd	Lengd	Blaðsíða	Kort nr.
------	-------	--------	-------	----------	----------

Merki á Reykjanesi

GPS merki

Lambatangi	NE85015	63°54'62"	22°00'74"	63	39
Hafravatn	NE9401	64°08'10"	21°40'41"	86	40
Leirvogstunga	NE9501A	64°11'00"	21°41'52"	91	40

Borgarplast	NE9502A	64°09'37"	22°00'19"	92	40
Þrúðvangur	NE9503	64°04'56"	21°57'10"	92	40

Vatnsmælingamerki (Kleifarvatn)

Vatnshlíð	NE85012	63°55'57"	21°56'57"	62	39
Lambhagatjörn	NE85013	63°56'50"	21°57'00"	62	39
	OS7215	63°54'29"	21°58'47"	63	39
Syðristapi	NE85014	63°55'37"	21°59'36"	63	39
Lambatangi	NE85015	63°54'62"	22°00'74"	63	39
Hvannahraun	NE85016	63°55'13"	21°57'18"	63	39
Geithöfði	NE85017	63°54'29"	21°58'47"	63	39

Merki í Vonarskarði og grend

GPS merki

Gæsahtjúkur	NE9701	64°47.05'	17°28.89'
Tindafell	NE9702	64°45.04'	17°38.01'
Hníflar	NE9703	64°43.22'	17°43.59'
Skerðingur	NE9704	64°36.72'	18°04.48'
Nefsteinn	NE9705	64°38.82'	17°42.75'
Sveðja	NE9706	64°30.95'	18°01.70'

Merki í Holtum

GPS merki

Skinnhúfa	NE9707
Hagaholt	NE9708

Merkjaskrá

Námaskarð A
Janúar 1976

Hallamælingastöð
Hnit: N65°38'54", V16°47'40"

Þetta er fyrsta hallamælingastöðin sem sett var niður vegna Kröfluelda og hafa fastmerkin í línunni engin númer. Fyrsta merkið, sem mælt er frá, er um 300 m norðan vegamóta þjóðveggar númer 1 og afleggjarans til Kröfluvirkjunar og um 30 m austan hans. Næstu tvö merki liggja samsíða veginum til suðurs í svipaðri fjarlægð frá honum og fyrsta merkið. Tæpir 50 m eru á milli þessara þriggja merkja. Fjórða merkið í línunni er vestan Kröfluvegar rúmum 70 m vestan þess þriðja og fimmta merkið er undir dálitlu rofabarði tæpum 50 m vestan fjórða merkis. Þetta eru kúptir koparskildir sem boraðir eru niður í gamalt slétt helluhraun og eru litlar vörður við hvern þeirra.

Hlíðardalur
0000 til 0006
Júlí 1976

Hallamælingastöð
(0000)
Hnit: N65°40'54", V16°46'50"

Stöðin er á hrauni frá 1728 í ofanverðum Hlíðardal um 500 m suðaustan Hvíthólaklifs og um 50 m norðaustan háspennulínu sem liggur til Austurlands frá Kröfluvirkjun. Aka skal Kröfluveg og stöðva bílinn við útskot á móts við rústir Skarðssels og er þá um 300 m gangur vestur að stöðinni. Fastmerkin eru kúptir koparskildir og liggja sex þeirra umhverfis sjöunda merkið (0000) með 25 m geisla út frá því. Þetta er eina hringstöðin á Kröflusvæðinu sem hefur sex mælingamerki í hringnum. Tvær litlar vörður eru við miðjumerkið en ein við hvert hinna. Fyrsta merkið (0001) er í suðri frá miðju. Þegar fyrstu hringstöðvarnar voru settar niður, var ekki komin sú regla að hafa fyrsta merkið sem næst norðri.

Leirhnjúkur
0010 til 0015
Júlí 1976

Hallamælingastöð
(0010)
Hnit: N65°43'09", V16°47'04"

Stöðin er á sléttu helluhrauni frá Mývatnseldum 1724-1729 um 200 m austan hlíðarfótar Leirhnjúks. Um 50 m norðan hennar er úfin hraunbrún frá Mývatnseldum. Aka skal upp á borholustæði norðvestan brekkubrúnar ofan við Leirbotna. Þaðan er gott að ganga eftir malarbornum slóða til hverasvæðisins við Leirhnjúk og liggur hann framhjá stöðinni, en þangað eru um 900 m frá borholustæðinu. Fastmerkin eru kúptir koparskildir, sem boraðir eru niður í slétt helluhraun, og liggja fimm þeirra umhverfis þann sjötta (0010) með 25 m geisla út frá honum. Tvær óverulegar vörður eru við miðjumerkið en ein utan við hvert hinna (vörður standa illa á þessum stað vegna ágangs ferðamanna). Fyrsta merkið (0011) er til norðurs frá miðju.

Mývatn N
0020 til 0025
Júlí 1976

Hallamælingastöð
GPS merki (0020) síðan 1993
Hnit: N65°39'15", V16°56'05"

Stöðin er á helluhraungúl í Eldhrauni sem brann 1729. Aka skal um 1500 m eftir Kísilveginum til norðvesturs frá Hótel Reyrihlíð og er stöðin þá tæpum 100 m norðaustan vegarins. Fastmerkin eru kúptir koparskildir og liggja fimm þeirra umhverfis þann sjötta (0020) með 25 m geisla út frá honum. Tvær vörður eru við miðjumerkið en ein utan við hvert hinna. Fyrsta merkið (0021) er í hávestri frá miðju. Miðmerkið (0020) er GPS-stöð síðan 1993.

Mývatn A

Hallamælingastöð

0030 til 0034

(0030)

Júlí 1976

Hnit: N65°38'24", V16°52'27"

Þetta eru númer á fastmerkjum í hallamælingalínu sem sett var niður rétt vestan Grjótagjár sunnan Þjóðegar nr. 1 á móts við afleggjarann upp að kísilþrónni við Kringlu. Merkin eru kúptir koparskildir, en þessi stöð hefur ekki verið mæld síðan í september 1977 vegna óregulegra breytinga milli merkja.

Jörundur

Hallamælingastöð

0040 til 0045

(0040)

Júlí 1976

Hnit: N65°40'43", V16°41'29"

Stöðin er á mjög sléttu, nokkuð grónu helluhrauni nær miðja vegu milli Jörundar og Sandabotnafjalls. Aka skal 2900 m austur eftir Þjóðvegi númer 1 frá vegamótum Kröfluvegar og halda þaðan til norðurs eftir gamalli ógreinilegri slóð er liggur að Hrafninnuhrygg. Fyrst er ekið 2100 m eftir gömlu slóðinni og er þá komið að háspennulínu sem liggur frá Kröfluvirkjun til Austurlands. Halda skal 300 m austur eftir línuveginum en sveigja þá til norðurs og aka eftir ógrónum mel um 400 m uns aftur er komið á gömlu slóðina. Síðan er ekið 500 m áður en komið er á gróna helluhraunið, sem liggur milli Jörundar og Sandabotnafjalls, og svo 1300 m eftir því að stöðinni. Alls eru eknir 4600 m frá Þjóðvegi að hallamælingastöðinni. Fastmerkin eru kúptir koparskildir og mynda fimm þeirra hring með 25 m geisla umhverfis þann sjötta. Fyrsta merki (0041) er í austri frá miðju. Tvær litlar vörður eru við miðjumerkið en ein nokkru stærri varða við hvert hinna, að jafnaði um 0.5 m fjær miðju hringsins en mælingamerkin.

Hóll

Hallamælingastöð

0100 til 0104

(0100)

Júlí 1976

Hnit: N66°02'53", V16°38'11"

Þetta er fimm fastmerkja hringstöð í grónum helluhraunsfláka á vesturbarmi Hólsgjár um 1000 m sunnan bæjarins Hóls í Kelduhverfi. Þegar ekið er austur Kelduhverfi, skal fara um 300 m austur fyrir Hól, en þar liggur gamli Þjóðvegurinn út af þeim nýja til suðurs og má aka hann alveg að vesturbarmi Hólsgjár. Stöðin er vestan gjárinnar innan við 100 m suður frá gamla veginum þar sem hann liggur yfir gjána. Merkin eru kúptir koparskildir, boraðir í sléttar hraunklappir sem standa lítið upp úr gróðrinum. Fjögur þeirra liggja umhverfis fimmta merkið (0100) og er geislinn frá því 27 m. Tvær litlar vörður eru við miðjumerkið en ein við hvert hinna. Fyrsta merki (0101) er í norðaustri frá miðju.

Lón

Hallamælingastöð

0110 til 0115

(0110)

Júlí 1976

Hnit: N66°06'01", V16°54'11"

Þessi hallamælingastöð er á sléttri helluhraunstotu um 300 m norðaustan bæjarins Lóns í Kelduhverfi. Skammt austan bæjarins er afleggjari norður að fiskeldisstöð við fjöruborðið. Aka skal hálfa leið að fiskeldishúsinu og stöðva þar á útskoti hjá gamalli borholu. Um 100 m vestan borholunnar rís kantur helluhraunstotunnar en uppi á henni er stöðin. Fastmerkin eru kúptir koparskildir og liggja fimm þeirra umhverfis þann sjötta (0110) með 25 m geisla út frá honum. Tvær litlar vörður eru við miðjumerkið en ein utan við hvert hinna. Fyrsta merki (0111) er til austurs frá miðju.

Ytri Sáta

EDM merki

A001

GPS merki síðan 1993

Febrúar 1977

Hnit: N65°42'43", V16°49'15"

Fastmerkið er á Ytri Sátu sem er móbergskollur um 1550 m suðvestan Leirhnjúks. Það er kambstálsbútur, boraður niður í móbergsklöpp sunnarlega á Ytri Sátu, og er um 1 m hátt kambstál borað í móbergið 1 m norðan merkisins. Lítil varða er hlaðin umhverfis kambstálið. Þessi staður er spegilstöð við fjarlægðarmælingar og GPS-stöð.

Hituhóll

A002

EDM merki

Febrúar 1977

Hnit: N65°43'02", V16°47'47"

Fastmerkið er á hraun- og gjallhól um 300 m suðvestan Leirhnjúks. Það er um 2 m langur kambstálsbútur, rekinn niður í gjallhaug efst á miðjum hólnum, og er lítil varða um 0.50 m sunnan merkisins. Þessi staður var geodimeterstöð til 1981 en spegilstöð eftir það. Þessi hóll er trúlega sá Hituhóll sem nefndur er í skýrslum um Mývatnselda (sjá Safn til sögu Íslands, IV. bindi).

Leirhnjúkur

EDM merki

A003

GPS merki síðan 1993

Hnit: N65°43'04", V16°47'22"

Fastmerkið er á Leirhnjúk. Það er koparbolti frá Orkustofnun, merktur 5590 og er boraður niður í móbergsklöpp sunnarlega á Leirhnjúk þar sem hæst ber. Móbergsklettur eru skammt vestan merkisins og varða ofan á þeim. Þessi staður var geodimeterstöð til 1979 en spegilstöð eftir það. Hann er einnig GPS-stöð.

A004

EDM merki

Febrúar 1977

GPS merki síðan 1993

Hnit: N65°43'18", V16°46'42"

Fastmerkið er á austurbrún úfins hrauns frá Mývatnseldum (1724 til 1729), rúma 680 m norðaustan Leirhnjúks. Það er kambstálsbútur, boraður niður í hraunfleka, og er tréstika rekin niður í sprungu við hliðina á 0.50 sm háu kambstáli um 1 m norðan merkis. Þessi staður er spegilstöð og GPS-stöð.

Víti

EDM merki

A005

GPS merki síðan 1993

Febrúar 1977

Hnit: N65°43'21", V16°45'28"

Fastmerkið er uppi á misgengi, 15 til 20 m austur af brúninni. Staðurinn er um 600 m norðvestan Vítis. Þetta er kambstálsbútur, boraður niður í slétta klöpp sem stendur lágt yfir umhverfið, og er lítil varða um 1 m norðan hans hlaðin utan um kambstál. Þessi staður er geodimeterstöð og GPS-stöð.

A006

EDM merki

Febrúar 1977

Hnit: N65°43'31", V16°44'00"

Fastmerkið er á hárrí misgengisbrún um 1200 m norðan Kröflufjalls. Það er kambstálsbútur, boraður niður í lítinn hraunkamb þar sem brúnina ber hæst, og er rúmlega 1 m hátt kambstál borað í kambinn um 1 m norðan merkisins. Þessi staður er spegilstöð. (Orkustofnun hefur notað þetta merki við landmælingar og nefnt það "KN")

Graddabunga

A007

EDM merki

Febrúar 1977

Hnit: N65°43'59", V16°43'25"

Fastmerkið er á suðvesturöxl Graddabungu í um 730 m hæð y.s. og um 2000 m norður af tind Kröflu. Þetta er kambstálsbútur, boraður niður í móbergsklöpp. Móbergssteinar eru á dreif umhverfis staðinn og er lítil varða hlaðin utan um kambstál 1 m norðan merkis. Þessi staður er spegilstöð.

A008 EDM merki
Febrúar 1977 Hnit: N65°44'14", V16°44'56"

Fastmerkið er á öðrum tveggja hraunkletta sem eru sunnan undir brattri brekku um 900 m suð-suðvestan Hreindýrahóls. Þetta er kambstálsbútur, boraður niður í nyrðri klettinn, en merkistikunni var komið fyrir á þeim syðri og stendur 1 m hátt kambstálið þar enn (1995). Klettarnir rísa um 2 m yfir umhverfið. Þessi staður er spegilstöð.

A009 EDM merki
GPS merki síðan 1993
Febrúar 1977 Hnit: N65°44'11", V16°45'44"

Fastmerkið er á lágri misgengisbrún, tæpa 1400 m suðvestan Hreindýrahóls, um 1250 m suðaustan Rauðkolls og um 650 m vestan klettanna tveggja þar sem A008 er. Þetta er 1.5 m langur kambstálsbútur, rekinn niður í gjallhaug um 5 m vestur af misgengisbrúninni og er lítil varða hlaðin umhverfis kambstál 1 m norðan merkis. Þessi staður er spegilstöð og GPS-stöð.

Rauðkollur
A010 EDM merki
Febrúar 1977

Fastmerkið var efst á Rauðkollu en hvarf undir nærliggjandi eldvarp í nóvember 1981.

A011 EDM merki
Febrúar 1977 Hnit: N65°44'29", V16°48'54"

Fastmerkið er á dálitlum hraunhól norðarlega í Mývatnseldahrauni (1924-1729), um 2000 m norðaustan Hvannstóðshöfða, tæplega 1400 m vestan Rauðkolls og um 2750 m norð-norðvestur af Leirhnjúk. Þetta er kambstálsbútur, boraður niður í hraunfleka vestan undir háhólnum, og er rúmlega 1 m hátt kambstál borað í klett 1 m norðan merkis í stefnu á norðausturhorn Gæsafjalla. Þessi staður er spegilstöð.

Hreindýrahóll EDM merki
A012 GPS merki síðan 1993
Febrúar 1977 Hnit: N65°44'37", V16°44'17"

Fastmerkið er efst á Hreindýrahól. Það er um 1.5 m langur kambstálsbútur, rekinn ofan í hákollinn vestanverðan, og er lítil varða norðan við merkið. Þessi staður er geodimeter- og GPS-stöð.

A013 EDM merki
Febrúar 1977 Hnit: N65°44'56", V16°44'59"

Fastmerkið er á öskjurímanum 750 m norðvestan Hreindýrahóls og 1770 m aust-norðaustan Rauðkolls. Það er kambstálsbútur, boraður niður í súra og glerkennda

klöpp, og er lítil varða hlaðin utan um kambstál 1 m norðan merkis. Staðurinn er umkringdur djúpum jarðföllum eða gjám. Þessi staður er spegilstöð.

A014 EDM merki
Febrúar 1977 Hnit: N65°45'07", V16°45'29"

Fastmerkið er á hraunkletti, tæpum 1200 m norðvestur af Hreindýrahóli og um 1600 m norðaustan Rauðkolls. Þetta er kambstálsbútur, boraður niður í klettinn miðjan, og er 0.50 m hátt kambstál borað í hann 1 m norðan merkis. Kletturinn er á norðvesturbrún mikils jarðfalls og stendur um 1 m yfir umhverfið. Þessi staður er spegilstöð.

A015 EDM merki
Febrúar 1977 GPS merki síðan 1993
N65°45'26", V16°46'26"

Fastmerkið er á lágri misgengisbrún örskammt vestan gossprungunnar sem myndaðist í mars 1980. Það er rúmum 2200 m norðvestan Hreindýrahóls, um 2300 m suð-suðvestan Sandmúla og um 1730 m norð-norðaustur af Rauðkolli. Þetta er um 1.5 m langur kambstálsbútur, rekinn ofan í gjall- og móbergsorpna misgengisbrúnina, og er lítil varða 1 m norðan hans, hlaðin utan um 1 m hátt kambstál. Þessi staður er spegilstöð og GPS-stöð.

A016 EDM merki
Febrúar 1977

Fastmerkið var úti í hraunflákanum frá Mývatnseldum (1724-1729) en hvarf undir hraun, sennilega í nóvember 1981.

A017 EDM merki
Febrúar 1977 Hnit: N65°45'55", V16°46'03"

Fastmerkið er á gömlum hraunhól um 2750 m norðvestan Hreindýrahóls og um 1570 m suð-suðvestan Sandmúla. Hóllinn er á vesturbrún djúprar gjár eða jarðfalls og er merkið kambstálsbútur, boraður niður í hraunklöpp efst á hólnum. Lítil varða er hlaðin utan um 1 m hátt kambstál 1 m norðan merkis. Þessi staður er spegilstöð.

A018 EDM merki
Febrúar 1977 Hnit: N65°45'50", V16°44'47"

Fastmerkið er á flötum gjallhól austur og upp af mjög háu misgengi um 1040 m suður af Sandmúla og um 2250 m norð-norðvestur af Hreindýrahóli. Það er um 1.5 m langur kambstálsbútur, rekinn ofan í hólinn þar sem hæst ber, og er lítil varða hlaðin utan um 0.50 m hátt kambstál 1 m norðan merkis. Þessi staður er spegilstöð.

A019 EDM merki
Febrúar 1977 GPS merki síðan 1993
Hnit: N65°45'48", V16°44'01"

Fastmerkið er á miklum gjall- og móbergsorpnum hól um 1040 m suð-suðaustan Sandmúla og tæpum 2200 m norðan Hreindýrahóls. Þetta er um 1.5 m langur

kambstálsbútur, rekinn ofan í hólinn þar sem hæst ber, og er lítið hlaðið grjótbyrgi skammt austan merkisins. Varða úr móbergssteinum er hlaðin utan um 1 m hátt kambstál 1 m norðan þess. Þessi staður er geodimeter- og GPS-stöð. Þýskir mælingamenn hafa sett niður annað fastmerki (koparskjöld með krossi) skammt sunnan A019.

A020 EDM merki
Febrúar 1977 Hnit: N65°45'23", V16°41'53"

Fastmerkið er á suðurenda misgengisbrúnar um 2620 m suðaustan Sandmúla og tæpum 2300 m norð-norðaustan Hreindýrahóls. Djúpt jarðfall er sunnan staðarins og mynda jarðfallið og misgengið þannig 90° horn suðvestan merkisins. Þetta er um 1 m langur kambstálsbútur, rekinn niður í gjallkennt hraun um 5 m austur af misgengisbrúninni, og er tréstika fest við kambstál 1 m norðan merkis sem stendur 0.15 m upp úr umhverfi sínu. Þessi staður er spegilstöð.

Hágöng EDM merki
A021 GPS merki síðan 1993
Febrúar 1977 Hnit: N65°45'14", V16°41'23"

Fastmerkið er á háum gjallhól um 3100 m suðaustan Sandmúla og 2500 m norðaustan Hreindýrahóls. Hóllinn er einn nokkurra hóla sem mynda hrygg suður af Hágangnahala eftir sprungustefnu svæðisins. Þetta er um 1.5 m langur kambstálsbútur, rekinn ofan í hólinn þar sem hann er hæstur, og er lítil varða hlaðin utan um 0.50 m hátt kambstál 1 m norðan merkis. Þessi staður er spegilstöð og GPS-stöð.

A022 EDM merki
Febrúar 1977

Fastmerkið var á gömlum hraunhól skammt vestan gossprungunnar sem myndaðist í nóvember 1981, og hefur það þá sennilega farið undir hraun.

A023 EDM merki
Febrúar 1977 Hnit: N65°46'21", V16°45'20"

Fastmerkið er á móbergshæð um 750 m í vestur frá Sandmúla. Það er kambstálsbútur, boraður niður í lágan móbergskamb í slakka eða lægð á miðjum hólnum. Lítil varða er hlaðin utan um 1 m hátt kambstál 1 m norðan merkis. Þessi staður er spegilstöð.

Sandmúli EDM merki
A024 Hnit: N65°46'22", V16°44'21"
Mars 1993

Fastmerkið er á Sandmúla. Það er koparbolti, boraður niður í móbergsklöpp á hæsta og nyrsta kolli Sandmúla. Fram til 1992 var þarna koparbolti frá Orkustofnun merktur 5593 en við mælingu 1993 var hann horfinn. Var þá steypdur nýr koparbolti í holuna eftir þann fyrri. Um 1 m hátt kambstál var borað í stein rúmum 2 m sunnan merkisins. Þessi staður var notaður sem geodimeterstöð til 1983 en spegilstöð eftir það.

Hágangnadalur EDM merki
A025 GPS merki síðan 1993
Febrúar 1977 Hnit: N65°46'28", V16°42'38"

Fastmerkið er á litlum gjallbornum móbergshól í Hágangnadal, tæpum 1340 m austan Sandmúla og um 1650 m norðaustan hólsins þar sem A019 var sett niður. Þetta er kambstálsbútur, boraður niður í móbergsklöpp syðst á hólnum. Lítil varða er hlaðin utan um 1 m hátt kambstál 1 m norðan merkis. Þessi staður er spegilstöð og GPS-stöð en hefur einstaka sinnum verið notaður sem geodimeterstöð.

Hágangnahali

A026

EDM merki

Febrúar 1977

Hnit: N65°46'39", V16°41'23"

Fastmerkið er á um 620 m háum og bröttum hnjúki norðarlega í Hágangnahala. Hnjúkurinn er um 2350 m aust-norðaustan Sandmúla og tæpa 2560 m norðaustan hólsins þar sem A019 var komið fyrir. Þetta er kambstálsbútur, boraður niður í móbergsbrún sem liggur vestur úr háhnjúknum og er 1 m hátt kambstál borað í móbergið tæpum 2 m norðan merkis. Þessi staður er spegilstöð.

A027

EDM merki

Febrúar 1977

Hnit: N65°46'50", V16°42'33"

Fastmerkið er á litlum mosagrónum hól, sem er austur og upp af brattri brekku (misgengi) um 1630 m norðaustan Sandmúla og 2200 m norð-norðaustan A019. Þetta er kambstálsbútur, boraður niður í móbergsklöpp sunnanvert á háhólnum, og er um 1 m hátt kambstál borað í klöppina 0.50 m norðan merkis. Þessi staður er spegilstöð.

A028

EDM merki

Febrúar 1977

Hnit: N65°47'00", V16°44'34"

Fastmerkið er á hraunhrygg eða hæð um 1180 m norðan Sandmúla. Það er kambstálsbútur, boraður niður í klöpp um 1 m austur af hvassri misgengisbrún sem sker hólinn. Um 1 m hátt kambstál er borað í klöpp 1 m norðan merkis. Þessi staður er spegilstöð.

A029

EDM merki

Febrúar 1977

Hnit: N65°46'54", V16°44'57"

Fastmerkið er á móbergshæð um 1100 m norð-norðvestur af Sandmúla. Það er kambstálsbútur, boraður niður í hólinn þar sem hæst ber, og er um 1 m hátt kambstál 1 m norðan merkis. Þessi staður er spegilstöð en hefur ekki verið notaður síðan 1980.

A030

EDM merki

GPS merki síðan 1993

Febrúar 1977

Hnit: N65°47'04", V16°46'46"

Fastmerkið er á gömlum hraunhól um 2290 m norðvestan Sandmúla og tæpum 3000 m suður af Snaga, sem er áberandi móbergshnjúkur sunnan Hituhóla. Hóllinn er klofinn af grunnu misgengi og er merkið kambstálsbútur, boraður niður í lítið hraunef sem gengur austur úr misgengisbrúninni á háhólnum. Merkið er aðeins nokkra sentimetra frá brúninni og er lítil varða 1 m norðan þess. Þessi gamli hraunhóll myndar óbrynnishólma í hraununum frá síðustu umbrotum (1980-1984). Þessi staður er geodimeter- og GPS-stöð.

A031

EDM merki

Febrúar 1977

Fastmerkið var í gömlu og tiltölulega sléttu hrauni vestur af hólnum þar sem A030 er og fór það undir hraun í september 1984.

A032 EDM merki
Febrúar 1977

Fastmerkið var í gömlu og úfnu hrauni milli misgengisbrúna norðvestan Sandmúla. Það hefur sennilega farið undir hraun í október 1980.

Éthólar
A033 EDM merki
Febrúar 1977 Hnit: N65°47'38", V16°47'18"

Fastmerkið er á sprungubarmi um 500 m norðvestan stærsta gígsins sem hlóðst upp í september 1984. Gígaröð (Éthólaborgir) liggur til norðurs frá stóra gígnum og er merkið 100 til 200 m vestan hennar. Um 200 m norðan merkisins er landamerkjagirðing sem skilur að afrétt Mývetninga og Keldhverfinga. Þetta er kambstálsbútur, boraður í hraunklöpp, og er lítil varða hlaðin utan um kambstál 1 m norðan merkis. Þessi staður er spegilstöð.

A034 EDM merki
Febrúar 1977 Hnit: N65°47'48", V16°48'22"

Fastmerkið er á lágri gamalli hraunhæð um 1500 m norðvestan stóra gígsins frá 1984 og um 100 m norðan landamerkjagirðingarinnar. Þetta er kambstálsbútur, boraður niður í hraunklöpp, og er tréstika fest við kambstál tæpum 1 m sunnan merkisins. Þessi staður er spegilstöð.

A035 EDM merki
GPS merki síðan 1993
Febrúar 1977 Hnit: N65°48'08", V16°47'22"

Fastmerkið er á hárrí misgengisbrún sem liggur frá Hituhólum suður að landamerkjagirðingunni milli afrétta Mývetninga og Keldhverfinga. Það er á brúninni þar sem hæst ber, um 1250 m suð-suðvestan Snaga og um 600 m norðan girðingarinnar. Þetta er kambstálsbútur, boraður niður í hraunklöpp nokkrum metrum vestur af brúninni, og er lítil varða hlaðin umhverfis kambstál 1 m norðan merkis. Þessi staður er geodimeter- og GPS-stöð.

A036 EDM merki
Febrúar 1977

Fastmerkið var í gömlu hrauni suður af Snaga en hvarf undir hraun í júlí 1980.

A037 EDM merki
GPS merki síðan 1993
Febrúar 1977 Hnit: N65°48'06", V16°44'33"

Fastmerkið er á gömlum hraunhól austur af áberandi misgengi um 1200 m suð-suðvestan Hrutafjallahala og um 1700 m suðaustan Snaga. Landamerkjagirðingin er 100 til 200 m norðan merkisins. Þetta er kambstálsbútur, boraður niður í hraunbrún

efst í hólnum, og er lítil varða skammt norðan hans. Þessi staður er geodimeter- og GPS-stöð.

Snagi
A038 EDM merki
Febrúar 1977 Hnit: N65°48'40", V16°46'23"

Fastmerkið er á Snaga, sem er áberandi hryggur úr ljósu móbergi um 700 m suðaustan Hituhóla. Það er kambstálsbútur, boraður niður í móbergsklöpp sunnarlega á hryggnum, og er lítil varða hlaðin um 0.50 m norðan merkis. Þessi staður er spegilstöð.

A039 EDM merki
Febrúar 1977

Fastmerkið er á óbrynnishólma í nýja hrauninu austur af Snaga. Þessi staður hefur aldrei verið mældur.

Hrútafjallahali
A040 EDM merki
Hnit: N65°48'41", V16°43'46"

Fastmerkið er á syðsta hólnum í Hrútafjallahala um 600 m norðan landamerkjagirðingarinnar milli afrétta Mývetninga og Keldhverfinga og um 1235 m norðaustan hraunhólsins þar sem A037 var sett niður. Þetta er 3/4" rörbútur (2 sm í þvermál) sem rekinn er ofan í miðjan hólinn þar sem hæst ber, og er lítil varða skammt vestan hans. Þegar mælitæki er sett upp á þessum stað, er miðað í miðjan rörendann. Ekki er vitað hver setti þennan rörbút niður né hvenær það var gert. Þessi staður er spegilstöð og geodimeterstöð eftir 1982.

A041 EDM merki
Febrúar 1977

Fastmerkið var á misgengisbrún miðja vegu milli Hrútafjalla og Hituhóla en hvarf undir hraun í júlí 1980. Þessi staður var aldrei mældur.

Hituhólar
A042 EDM merki
GPS merki síðan 1993
Febrúar 1977 Hnit: N65°49'42", V16°47'06"

Fastmerkið er efst á nyrsta kalli Hituhóla um 3000 m vestan Hrútafjalla. Það er kambstálsbútur, boraður niður í móbergsklöpp, og er lítil varða hlaðin utan um kambstál 1 m norðan merkis. Nokkrum metrum suðaustan merkisins eru miklir hamrar og eru um 30 m niður á jafnsléttu. Auðveldast er að ganga á kollinn vestan að. Þessi staður er spegilstöð og GPS-stöð en var geodimeterstöð til 1982.

A043 EDM merki
Febrúar 1977

Fastmerkið er í gömlu hrauni vestur af Hituhólum og hefur aldrei verið mælt á það.

Grjótagjá S
0050 til 0055 Hallamælingastöð
Maí 1977 (0050)
Hnit: N65°38'17", V16°53'19"

Stöðin er á nær algrónu og ósléttu helluhrauni með kyrkingslegu birkikjarri á vesturbarmi Grjótagjár um 100 m sunnan vegar frá Vogum. Best er að aka frá Vogum slóðina til austurs að Grjótagjá en síðan um 50 m til suðurs rétt vestan við hlið á gjárbarminum að gamalli efnistökgryfju. Þar þarf að klifra yfir girðingu til að komast að stöðinni sem liggur rétt sunnan hennar. Merkin eru kúptir koparskildir og liggja fimm þeirra umhverfis þann sjötta með 25 m geisla og er fyrsta merkið (0051) í hánorðri frá miðju hrings. Tvö merki (0054 og 0055) eru austan girðingar sem liggur frá suðri til norðurs eftir vesturbarmi Grjótagjár. Lítil varða er við hvert merki.

Grjótagjá N
0060 til 0065
Maí 1977

Hallamælingastöð
(0060)

Hnit: N65°37'37", V16°53'10"

Stöðin er á sléttu helluhrauni um 100 m vestan Grjótagjár og um 50 m sunnan girðingar er liggur til norðvesturs frá gamla karlabaðstaðnum í Grjótagjá. Hægt er að aka að stöðinni eftir slóð sem liggur til norðurs frá Vogaveginum rúmum 200 m vestan hliðs á barmi Grjótagjár og eru þaðan um 600 m að stöðinni. Slóðin liggur eftir sandorpnu helluhrauni en skammt vestan hennar er nokkuð hátt birkikjarr. Merkin eru kúptir koparskildir og liggja fimm þeirra umhverfis þann sjötta með 25 m geisla. Tvær litlar vörður eru við miðjumerkið en ein við hvert hinna, að jafnaði um 0.5 m utan hringsins sem mælingamerkin mynda. Fyrsta merkið (0061) er í norð-norðaustri frá miðju hringsins.

Reykjahlið
0070 til 0075
Maí 1977

Hallamælingastöð
(0070)

Hnit: N65°38'23", V16°54'10"

Stöðin er á grónu og sléttu helluhrauni rétt sunnan Þjóðvegur númer 1, um 400 m austan Stjórukjár og um 200 m vestan vegamóta Múlavegar. Merkin eru kúptir koparskildir og liggja fimm þeirra umhverfis þann sjötta með 25 m geisla út frá honum. Fyrsta merkið (0071) er í norðvestri frá miðju og litlar vörður eru við hvert merki.

Ytri Bjarghóll
0080 til 0085
Júní 1977

Hallamælingastöð
(0080)

Hnit: N65°42'34", V16°51'49"

Stöðin er á sléttu, lítt grónu helluhrauni um 100 m sunnan brekkuróta hryggjar er liggur til vesturs frá Ytri Bjarghól yfir að þykkri hraunbrún sem hefur norður-suður stefnu. Stöðin er ámóta langt austur af hliðarfæti fyrrnefndrar hraunbrúnar. Til að nálgast stöðina er best að aka Gæsafjallaslóðina sem hefst austan fugvallarins við Reykjahlíð (Upphaf Gæsafjallaslóðar var áður hjá íþróttavellinum í Reykjahlíð og svo norður Krossdal, en hún hefur verið aflögð vegna golfvallar sem þar er nú). Slóðin liggur fyrst til austurs norðan Sala (hæsta hólsins austan flugvallar), en sveigir svo til norðurs þegar komið er austur fyrir mikla misgengið þar sem Eldáin fossar fram af. Slóðin liggur yfir Eldána rétt austan fossbrúnarinnar og svo norður Reykjahlíðarheiði vestan Hliðarfjalls, upp brekkurnar sunnan Vatnahlíðar og svo áfram norður með henni að austan í dálítið dalverpi. Hún liggur svo upp úr því eftir austurbarmi djúps sprengigígs og eru tæpir 10 km að honum frá flugvellinum við Reykjahlíð. Um 400 m norðar er komið að austurhlíðum hæsta hnjúksins á svæðinu (592 m y.s.) en þar greinast slóðir og skal halda frekar ógreinilega slóð til austurs um 900 m að brekkubrúninni vestan Ytri Bjarghóls. Þaðan verður að ganga niður brekkurnar að stöðinni. Merkin eru kúptir koparskildir og liggja fimm þeirra í hring umhverfis sjötta

merkið (0080) með 25 m geisla. Tvær litlar vörður eru við miðmerkið en ein við hvert hinna og eru þær um 0.5 m utan hringsins sem mælingamerkin mynda. Fyrsta merkið (0081) er í norðaustri frá miðju.

Hvannstóð
0090 til 0095

Hallamælingastöð
(0090)

Júní 1977

Hnit: N65°43'30", V16°51'04"

Stöðin er á ósléttu og lítt grónu helluhrauni sem rann ofan í Hvannstóð í Mývatnseldum. Hún er um 50 m austan brekkunnar niður í Hvannstóð og álíka langt sunnan hraunsins sem rann þar niður 1981. Um 150 m eru frá hraunjaðri Mývatnseldahrauns norður að stöðinni. Best er að aka Gæsafjallaslóð, sem hefst við flugvöllinn hjá Reykjahlíð, og halda sem leið liggur norður Reykjahlíðarheiði vestan Hlíðarfjalls að djúpum sprengigíg en þangað eru tæpir 10 km. Um 400 m norðan hans er komið að austurhlíðum hæsta hnjúksins á svæðinu (592 m y.s.) en þar greinast slóðir. Aka skal 900 m til austurs frá hnjúknum eftir heldur ógreinilegri slóð og síðan um 1000 m til norðurs á vesturbrún dalverpis sem liggur norðvestan undir Ytri Bjarghól. Slóðin endar í stórþýfðum mó og þaðan eru um 600 m til norðausturs að stöðinni eða um 10 mín. gangur. Merkin eru kúptir koparskildir og liggja fimm þeirra með 25 m geisla umhverfis þann sjötta (0090). Tvær litlar vörður eru hlaðnar við miðmerkið en ein við hvert hinna, að jafnaði um 0.5 m fjær miðjumerki en mælingamerkið. Fyrsta merkið (0091) er í norðaustri frá miðju.

Hverfjall
0200 til 0205

Hallamælingastöð
(0200)

Júní 1977

Hnit: N65°36'08", V16°53'34"

Stöðin er á fremur sléttu og gróðurlitlu helluhrauni um 100 m suðvestur af brekkurótum Hverfjalls. Frá syðstu húsunum í Vogahverfi eru 1100 m að afleggjara frá þjóðveginum til austurs. Aka skal hann að bílastæði við girðingu vestan Hverfjalls og svo í gegnum hlið um 500 m til suðurs eftir slóð sem liggur að Lúdent, en hallamælingastöðin er um 100 m vestan þessarar slóðar. Merkin eru kúptir koparskildir sem mynda hring með 25 m geisla umhverfis þann sjötta (0200). Tvær litlar vörður eru við miðmerkið en ein við hvert hinna, að jafnaði um 0.5 m fjær miðjumerkinu en mælingamerkið. Fyrsta merkið (0201) er í norð-norðaustri frá miðju.

Víðidalshnjúkar
NE77001

EDM merki

Ágúst 1977

Hnit: N65°42'16", V16°55'16"

Merkið er á nyrsta kolli Víðidalshnjúka (584 m y.s.) á Reykjahlíðarheiði. Það er um 1900 m norðan Sauðagils og um 1500 m suðvestan Krókóttuvatna. Best er að nálgast staðinn með því að aka jeppaslóð sem liggur frá flugvellingnum við Reykjahlíð norður með Hlíðarfjalli að vestan og upp brekkurnar að suðurenda Vatnahlíðar. Þaðan má fara ógreinilega slóð til vesturs upp á suðurhorn Vatnshlíðar og svo eftir lítt grónum melum til norðvesturs að nyrsta Víðidalshnjúknum. Þessi óskýra slóð að merkinu er um 1500 m löng og aðeins fær eftir að frost er farið úr jörð. Merkið er kambstálsbútur sem rekinn er ofan í melinn, og er lítil varða hlaðin yfir. Þessi staður var notaður sem geodimeter- og spegilstöð við mælingar árin 1977 og 1981.

Sellönd
NE77002

EDM merki

Ágúst 1977

Hnit: N65°31'13", V17°02'37"

Merkið er á jökulöldu (425 m y.s.) um 500 m norðan hliða Sellandafjalls. Aka skal jeppaslóð, sem liggur til suðurs frá bænum Grænavatni í Mývatnssveit, þangað til komið er að vegamótum skammt norðan Sellandafjalls. Þar liggur slóð til austurs með norðurhlíð Sellandafjalls milli jökulaldna og á einni þessara aldna norðan slóðar er merkið. Þetta er kambstálsbútur rekinn ofan í melinn og er lítil varða hlaðin yfir hann. Þessi staður var geodimeter- og spegilstöð við mælingar sumarið 1977.

Stórahnjúkur

NE77003

EDM merki

Ágúst 1977

Hnit: N65°31'38", V16°46'18"

Merkið er á Stórahnjúki sem er 780 m hátt móbergsfjall milli Hvannfells og Heilagsdalsfjalls. Auðveldast er að nálgast hnjúkinn með því að aka veginn að vesturhlíðum Hverfjalls í Mývatnssveit. Þaðan má fara jeppaslóð sunnan Hverfjalls og austur fyrir Lúdentsborgir og svo áfram suður með Þrengslaborgum að Seljahjallagili, upp í norðurmynni Heilagsdals og stoppa áður en dalurinn þrengist til suðurs. Þaðan er um 2000 m að suðurenda Stórahnúks og er þar auðveld uppganga. Merkið er koparbolti, boraður niður í móberg efst á hnúknum, og er varða yfir. Þessi staður var geodimeter- og spegilstöð við mælingar sumarið 1977.

Bláfellshalar

NE77004

EDM merki

Ágúst 1977

Hnit: N65°24'04", V16°49'35"

Merkið er á 932 m háum móbergskolli í Bláfellshölum (á atlasblaði nr. 83 er hæðin 915 m). Um tvær leiðir er að velja þegar komast skal að merkinu. Annars vegar fyrrgreind slóð (NE77003) suður í Heilagsdal og þaðan suður með austurhlíðum Bláfjalls að stað þar sem slóðin liggur niður í þrengsli milli hrauns og hliðar Bláfjallshala. Þaðan skal ganga upp að merkinu og er það um 700 m löng leið. Merkið er koparbolti og er lítil varða hlaðin yfir hann. Hins vegar má aka jeppaslóðina suður frá Grænavatni að vegamótunum norðan Sellandafjalls. Þaðan skal fylgja slóðinni, sem liggur til austurs og allt að suðurenda Bláfjallshala, og fara eftir henni norður með þeim milli hrauns og hliða þangað til komið er að þeim stað þar sem farið er upp úr þrengslunum og ganga þaðan. Þetta merki var notað sem spegilstöð við mælingarnar sumarið 1977.

Klofi

NE77005

EDM merki

Apríl 1978

GPS merki síðan 1993

Hnit: N65°53'21", V16°42'24"

Merkið er á um 390 m háum hraunhól, sem mælingamenn hafa kallað Klofa vegna lögunar sinnar, en heitir Litla-Mófell á kortum. Hóllinn er um 2400 m norðan Mófells í norðanverðu Gjástykki og rúma 6000 m austur af hákolli Þeistareykjabungu. Hraunhóllinn er klofinn að endilöngu frá austri til vesturs og er merkið á norðurbrún gjárinnar fyrir miðjum hól. Það er koparbolti og er lítil varða um 1 m austur af merkinu. Staðurinn er notaður jöfnum höndum sem spegil- og geodimeterstöð og einnig sem GPS-stöð.

- Einbúi
NE77006
GPS merki síðan 1993
Mars 1978 Hnit: N65°49'10", V16°51'17"
Merkið er í sléttu hrauni um 200 m austur af suðurenda Einbúa sem er stakt fell um miðja vegu milli Gæsafjalla og Þórunnarfjalla. Hraunflötin með merkinu ber örlítið yfir umhverfið (um 440 m y.s.) og skefur oftast af henni snjó á vetrum. Merkið er koparbolti, boraður niður í reipóttan hraunfleka, og er lítil varða um 1 m norður af honum. Staðurinn er notaður jöfnum höndum sem spegil- og geodimeterstöð og sem GPS-stöð síðan 1993.
- Stórikriki
NE77007
Mars 1978 EDM merki
Merkið var á gömlum hraunhól í Stórakrika austan Gæsafjalla en fór undir hraun í september 1984.
- Gæsafjallahorn
NE77008
Mars 1978 EDM merki
GPS merki síðan 1993
Hnit: N65°47'36", V16°50'42"
Merkið er á gömlum hraunhól um 250 m austur af norðaustur horni Gæsafjalla. Mikið jarðfall er í hólnum skammt norðan merkisins, sem er koparbolti boraður niður í hraunfleka, og um 1 m norðan hans er lítil varða. Þetta er spegilstöð og geodimeterstöð og GPS-stöð.
- Mófell
NE77009
Apríl 1978 Hnit: N65°52'03", V16°41'31"
EDM merki
GPS merki síðan 1993
Merkið er á þverhníptri öxl sem gengur suðvestur úr Mófelli en það er tæplega 500 m hátt móbergfell. Það rís upp úr hraunsléttu norðvestan Grjótháls og um 3000 m norðan Hrutafjalla. Þetta er koparbolti, boraður niður í móbergsklöpp þar sem öxlina ber hæst, og er lítil varða um 1 m sunnan merkisins. Þessi staður er spegilstöð og GPS-stöð.
- Skuggaklettur
NE77010
Apríl 1978 EDM merki
Hnit: N65°55'26", V16°37'53"
Merkið er á Skuggakletti sem er nokkuð stór hraunhóll á sunnanverðri Ásheiði um 3000 m suðvestur af Vesturdal í þjóðgarðinum við Jökulsárgljúfur. Mælingar á Kröflunetinu hafa ofast verið framkvæmdar að vetri til og því notaðir vélsleðar við þá vinnu. Ef skyggni er gott, er auðveldast að leggja upp frá Klofa (Litla-Mófelli) og taka stefnu á Hafrafell í Axarfirði en vegalengdin frá Klofa að Skuggakletti er um 5.200 m. Merkið er koparbolti, boraður niður í hraunklöpp vestanhallt undir háhólnum, og er

varða um 1 m norðaustan hans. Þessi staður hefur eingöngu verið notaður sem spegilstöð.

Þeistareykjabunga
NE77011
Apríl 1978

EDM merki
GPS merki síðan 1993
Hnit: N65°53'43", V16°50'34"

Merkið er á Þeistareykjabungu um 3 m suðaustan stórrar landmælingavörðu. Það er um 1 m langur kambstálsbútur, rekinn ofan í gjallborinn kollinn, og er smágrjóti raðað í hring umhverfis merkið. Þessi staður er geodimeterstöð og GPS-stöð.

Hvannstöðshöfði
NE77012

EDM merki
GPS merki síðan 1993
Hnit: N65°43'41", V16°50'46"

Merkið er á Hvannstöðshöfða. Það er koparbolti frá Orkustofnun, boraður niður í móbergsklöpp syðst á höfðanum þar sem hæst ber, og er dálítill varða skammt vestan hans. Þessi staður er notaður sem geodimeterstöð og GPS-stöð.

Sandfell
NE77013
Maí 1979

EDM merki
GPS merki síðan 1993
Hnit: N65°52'12", V16°49'13"

Merkið er á Sandfelli sem er 523 m hátt fell suðaustan í Þeistareykjabungu og ber ekki hátt yfir umhverfi sitt. Það er um 1000 m suðaustan Stórávítis og um 2000 m norðaustan Þórunnarfjalla. Þetta er kambstálsbútur, rekinn ofan í hátopp fellsins, og er lítil varða skammt norðan hans. Þessi staður er geodimeterstöð og GPS-stöð.

Stórhöfði
NE78001
Maí 1978

EDM merki
Hnit: N63°24'02", V20°17'19"

Merkið er á Stórhöfða í Vestmannaeyjum. Það er koparbolti, boraður niður í slétta klöpp um 60 m norðvestur frá vitavarðarhúsinu í stefnu á vestasta drang Smáeyja og um 50 m suðvestur frá stóru útihúsi, en það hús er um 60 m í hánorður frá vitavarðarhúsinu. Hraunsteinn er við merkið um 0.50 m norðvestan þess. Þessi staður er annar tveggja sem notaður hefur verið sem geodimeterstöð við fjarlægðarmælingar í Vestmannaeyjum. Hinn er Heimaklettur, en þar er gamalt landmælingamerki sem er járnror steipt niður í hæsta hluta Heimakletts. Miðað er við miðju rörsins þegar stillt er upp mælitækjum.

Álfsey
NE78002
Maí 1978

EDM merki
Hnit: N63°23'56", V20°22'19"

Merkið er í Álfsey sem liggur vestur af Stórhöfða. Það er koparbolti, boraður niður í móbergsklöpp á hæsta hlutanum norðvestast á eyjunni. Þegar merkinu var komið fyrir í maí 1978, þurfti að fjarlægja töluvert af torfi og jarðvegi til að komast í klöpp. Þegar gengið var frá eftir mælingarnar, var tréstaup lagður yfir merkið en öðrum staup komið fyrir um 1.2 m norðan hans. Við mælingar í maí 1988 var rekið niður járn 1.5 m norðan merkisins og mælistika fest við það. Þessi staður er spegilstöð.

Súlnasker
NE78003
Maí 1978

EDM merki
Hnit: N63°19'48", V20°23'49"

Merkið er á Súlnaskeri sem er syðsta eyjan í klasa nokkurra skerja eða eyja suð-suðvestan Helliseyjar. Þetta er koparbolti, boraður niður í móbergsklöpp austast á eyjunni þar sem hæst ber um 2 m frá norðurbrúninni, og er lítil varða hlaðin yfir merkið. Þessi staður er spegilstöð.

Þrídrangar
NE78004
Maí 1978

EDM merki
Hnit: N63°29'21", V20°30'48"

Merkið er á þyrlupalli sem smíðaður var á hæsta drangi Þrídranga. Það er koparbolti, boraður niður í miðjan þyrlupallinn. Þessi staður er spegilstöð.

Hellisey
NE78005
Maí 1978

EDM merki
Hnit: N63°21'43", V20°21'42"

Merkið er í Hellisey sem liggur suðvestur af Stórhöfða. Það er koparbolti, boraður niður í móbergsklöpp á bjargbrún um 40 m frá austurhorni eyjarinnar undir Sámsnefi sem er hæsti hluti hennar. Gjá eða vik gengur inn úr bjarginu þar sem merkið er, en það er um 3.5 m frá enda gjárinnar og er varða við það. Staðurinn er spegilstöð.

Surtsey
NE78006
Maí 1978

EDM merki

Merkið var í Surtsey. Það var 1.5 m langur kambstálsbútur sem rekinn var ofan í malarkamb á hæsta hluta eyjarinnar norðvestur af Pálsbæ. Með tímanum hefur svæðið rofnað svo mikið að merkið er horfið.

Bjarnarey
NE78007
Maí 1978

EDM merki
Hnit: N63°26'49", V20°11'21"

Merkið er í Bjarnarey sem liggur austur af Ystakletti. Það er koparbolti, boraður niður í móberg á suðurhluta eyjarinnar um 20 m suðvestan þess staðar sem hæst ber. Merkið er í brekku, sem snýr á móti suðvestri, og er lítill gróinn hóll austur og upp af staðnum. Við mælingar í maí 1988 var kambstál rekið niður í jarðveginn 1.3 m suð-suðaustan merkisins og annað um 0.9 m norð-norðvestan hans. Þessi staður er spegilstöð.

Elliðaey
NE78008
Maí 1978

EDM merki
Hnit: N63°28'11", V20°10'31"

Merkið er í Elliðaey sem liggur norðaustan Ystakletts. Það er koparbolti, boraður niður í móbergsklöpp á norðurbrún eyjarinnar vestan við hæsta hluta hennar. Umhverfis húsið í Elliðaey er girðing og þegar staðið er á brúninni norðan hússins í beinni stefnu eftir vestari hluta girðingarinnar, skal ganga 45 skref til vesturs og er þá komið að merkinu. Það er svo tæpt á brúninni, að ekki er hægt að standa bjargmegin merkisins þegar búið er að stilla upp þrífæti. Þessi staður er spegilstöð.

Háalda

NE79001 EDM merki
Janúar 1979 Hnit: N63°47'59", V18°53'10"

Merkið er á vesturbarmi gamals gígs (667 m y.s.) sem heitir Háalda og er aldan um 2300 m austan Mælifells á Mælifellssandi. Þetta er 0.75 m langur kambstálsbútur, rekinn ofan í gígbarminn, og er lítil varða hlaðin yfir hann. Þessi staður er geodimeterstöð og var mælt þaðan í janúar 1979 en ekkert síðan.

Skiptingahaus
NE79002 EDM merki
Janúar 1979 Hnit: N63°47'59", V18°47'03"

Merkið er á Skiptingahaus (613 m y.s.), en það er endi á hrygg sem gengur norður úr Nyrðri-Kerlingarhnúk á Álftaversafrétti. Þetta er koparbolti, boraður niður í móbergsklöpp, og er lítil varða yfir honum. Þessi staður er spegilstöð og hefur aðeins verið mælt þangað í janúar 1979.

Mælifellssandur
NE79003 EDM merki
Janúar 1979 Hnit: N63°48'48", V18°59'03"

Merkið er á lágri móbergsöldu austarlega á Mælifellssandi um 2500 m norðvestan Mælifells og um 2500 m suðvestan hlíða Strúts. Þetta er koparbolti, boraður niður á móhellu á miðri öldunni, og er lítil varða yfir merkinu. Þessi staður er spegilstöð og hefur aðeins verið mælt þangað í janúar 1979.

Tjaldgilsháls
NE79004 EDM merki
Janúar 1979 Hnit: N63°49'20", V18°54'44"

Merkið er á Tjaldgilshálsi við vegamótin þar sem Fjallabaksvegur syðri skiptist, annars vegar upp á Fjallabaksveg nyrðri (nú aflögð slóð) og hins vegar suður á Snæbýlisheiði. Frá vegamótunum skal fara eftir aflögðu slóðinni um 250 m upp nokkuð bratta brekku. Merkið er koparbolti, efst á dálitlum hól hægra megin slóðarinnar. Þessi staður hefur aldrei verið mældur.

Tjaldgilsfít
NE79005 EDM merki
Janúar 1979 Hnit: N63°48'03", V18°41'41"

Merkið er á 463 m háum hnúk um 3000 m suðaustur af Tjaldgilshálsi og tæpum 1000 m austur af slóðinni, sem liggur suður til Snæbýlis þar sem hún fer upp úr Tjaldgilsfít suðaustan Tjaldgilsháls. Þetta er koparbolti en á hann hefur aldrei verið mælt.

Ljótastaðaheiði
NE79006 EDM merki
Janúar 1979 Hnit: N63°46'14", V18°40'06"

Merkið er á 444 m háum hnúk á Ljótastaðaheiði um 600 m suðaustan efstu draga Innridals og um 1000 m norðan Kattarhryggsár. Þetta er koparbolti en á hann hefur aldrei verið mælt.

Snæbýlisheiði
NE79007 EDM merki

Janúar 1979

Hnit: N63°43'58", V18°40'21"

Merkið er á Snæbýlisheiði á 375 m háum hól um 500 m suðaustan þess staðar þar sem vegarslóðin sveigir til austurs og niður af heiðinni. Þetta er koparbolti sem aldrei hefur verið mælt á.

NE79008

Vatnsmælingamerki

Júní 1982

Hnit: N64°31'06", V21°31'10"

Merkið er norðan í litlum tanga sem gengur út í Skorradalsvatn um 400 m austan eyðibýlisins Stóru-Drageyrar. Þetta er koparbolti sem boraður er lárétt inn í bergþil þverhnipt yfir vatnsborðinu. Þetta merki er vatnsmælingastaður og var þannig fyrir komið til að auðvelda mælingu vatnsyfirborðsins með málbandi.

NE79009

Vatnsmælingamerki

Júní 1982

Merkið var austan í litlum tanga sem gengur út í Skorradalsvatn um 600 m austan eyðibýlisins Stóru-Drageyrar. Það var koparbolti, notaður við mælingar á Skorradalsvatni, en var horfinn þegar mælt var í september 1983.

NE79010

Vatnsmælingamerki

Júní 1982

Merkið var á stíflugarði Andakílsárverkjunar við vesturenda Skorradalsvatns. Þetta var koparbolti, boraður lárétt inn í austurhlið garðsins. Staðurinn var notaður til mælinga á Skorradalsvatni en við stækkun stíflugarðsins sumarið 1993 eyðilagðist hann.

NE79011

Vatnsmælingamerki

Júní 1982

Hnit: N64°29'12", V21°19'42"

Merkið er á kletti við vatnsborð Skorradalsvatns um 600 m frá austurenda þess þar sem vegurinn liggur næst vatninu. Þaðan skal ganga um 300 m að sjö sambyggðum bátaskýlum og þaðan um 100 m að einu stöku skýli og er kletturinn um 110 m norðvestan þess við vatnsborðið. Þetta er koparbolti, boraður lárétt inn í klettinn yfir vatnsborðinu og notaður til vatnsmælinga. Við mælingar vorið 1993 var búið að ryðja stórum malarbingi að klettinum með mikilvirku tæki, svo vatnsborðið er nú um 10 m frá honum.

NE79012

Vatnsmælingamerki

Júní 1982

Merkið var í klappargangi sem gengur út í Skorradalsvatn um miðja vegu milli Markeyrar og Stekkjareyrar í Háafellslandi. Gangurinn liggur út í vatnið um 740 m austan rúlluhliðs milli landa Stálpastaða og Háafells og um 1480 m vestan eyðibæjarins Háafells. Þetta var koparbolti, boraður inn í klapparganginn þar sem hann gengur út í vatnið. Við vatnsmælingar vorið 1992 var þetta merki horfið.

NE79013

Vatnsmælingamerki

Sept. 1983

Merkið var steipt inn í farið eftir NE79009 en við mælingar sumarið 1984 var það einnig horfið.

- NE79014
Sept. 1983
Vatnsmælingamerki
Hnit: N64°31'01", V21°30'58"
Merkið er á sömu klöppum og NE79009 og NE79013 voru boraðir í. Þessar klappir eru á austurströnd lítills tanga um 600 m austan Stóru-Drageyrar sem nú er komin í eyði. Austan tangans myndast lítill vogur eða bugt og í botninum er sandfjara. Merkið er koparbolti, boraður lárétt inn í klappirnar um 3 m suður af klapparþili því sem NE79009 var boraður lárétt inn í. Staðurinn er notaður til vatnsmælinga á Skorradalsvatni.
- NE79015
Sept. 1983
Vatnsmælingamerki
Hnit: N64°30'38", V21°23'52.3"
Merkið er á klappargangi þeim sem NE79012 var sett í, um miðja vega milli Markeyrar og Stekkjareyrar í Háafellslandi. Þetta er koparbolti, boraður inn í bergganginn yfir vatnsborðinu um 2 m sunnan þess staðar í þilinu þar sem NE79012 var (sjá lýsingu), og er það einnig notað til mælinga á Skorradalsvatni.
- NE79016
Sept. 1983
Vatnsmælingamerki
Hnit: N64°29'47", V21°21'24"
Merkið er á stóru jarðföstu bjargi við vatnsborð Skorradalsvatns um 2400 m frá austurenda þess þar sem vegurinn liggur næst því. Bjargið er um 20 m austan lækjar er rennur undir sumarhús vestast í sumarhúsahverfi. Frá eyðibýlinu Háafelli eru tæpir 900 m austur að rúlluhliði við sumarhúsahverfið og þaðan 100 m að fyrrnefndum læk. Þetta er koparbolti, boraður inn í bjargið yfir vatnsborðinu, en við vatnsmælingarnar vorið 1993 var búið að moka miklum malarbingi að bjarginu með stórvirku tæki, svo nú eru um 5 m að vatnsborði.
- NE79017
Júní 1984
Vatnsmælingamerki
Hnit: N64°31'00", V21°30'58"
Merkið er á sömu klöppum og NE79014 en um 8 m suðvestur af því við enda klappanna. Þetta er koparbolti, boraður niður í slétta klöpp, og er staðurinn notaður til mælinga á Skorradalsvatni (sjá lýsingu NE79014).
- NE79018
Merkið er hvergi skráð og hefur því sennilega aldrei verið sett niður.
- NE79019
Júní 1984
Vatnsmælingamerki
Merkið var koparbolti, boraður ofan í stíflugarð Andakílsárvirkjunar en við stækkun garðsins eyðilagðist staðurinn.
- NE79020
Júní 1984
Vatnsmælingamerki
Hnit: N64°30'38", V21°23'58.8"
Merkið er á sama berggangi og NE79012 og 79015. Þetta er koparbolti, boraður niður í bergganginn um 4 m austan NE79015 og er notaður eins og hann við mælingar á Skorradalsvatni (sjá lýsingu NE79012).
- Draugatjörn
NE79021 til NE79039
Júlí 1979
Hallamælingastöð
GPS merki (NE79037) síðan 1991
Hnit: N64°03'00.34", V21°24'43.09"

Þessi númer eru á merkjum í hallamælingalínu við gamla Suðurlandsþjóðveginn um 1650 m vestan afleggjarans upp að skíðaskála Íþróttafélags Reykjavíkur (ÍR). Línan er kennd við Draugatjörn, en það er lítill pollur suðvestan undir hliðum Húsmúla. Línan liggur í vinkel og er annar armurinn meðfram þjóðveginum að norðanverðu í aðeins 5 til 10 m fjarlægð. Hinn armurinn liggur þvert út frá merki NE79027 til norðausturs. NE79021 er annað merkið í línunni, en það fyrsta hefur númerið NE79074. Síðustu tvö merkin í leggnum meðfram veginum, þ.e.a.s. merkin suðaustan NE79027, hafa númerin NE79038 og NE79039, en NE79027 til NE79037 eru númerin á norðaustur-suðvesturleggnum. Þetta eru koparboltar, boraðir í slétt gamalt hraun, og eru um 40 til 50 m á milli þeirra. Smá vörður eru við hvert merki. Nyrsta merkið (NE79037) á línunni er skammt suðaustan Draugatjarnar og er hægt að aka þangað eftir línuslóð. Það hefur verið notað sem GPS-stöð og er stór varða hlaðin við það.

Nesjavellir	Hallamælingastöð
NE79040 til NE79048	(NE79040)
Október 1979	Hnit: N64°06'27", V21°15'28"

Þetta eru merki í hallamælingalínu við Nesjavelli í Grafningi. Þau eru í beinni línu frá norðaustri til suðvesturs meðfram afleggjaranum að Nesjavallavirkjun, þ.e.a.s. þau sem enn eru til staðar. Vegna virkjunarframkvæmda á svæðinu hafa merki með númerunum NE79040, NE79041, NE79042, NE79043 og NE79044 eyðilagst, en suðurendi línunnar með merkjunum NE79045, NE79046, NE79047 og NE79048 voru enn til staðar í júlí 1990. Þetta eru koparboltar, boraðir niður í slétt, gamalt hraun, og eru um 50 m á milli bolta og er hver þeirra um 25 m vestan virkjunarvegar norðaustan stöðvarhússins.

Nesjahraun	Hallamælingastöð
NE79049 til NE79058	EDM merki (NE79050)
Október 1979	Hnit: N64°07'21", V21°14'37"

Þessi merki eru í hallamælingalínu meðfram Grafningsvegi syðst í Nesjahrauni. Vestasta merkið í línunni er númer NE79049 og er það um 50 m norðan vegarins og um 580 m vestan afleggjarans til Nesjavallavirkjunar, en austasta merkið með númer NE79058 er um 180 m vestan sömu vegamóta. Þetta eru koparboltar, boraðir niður í gróið en frekar úfið hraunið og eru 40 til 50 m milli þeirra. Smá vörður eru við hvert merki.

Orustuhólshraun	Hallamælingastöð
NE79059 til NE79073	(NE79059)
Júlí 1979	Hnit: N64°02'27", V21°20'25"

Þetta eru merki í hallamælingalínu í Orustuhólshrauni suður af Skarðsmýrarfjalli. Til að komast að línunni skal fara afleggjarann sem liggur inn í Hengladali en vegamótin eru um 1300 m norðan skíðaskálans í Hveradölum. Aka skal um 2900 m eftir slóðinni og er þá komið að Orustuhólshrauni þar sem það liggur næst hliðarfæti Skarðsmýrarfjalls. Dálítill flöt er þarna milli hrauns og hliðar og er merki númer NE79065 uppi á hraunbrúninni um 50 m frá vegarslóðinni. Þetta er miðjumerki í vinkilstöð sem liggur annars vegar til austurs og hins vegar til suðurs frá því. Austur-vesturleggur vinkilsins hefur númerin NE79059 til NE79065 en norður-suður-leggurinn númer frá NE79065 til NE79073. Þetta eru koparboltar, boraðir niður í

heldur úfið hraunið, og eru um 50 m milli flestra merkjanna. Litlar vörður eiga að vera við hvert merki.

Draugatjörn

NE79074

Júlí 1979

Hallamælingastöð

Hnit: N64°02'57", V21°25'23"

Merkið er vestast í hallamælingalínunni sem kennd er við Draugatjörn og lýst hefur verið áður undir merkingunni NE79021 til NE79039. Þegar þessi hallamælingastöð var merkt, var gert ráð fyrir að nota landmælingamerkið LM3180 sem merki í hallamælingastöðinni. Við fyrstu mælingu kom í ljós að gamla landmælingamerkið var ekki vel fast og var þá bætt við merkinu NE79074 rétt við gamla landmælingamerkið.

EDM merki

Núpafjall A

Júlí 1979

GPS merki síðan 1993

Hnit: N64°00'08", V21°14'58"

Merkið er á hæð upp af gamla þjóðveginum við Kambabrún og um 500 m norðan Núpafjalls. Aka skal slóð til suðurs af þjóðvegi númer 1 um 1200 m vestan útsýnisstaðarins við Kambabrún. Slóðin liggur niður á gamla þjóðveginn og halda skal hann í átt að Kambabrún þar til komið er að slóð sem liggur upp á fyrrnefnda hæð. Eftir henni skal aka þar til komið er vestur fyrir háhæðina og þá er um 40 m ganga til austurs upp á hana, en þar er steypur stöpull sem notaður var sem undirstaða fyrir loftnetsstöng. Fjórir járnboltar standa upp úr stöplinum og er einn þeirra með kjörnar (holu) í miðju. Þessi bolti er mælingamerkið. Um 30 m sunnan stöpsins er koparbolti, boraður í móberg, en hann er mælingamerki frá Orkustofnun með númer OS7143. Varða er hlaðin við OS merkið.

Álútur

NE79075

Júlí 1979

EDM merki

Hnit: N64°02'41", V21°09'42"

Merkið er á 417 m háum hnúk sem heitir Álútur, og er um 1000 m suð-suðaustur af hátoppi Klóarfjalls og um 750 m norðvestur af hákalli Selfjalls. Best er að nálgast staðinn með því að aka í gegnum Hveragerði að bænum Gufudal og ganga þaðan svokallaðan Klóarveg um 2500 m að rótum Klóarfjalls og þaðan upp hliðina á Álút. Merkið er koparbolti, boraður niður í lítið klapparholt sem þakið er hvítum skófum. Þessi staður er spegilstöð og hefur aðeins verið mældur einu sinni sumarið 1979.

Reykjafell

NE79076

Júlí 1979

EDM merki

Hnit: N64°00'57", V21°09'19"

Merkið er á Reykjafelli upp af Hveragerði og er heppilegast að ganga frá Garðyrkjuskóla ríkisins upp á svonefndan Lambhagahnúk þar sem merkið er í um 413 m hæð. Þetta er koparbolti, boraður niður í klapparholt á hnúknum, og er lítil varða norðan hans. Þessi staður er spegilstöð og hefur aðeins verið mælt þangað sumarið 1979.

Rauðhóll

NE79077

Ágúst 1979

EDM merki

GPS merki síðan 1993

Hnit: N65°42'32", V16°46'32"

Merkið er á Rauðhól en það er 540 m hár hnjúkur sem rís upp af Leirbotnum um 900 m norðan stöðvarhúss Kröfluvirkjunar. Þetta er koparbolti, boraður niður í móbergsklöpp um 50 m sunnanhallt við hæsta hluta hólsins. Þessi staður er geodimeterstöð og GPS-stöð.

Kröfluvirkjun
NE79078
Ágúst 1979

EDM merki
GPS merki síðan 1993
Hnit: N65°41'36", V16°46'46"

Merkið er á 480 m hárrí hæð um 500 m norðaustan Hvíthólaklifs og um 1000 m sunnan stöðvarhúss Kröfluvirkjunar. Sennilega er hæð þessi nyrsti hluti Hvíthóla, sem klifið er kennt við, en það örnefni finnst ekki á kortum. Hæðin er rifin af misgengi frá suðri til norðurs og er merkið á eystri brún þess. Þetta er koparbolti, boraður niður í hraunklöpp um 0.5 m frá brúninni norðanhallt við hæstu bungu hæðarinnar og er lítil varða sunnan við hann. Þessi staður er spegilstöð og GPS-stöð.

Lambafellshnúkur
NE79079
Ágúst 1979

EDM merki
Hnit: N64°01'35", V21°27'52"

Merkið er á Lambafellshnúk sem er 450 m hár hnjúkur við norðurenda Lambafells og skammt norðvestan Þrengslavegamóta á Suðurlandsvegi. Þetta er koparbolti, boraður í móbergssöxl sem liggur til aust-norðausturs frá hátoppnum um 30 m lægra en hann. Um 10 m norðan merkisins er annar minniháttar móbergstoppur. Varða er við merkið. Þessi staður er spegilstöð en aðeins hefur verið mælt þangað sumarið 1979.

Stóra-Reykjafell
NE79080
Júlí 1979

EDM merki
Hnit: N64°01'40", V21°23'27"

Merkið er á Stóra-Reykjafelli norðan skíðaskálans í Hveradölum. Það er koparbolti, boraður niður í móbergsklöpp norðanvert á hæsta hnúknum (512 m y.s.), og er varða hlaðin yfir merkið. Þessi staður var notaður sem spegilstöð og einnig sem geodimeterstöð sumarið 1979 en hefur ekki verið mældur síðan.

Skarðsmýrarfjall
NE79081
Júlí 1979

EDM merki
Hnit: N64°02'46", V21°21'08"

Merkið er á 570 m hárrí hæð á suðuröxl Skarðsmýrarfjalls um 1200 m suður af hæsta hluta þess. Þetta er koparbolti, boraður niður í móbergsklöpp um 20 m suðaustur af stórrí vörðu og er merkið í beinni stefnu á Surtsey sem sjá má í góðu skyggni. Lítil varða er við merkið. Þessi staður er geodimeterstöð en hefur ekki verið notaður síðan sumarið 1979.

Lakakrökur
NE79082
Ágúst 1979

EDM merki
Hnit: N64°00'22", V21°21'32"

Merkið er uppi á sléttu gömlu hrauni (408 m y.s.) við vesturenda Hverahlíðar um 2000 m norðvestan hlíða Skálafells á Hellisheiði. Lakakrökur er dalverpi sem myndar vik inn í þetta gamla hraun um 300 m sunnan merkisins. Það er koparbolti, boraður niður í hraunið, og er varða hlaðin yfir hann. Þessi staður er spegilstöð en ekki hefur verið mælt þangað síðan sumarið 1979.

Hverahlíð

NE79083

EDM merki

Ágúst 1979

Hnit: N64°00'22", V21°21'10"

Merkið er á litlum hól við vesturenda Hverahlíðar undir hraunsléttunni þar sem NE79082 var sett niður. Yfir merkið er hlaðin varða og í henni tréstika. Þessi staður hefur aldrei verið mældur.

Litla-Skarðsmýrarfjall

NE79084

EDM merki

Sept. 1979

Hnit: N64°02'36", V21°17'43"

Merkið er sunnan til á hæsta hluta Litla-Skarðsmýrarfjalls sem er við mynni Hengladala. Þetta er koparbolti, boraður niður í hraunklöpp og er merktur með lítilli vörðu. Þessi staður er spegilstöð og var seinast mælt þangað sumarið 1979.

NE79085 til NE79087

Þessi merki finnast hvergi skráð og hafa því sennilega aldrei verið sett niður.

Nesjavellir A

EDM merki

NE79088

Hnit: N64°07'13", V21°13'40"

Merkið er sunnan við Grafningsveginn um 180 m austan vegamótanna til Nesjavallavirkjunar, skammt suðvestan háspennustaurastæðu og um 15 m austan stórrar opinnar sprungu með norður-suður stefnu. Þetta er koparbolti, boraður niður í hraun, og er hann merktur með lítilli vörðu. Þessi staður er geodimeterstöð en ekki hefur verið mælt frá honum síðan sumarið 1979.

Ölfusvatnsfjöll

NE79089

EDM merki

Okt. 1979

Hnit: N64°07'24", V21°08'25"

Merkið er á sunnanverðum Ölfusvatnsfjöllum í 239 m hæð upp af suðaustur botni Hagavíkur í Þingvallavatni. Merkið er koparbolti, boraður niður í hraunklöpp á vesturbrún fjallanna upp af brattri brekku, um 5 m norðan við stóran stein. Lítil varða er yfir merkinu. Þessi staður var notaður jöfnum höndum sem spegilstöð og geodimeterstöð en hefur ekki verið mældur síðan sumarið 1979.

Úlfljótsvatnsfell

NE79090

EDM merki

(LM3217)

Hnit: N64°05'45", V21°03'46"

Þetta númer (NE79090) var notað við mælingarnar sumarið 1979, en það er á gömlu merki frá Landmælingum Íslands sem hefur númer LM3217. Merkið er á Úlfljótsvatnsfelli sem rís vestur og upp af Úlfljótsvatnsbæ í Grafningi.

Skinnhúfuhöfði

NE79091

EDM merki

(LM3224)

Hnit: N64°07'59", V21°02'11"

Þetta númer (NE79091) var notað við mælingarnar sumarið 1979, en það er á gömlu merki frá Landmælingum Íslands sem hefur númer LM3224. Merkið er efst á Skinnhúfuhöfða vestan inntaks Efrafallsvirkjunar við upptök Sogsins.

NE80001 til NE80006
Júlí 1980

Hallamælingastöð

Þetta voru merki í hringstöð sem sett var niður skammt sunnan afréttargirðingar hjá vestasta misgenginu í Gjástykki. Ekki náðist að mæla stöðina því hún fór undir hraun á sjötta degi júlígossins 1980.

NE80007 til NE80012
Júlí 1980

Hallamælingastöð

Þessi númer voru á merkjum í hringstöð sem ætluð var til hallamælinga á umbrotasvæðinu í Gjástykki. Stöðin var sett upp um 200 m norðan afréttargirðingar Kelduhverfinga og Mývetninga undir vestasta og hæsta misgenginu. Þessi stöð fór undir hraun í janúar 1981 og hafði aðeins auðnast að mæla hana tvisvar.

Snagi I
NE80013 til NE80018
Júlí 1980

Hallamælingastöð
(NE80013)

Hnit: N65°45'21", V16°47'42"

Þetta eru merki í hringlaga hallamælingastöð og er NE80013 miðjumerki. Stöðin er vestur af háu misgengi um 110 m sunnan Hituhóla og um 800 m suðvestan Snaga. Öll merkin eru koparboltar, boraðir niður í gamalt gróið hraun, og eru litlar vörður utan við hvert merki. Við miðjumerkið eru tvær vörður. Fyrsta merkið (NE80014) er til norðurs frá miðju og geislinn er 25 m.

Snagi II
NE80019 til NE80024
Júlí 1980

Hallamælingastöð
(NE80019)

Hnit: N65°48'39", V16°47'20"

Þessi merki eru í hringlaga hallamælingastöð og er NE80019 miðjumerki. Stöðin er undir háu misgengi um 600 m sunnan hlíða Hituhóla og um 500 m vestan Snaga. Mikill hæðar-munur er milli merkja sem öll eru koparboltar, boraðir niður í gamalt hraun, og eru litlar vörður utan við hvert merki. Tvær vörður eru hvor sínum megin við miðjumerkið. Fyrsta merkið (NE80020) er til norðurs frá miðju og geislinn er um 25 m.

NE80025 til NE80030
Júlí 1980

Hallamælingastöð

Þessi hringstöð var um 1000 m austur af Snaga en hvarf undir hraun í október 1980 og hafði tekist að mæla hana tvisvar fyrir þann atburð.

NE80031 til NE80036
Júlí 1980

Hallamælingastöð

Þessi hringstöð var um 1200 m suðaustan Snaga skammt norðan afréttargirðingar sem skilur að afrétti Keldhverfinga og Mývetninga. Tvisvar tókst að mæla stöðina áður en hún fór undir hraun í október 1980.

NE80037
Ágúst 1980

Hornamælingamerki

Hnit: N64°03'00", V21°25'07"

Merkið er við hallamælingalínuna sem kennd er við Draugatjörn suðvestan Húsmúla. Þetta er koparbolti, boraður niður í dálitla hraunhæð skammt norðan línunnar, þaðan sem sést til allra merkja, enda notaður til að staðsetja stöðina.

NE80038 Hornamælingamerki
Ágúst 1980 Hnit: N64°02'28", V21°20'33"

Merkið er við hallamælingalínuna í Orustuhólshrauni sunnan Skarðsmýrarfjalls. Þetta er koparbolti, boraður í klöpp um 60 m norðan vegarslóðar á móts við norður-suðurlegg línunnar. Merkið var notað til að staðsetja línuna.

NE80039 Hornamælingamerki
Ágúst 1980 Hnit: N64°02'29", V21°20'27"

Merkið er við hallamælingalínuna í Orusthólshrauni sunnan Skarðsmýrarfjalls. Það er koparbolti, boraður í klöpp um 100 m norðan slóðar á móts við endamerki austur-vesturleggjar línunnar. Merkið var notað við að staðsetja línuna.

NE80040 Hornamælingamerki
Ágúst 1980 Hnit: N64°06'33", V21°15'43"

Merkið er í hlíðarfætinum um 200 m vestur af stöðvarhúsi Nesjavallavirkjunar og um 240 m suðvestan heitavatnsleiðslunnar sem liggur til Reykjavíkur. Merkið er koparbolti sem var notaður til að staðsetja hallamælingalínurnar við Nesjavelli.

NE80041 Hornamælingamerki
Ágúst 1980 Hnit: N64°07'04", V21°14'26"

Merkið er um 50 m norðvestan vegarins, sem liggur til Nesjavallavirkjunar, og um 500 m suðvestan vegamótanna við Grafningsveginn. Merkið er koparbolti sem var notaður til að staðsetja hallamælingalínurnar við Nesjavelli.

Leynishóll EDM merki
NE80042 GPS merki síðan 1993
Ágúst 1980 Hnit: N63°56'35.03", V19°56'36.26"

Merkið er á Leynishól upp af svokölluðum Leyni að baki bæjarins í Selsundi. Það er koparbolti, boraður í hraunklöpp um 7 m sunnan garðs og girðingar og um 10 m vestan við hæsta klettinn á hraunbrúninni. Smávarða, um 30 sm há, er um 1 m norðaustur af merkinu. Þessi staður er geodimeter- og spegilstöð og einnig GPS-stöð.

Grashraun EDM merki
NE80043 Hnit: N63°56'19", V19°59'00"
Ágúst 1980

Merkið er í Grashrauni, en það er gamall, gróinn hraunfláki suðvestan Selsundslækjar á Rangárvöllum efri. Þetta er koparbolti, boraður niður í hraunklett um 350 m suðvestan brúarinnar yfir Selsundslækinn og um 400 m vestan vegarins sem liggur að eyðibýlinu Koti (Heklubrautin gamla). Hægt er að aka að merkinu eftir mjög ógreinilegri slóð frá suðurenda brúarinnar. Lítil varða er um 1 m norðan merkisins. Þessi staður er spegilstöð.

Selsundsalda EDM merki
NE80044 Hnit: N63°56'58", V19°58'32"
Ágúst 1980

Merkið er á Selsundsöldu sem er móbergshæð við vesturbrún Norðurhrauns, miðja vegu milli bæjanna Selsunds og Haukadals. Slóð liggur frá afleggjaranum að Selsundi, um 30 m vestan vegamóta að Koti og Gunnarsholti (Heklubraut) og liggur hún norður háölduna. Aka skal um 800 m eftir slóðinni og er merkið þá um 50 m í hávestur frá henni og um 100 m sunnan háspennulínunnar að Selsundi. Þetta er koparbolti, boraður niður í slétta móbergsklöpp, og er lítil varða um 0.3 m norðaustan hans. Þessi staður er geodimeterstöð og spegilstöð.

Lækjarhnúkur

NE80045

Ágúst 1980

EDM merki

Hnit: N63°54'50", V19°56'43"

Merkið er á Lækjarhnúk en það er móbergshóll í miðju skarði eða kvos sem myndast milli suðurenda Selsundsfallis og Fálkhamars. Ganga verður frá bænum Selsundi og er það rúmlega 3000 m langur göngutúr í hásuður þaðan. Merkið er koparbolti, boraður niður í móbergsklöpp efst á hnúknum, og er lítil varða um 1 m norðan hans. Þessi staður er spegilstöð.

Hestalda

NE80046

Ágúst 1980

EDM merki

GPS merki síðan 1993

Hnit: N64°02'45.30", V19°31'12.39"

Merkið er á nyrsta kolli Hestöldu (Hnakköldu á sumum kortum) sem er 867 m hár móbergshryggur um 3000 m sunnan Valahnúka við Landmannaleið. Ekki verður ekið að merkinu, en eftir að snjóa leysir má nálgast hann með því að fara slóð sem liggur til suðurs af Landmannaleið frá hliðum Valahnúka. Aka skal 2500 m eftir slóðinni að hliðum Hestöldu en þaðan er um tvær leiðir að velja. Annars vegar má fara slóð sem liggur norðaustur milli hrauns og hliða þangað til komið er norður og austur fyrir ölduna og svo suðvestur með austurhliðunum að suðurenda hennar. Þaðan er auðveld uppgangan á ölduna. Hins vegar má aka áfram til suðurs inn í svonefndar Skjólkvíar og þaðan upp bratta brekku til austurs sem lagfærð hefur verið með stórvirku tæki. Er upp á brekkubrún kemur, liggur slóð til norðausturs að suðurenda Hestöldu þar sem uppgangan er. Merkið er koparbolti, boraður í slétta móbergsklöpp, og er lítil varða við hann. Þessi staður er spegilstöð og GPS-stöð.

Skjaldbreið

NE80047

Ágúst 1980

EDM merki

GPS merki síðan 1993

Hnit: N64°04'49.93", V19°35'57.06"

Merkið er á Skjaldbreið sem er móbergshvoll í austanverðu Sölvahrauni nærri Fjallabaksvegi nyrðri (Landmannaleið). Aka skal um 7500 m frá vegamótum Landmannaleiðar og þjóðvegur númer 26 og er þá komið á móts við Skjaldbreið sem er um 200 m sunnan slóðar. Merkið er koparbolti, boraður niður í móbergsklöpp þar sem hvolinn ber hæst. Þessi staður er geodimeterstöð og GPS-stöð.

Valahnúkar

Ágúst 1980

EDM merki

Hnit: N64°04'54", V19°30'33"

Merkið er ómerktur kambstálsbútur sem rekinn var ofan í lítinn koll suðvestan undir Valahnúkum. Hann var notaður sem spegilstöð við mælingar sumarið 1980 en eftir að GPS-mælingar hófust 1993, kom í ljós að merkið var laust og því ekki nothæft. Koparbolta var komið fyrir nærri þessum stað 1993, merktur RH9312.

Syðri Bjarghóll EDM merki
NE80048 GPS merki síðan 1993
Febrúar 1981 Hnit: N65°41'11", V16°50'35"

Merkið er á Syðri Bjarghól sem er þverhniptur höfði, er gengur vestur úr hálendinu um 1500 m norðan Hlíðarfjalls. Þetta er koparbolti, boraður niður í klöpp norðaustanhallt í hólnum. Þessi staður er spegilstöð og GPS-stöð.

Ytri Bjarghóll EDM merki
NE80049 GPS merki síðan 1993
Febrúar 1981 Hnit: N65°42'36", V16°52'15"

Merkið er á litlum hól upp af miklu misgengi og um 500 m í hávestur frá Ytri Bjarghól, en það er 565 m hár höfði 1500 m sunnan Hvannstóðs og um 3000 m norðan Hlíðarfjalls. Eftir að snjóa leysir, má aka að þessu merki eftir jeppaslóð sem liggur frá flugvellinum við Reykjahlíð yfir Eldána og norður með Hlíðarfjalli að vestan, allt norður að Gæsafjöllum. Er kemur að litlum hnjúk austan Krókóttuvatna, skal aka til austurs um 400 m eftir ógreinilegri slóð að misgengisbrúninni og er þá komið að hólnum með merkinu. Þetta er koparbolti, boraður í klöpp efst á hólnum, og er lítil varða norðvestan hans. Þessi staður er spegilstöð og GPS-stöð.

Sandabotnafjall EDM merki
NE80050 Hnit: N65°41'48", V16°44'31"
Febrúar 1981

Merkið er á 400 m löngum hrygg efst á Sandabotnafjalli sunnan Kröflu. Það er koparbolti, boraður niður í móbergsklett á hryggnum miðjum, og er um 1 m há varða skammt norðan hans. Yfirborð klettsins er svo lítið að stilla verður þrífæti upp með lappirnar utan hans. Þessi staður hefur aðeins verið notaður sem spegilstöð.

NE80051 EDM merki
Febrúar 1981 Hnit: N65°41'37", V16°45'25"

Merkið er á vesturbrún Sandabotnafjalls um 800 m suðvestan hryggjarins sem NE80050 er á. Beggja vegna merkistæðisins eru hvílfir inn í fjallið og er sú nyrðri öllu meiri. Merkið er koparbolti, boraður niður í slétta jökulnúna klöpp, og er lítil varða skammt norðan hans. Þessi staður er einungis spegilstöð.

Dalfjall EDM merki
NE80052 GPS merki síðan 1993
Febrúar 1981 Hnit: N65°40'53", V16°47'39"

Merkið er á litlum móbergskambi norðanhallt undir nyrsta hnjúki Dalfjalls, um 800 m sunnan Hvíthólaklifs. Þetta er koparbolti, boraður niður í móbergskambinn, og er lítil varða rétt norðan hans. Þessi staður er geodimeterstöð og GPS-stöð.

Botnafjall EDM merki
NE80053 GPS merki síðan 1993
Maí 1981 Hnit: N63°57'04.96", V19°45'56.25"

Merkið er á Botnafjalli uppi á svonefndum Haus, en það er 687 m hár móbergshnúkur aust-norðaustan Selsunds. Best er að ganga frá bænum Selsundi norðaustur með Selsundsfjalli milli hrauns og hlíða. Eftir um 5000 m göngu er komið að brattri brekku vestan undir Botnafjalli og er þaðan góð uppganga á Hausinn þó nokkuð brött sé. Merkið er koparbolti, boraður í móbergsklöpp á austasta kalli hnúksins, og er lítil varða skammt norðaustan hans. Þessi staður er spegilstöð og GPS-stöð.

Suðurbjallar EDM merki
NE80054 GPS merki síðan 1993
Maí 1981 Hnit: N64°01'00.66", V19°45'47.04"

Merkið er á Suðurbjöllum, sem er syðsti hluti móbergshryggjar milli Næfurholtsfjalla og Litlu-Heklu. Aka skal slóð sem liggur upp bratta brekku skammt norðan Gamla-Næfurholts framhjá Hafurshorni og Glerhaus, en um 1500 m norðan hans er varða á brekkubrún. Frá vörðunni fer slóðin niður í leysingafarveg og eftir honum um 500 m til norðausturs, þar sem hún liggur upp úr farveginum, og svo áfram til suðausturs upp aflíðandi brekku í stefnu á Suðurbjalla. Merkið er koparbolti, boraður í móbergsklöpp í syðsta kollinum, og er lítil varða við hann. Þessi staður er geodimeterstöð og GPS-stöð.

Norðurbjallar S EDM merki
NE80055 GPS merki síðan 1993
Maí 1981 Hnit: N64°02'00", V19°43'20"

Merkið er á syðsta kolli Norðurbjalla (519 m y.s.) en á það hefur aldrei verið mælt. Best er að ganga að merkinu úr skarðinu milli Suðurbjalla og Norðurbjalla.

Mundafell EDM merki
NE80056 GPS merki síðan 1993
Maí 1981 Hnit: N63°59'07.56", V19°32'51.45"

Merkið er á Mundafelli, sem er 905 m hátt móbergshryggur um 5000 m austan Heklutinds og um 4000 m suðvestan Krakatinds. Um fjórar leiðir er að velja til að nálgast fjallið, tvær af Fjallabaksvegi nyrðri og tvær af Fjallabaksvegi syðri um Breiðaskarð, en hér verður aðeins getið þeirrar leiðar sem fljóttörnust er. Aka skal Fjallabaksveg nyrðri (Landmannaleið) austur og suður fyrir Sauðleysur. Um 700 m vestan vaðsins yfir Rauðufossakvísl, við ármót hennar og Helliskvíslar, skal fara slóð sem liggur til suðvesturs að rótum Rauðufossafjalla. Slóðin liggur svo upp og vestur yfir norðurhluta fjallanna allt að Krakatindi, en þangað eru um 7000 m frá vegamótunum sunnan Sauðleysa. Þaðan liggur slóðin til suðurs yfir á syðri Fjallabaksveg við Laufafell en þegar komið er að Sléttafelli, um 1500 m sunnan Krakatinds, skal víkja til suðvesturs af slóðinni og fara ógreinilega slóð undir norðvestur hlíðum Hrauka allt að Mundafellshálsi. Af hálsinum verður að ganga á fjallið og er merkið koparbolti, boraður í móbergshrauk efst á því miðju, og er varða við merkið. Þessi staður er geodimeterstöð og GPS-stöð.

NE80057 Vatnsmælingamerki
Júní 1984 Hnit: N64°29'02", V21°19'08"

Merkið er á stórum steini við austurenda Skorradalsvatns við miðju lítillar vikur þar sem akvegurinn liggur næst vatninu. Þetta er koparbolti, boraður niður í steininn miðjan og er notaður við mælingar á vatninu.

Norðurbjallar N EDM merki
NE 80058 GPS merki síðan 1993
Maí 1981 Hnit: N64°02'57.65", V19°40'10"

Merkið er á bröttum móbergshnúk (520 m y.s.) á norðanverðum Norðurbjöllum um 2000 m suðaustan Sauðafells. Hægt er að aka að staðnum frá Fjallabaksvegi nyrðri og er þá farin slóð, sem liggur til suðurs rétt áður en komið er að afréttargirðingunni

vestast í Sölvahrauni. Slóðin liggur suður að hlíðum Sauðafells við enda Skjólkvíahrauns og svo austur með því upp á austuröxl fellins. Þaðan liggur slóðin niður bratta brekku og suður með Grænavatni að vestanverðu. Sunnan vatnsins er girðing, sem leggja verður niður milli staura, og aka svo upp hlíðar Norðurbjalla um 1000 m suður fyrir girðinguna að rótum hnúksins, sem er það áberandi að ekki fer milli mála hvar merkið er. Þetta er koparbolti, boraður niður í móbergsklöpp efst á hnúknum, og er lítil varða norðan hans. Þessi staður er spegilstöð og GPS-stöð.

Háahraun
Maí 1981

EDM merki

Merkið var ómerktur kambstálsbútur, sem rekinn var ofan í gjallkennt hraun í um 920 m hæð suðaustur af Heklutindi. Hann fór undir hraun í Heklugosinu 1991.

Höskuldsbjalli
Maí 1981

EDM merki

Hnit: N63°56'44", V19°37'55"

Merkið er á miðjum Höskuldsbjalla, sem er stórt gjallgígsbrot í 860 m hæð um 1700 m suðvestan axlargígs Heklu frá árinu 1947 og um 3000 m austur af Rauðöldum. Ekki verður ekið að Höskuldsbjalla nema á snjó, en styst er að ganga frá Markhlíð sunnan Hafurshorns um úfin og torsótt hraun. Auðveldara er að fara frá Næfurholti um Selskarð, norðan Gráfells um Rauðöldur og Langöldu, þótt það sé drjúgum lengri leið. Merkið er um 1.5 m langur kambstálsbútur, rekinn ofan í gjallhólinn miðjan, og er lítil varða við merkið. Þessi staður er spegilstöð.

Vatnafjöll
Maí 1981

EDM merki

Hnit: N63°58'37", V19°44'21"

Merkið er á 922 m háum urðarkolli á norðvesturbrún Vatnafjalla innri um 4000 m suðvestan Breiðaskarðs og um 3500 m norðnorðaustan Mjóaskarðs, sem skilur að Vatnafjöll fremri og Vatnafjöll innri. Ekki er hægt að aka að staðnum, en komast má á bíl úr Breiðaskarði að hraunbrúninni frá 1991, þar sem hún kemur upp að Vatnafjöllum, og er þaðan aðeins um 1500 m upp að merkinu. Þetta er um 1.5 m langur kambstálsbútur, rekinn ofan í urðina þar sem kollinn ber hæst, og er varða við hann. Þessi staður hefur jöfnum höndum verið notaður sem geodimeterstöð og spegilstöð.

Norðuröxl - Rauðkemingar
Maí 1981

EDM merki

GPS merki síðan 1993

Hnit: N64°00'33.81", V19°35'48.88"

Merkið er á 940 m háum hrygg í beinu framhaldi af norðausturöxl Heklu. Er það var sett niður 1981, fékk það nafnið "Rauðkemingar", en eftir að GPS-mælingar hófust umhverfis Heklu 1993, hefur merkið kallast "Norðuröxl". Aka skal Skjólkvíaslóðina norðan frá Valahnúkum allt inn í Skjólkvíar og þaðan áfram upp rudda slóð, upp á mikla gjallborna sléttu. Þaðan er um 2000 m langur akstur til suðurs upp á hrygginn þar sem merkið er. Þetta er um 1.5 m langur kambstálsbútur, rekinn ofan í gjallhroðann á háhryggnum um 750 m frá hlíðarfæti norausturaxlar Heklu. Þessi staður er geodimeterstöð og GPS-stöð.

Litla-Hekla
Maí 1981

EDM merki

GPS merki síðan 1993

Hnit: N64°00'22.20", V19°40'56"

Merkið er á Litlu-Heklu um 50 m norðvestan teningslagaðs mannvirkis, sem smíðað er úr 1¼" galvaniseruðum vatnsrörum. Það er ætlað fyrir sendibúnað sjálfvirkra mælitækja. Vorið 1981 var grafið niður 6" steipt rör og koparskrúfa boruð niður í brún þess. Skrúfan var svo notuð sem landmælingapunktur, en er GPS-mælingar hófust 1993 var rörið brotið og því var 1.5 m langur kambstálsbútur rekinn ofan í gjallkennt yfirborðið 45.1 sm norðvestan skrúfunnar í steipta rörinu (stefna á Klakk sem er pýramídalagaður tindur á suðurbrún Langjökuls). Kambstálið stendur 21.9 sm lægra en koparskrúfan á steipta rörinu. Til að nálgast staðinn skal aka slóðina upp á Næfurholtsfjöllin hjá Gamla Næfurholti allt norður að afréttargirðingu við norðurenda Suðurbjalla (sjá lýsingu á H1 til H7). Halda skal í gegnum hlið á girðingunni um 250 m að þrengslum sem myndast milli Hrauntags og norðurhlíða Suðurbjalla. Slóðin liggur í gegnum þrengslin og upp úr þeim skammt norðan hraunbrúnar frá 1980 og svo austur með henni, þangað til komið er að stórssteinóttum flóðfarvegi frá Heklu. Er þangað kemur, er auðveldast að aka sem næst hraunkantinum frá 1980 upp að suðvesturenda Móhnúka (496 m y.s.) og svo áfram norðaustur með hliðum þeirra. Við norðausturendann tekur við sléttur sandur og skal aka til suðurs í átt að rótum Litlu-Heklu. Við hagstæð skilyrði er hægt að aka upp að merkinu eftir ógreinilegri slóð. Hún liggur upp á söðul er myndast milli norðurhlíða Litlu-Heklu og höfða sem gengur út úr hliðinni, og svo þaðan til suðurs upp á hásléttu Litlu-Heklu. Þessi staður er spegilstöð og GPS-stöð.

Eldá	Hallamælingastöð
0210 til 0215	(0210)
Október 1981	Hnit: N65°39'24", V16°53'00"

Þessi merki eru í hallamælingastöð á fremur sléttu helluhrauni í Eldá um 300 m austan við eina áberandi hraunfossinn í "ánni". Merkin eru koparboltar, boraðir í helluhraunið, merktir 0210 til 0215, og mynda fimm þeirra hring með 25 m geisla um sjötta merkið (0210). Tvær litlar vörður eru hlaðnar við miðmerkið en ein nokkru stærri varða, að jafnaði um 0.5 m, utan við hin merkin sem mynda hringinn. Fyrsta merkið (0211) er norðnorðvestur frá miðju. Úr þéttbýlinu við Reykjahlíð er um 2000 m gangur að stöðinni og er þá best að fara norður Krossdal meðfram golfvallargirðingu, sem er á brún misgengis þess er "Eldárfossinn" fellur fram af. Einnig má aka frá flugvellingnum við Reykjahlíð en þar er upphaf jeppaslóðar, sem liggur yfir Eldána, norður með Hlíðarfjalli að vestan allt norður að Gæsafjöllum. Þegar ekið hefur verið yfir Eldána, eru um 150 m langur gangur til austurs að stöðinni.

Hverarönd	Hallamælingastöð
0220 til 0225	(0220)
Október 1981	Hnit: N65°38'15", V16°48'34"

Þetta eru merki í hallamælingastöð, sem er á óvenju sléttu og nær gróðurlausu helluhrauni um 100 m austan brekkuróta Námafjalls undir Ytri-Námakollu. Merkin eru koparboltar, boraðir í hraunið og merktir 0220 til 0225. Liggja fimm þeirra með 25 m geisla umhverfis sjötta merkið (0220). Tvær litlar vörður eru hlaðnar við miðmerkið en ein nokkru stærri varða er við hvert hinna, að jafnaði um 0.5 m fjær miðmerkinu en mælingamerkin. Fyrsta merkið (0221) er norðaustur frá miðju. Aka má af bílastæði við Hverarönd eftir slóð til suðurs um 400 m og er þá komið að stöðinni sem er við suðurenda hverasvæðisins.

Námafjall S
0230 til 0235
Október 1981

Hallamælingastöð
(0230)
Hnit: N65°37'33", V16°49'19"

Þessi stöð er í lítt grónu og fremur ósléttu helluhrauni um 25 m austan brekkuróta Námafjalls á móts við Syðraskarð, þar sem vegarslóði liggur næst hliðarfæti fjallsins, og svo áfram suður með því í átt að Lúdent. Merkin eru koparboltar, boraðir niður í hraunið og merktir 0230 til 0235. Liggja fimm þeirra umhverfis sjötta merkið (0230) og er geisli hringsins 25 m. Tvær litlar vörður eru við miðmerkið en ein varða við hvert hinna merkjanna, að jafnaði um 0.5 m utan hringsins sem þau mynda. Fyrsta merkið (0231) er til norðurs frá miðju. Aka má frá bílastæðinu við Hverarönd og um 100 m sunnan þess skal fara slóð sem liggur austur í Búrfellshraun. Eftir nokkur hundruð metra er komið að hliði á girðingu og 50 m austan þess skal fara ógreinilega slóð til suðurs um 300 m þar sem hún sveigir aftur til vesturs hjá girðingarhorni. Halda skal með girðingunni að slóð, sem liggur suður með Námafjalli, en er nú aflögð vegna fyrrnefndrar girðingar. Aka skal rúma 1000 m suður slóðina eða þangað til hún liggur milli hrauns og hliðarfótar og er stöðin í hrauninu rétt austan slóðarinnar.

Hlíðarfjall
0240 til 0245
Október 1981

Hallamælingastöð
(0240)
Hnit: N65°39'53", V16°52'28"

Hallamælingastöðin er á fremur sléttum helluhraunsfláka vestast í Eldánni frá 1729 um 1000 m sunnan Hlíðarfjalls. Merkin eru koparboltar, boraðir í hraunið og merktir 0240 til 0245. Fimm þeirra eru á hringferli með 25 m geisla umhverfis sjötta merkið (0240) og eru tvær vörður hlaðnar við það en ein nokkru stærri um 0.5 m utan við hvert mælingamerki í hringnum. Fyrsta merkið (0241) er í norðri frá miðju. Aka skal um 3600 m eftir slóð sem hefst austan flugvallarins við Reykjahlíð og liggur norður fyrir Hlíðarfjall. Þaðan sem slóðin liggur yfir Eldána er um 1500 m að slakka milli tveggja hæða á brún misgengis þess sem slóðin liggur eftir. Ganga skal þaðan niður misgengið og svo um 150 m til suðausturs niður annað misgengi og er þá komið niður á hraunfláka þann í Eldánni þar sem stöðin var sett niður. Háspennulína frá Kröfluvirkjun liggur yfir Eldána um 200 m norðan stöðvarinnar.

Syðri Bjarghóll
0250 til 0255
Október 1981

Hallamælingastöð
(0250)
Hnit: N65°40'54", V16°50'14"

Hallamælingastöðin er á sléttu helluhrauni um 300 m suðaustan brekkuróta Syðri Bjarghóls og um 300 m norðvestan Langamels. Merkin eru koparboltar, boraðir í hraunfleka og merktir 0250 til 0255. Fimm þeirra liggja á hring með 25 m geisla umhverfis sjötta merkið (0250). Tvær litlar vörður eru hlaðnar við miðmerkið en ein öllu stærri varða er við hvert hinna merkjanna, að jafnaði um 0.5 m utan hringsins sem mælingamerkin mynda. Fyrsta merkið (0251) er í norðri frá miðju. Aka skal Gæsafjallaslóðina um 4600 m frá flugvellinum við Reykjahlíð og er þá komið að rótum Hlíðarfjalls. Þaðan má aka ógreinilega slóð til austurs með suðurhliðum fjallsins, þar til komið er á dálítinn hól vestan við Eldána þar sem hún sveigir til

suðurs. Þaðan skal ganga austur með brekkurótum Hlíðarfjalls og svo norður með því milli hrauns og hlíða. Eftir um 17 mínútna gang (um 1500 m) er komið að úfnum hraunkanti og þegar komið er upp á hann, skal taka stefnu á Leirhnjúk og ganga um 500 m (6 mínútur) yfir hraun með jarðföllum og er þá komið á slétta hraunflekann þar sem stöðin var sett niður.

Mánafjöll

NE82001

EDM merki

Ágúst 1982

Hnit: N65°03'38", V16°52'01"

Merkið er á lágum og veðruðum móbergskambi uppi á vesturbrún Öskju í Dyngju fjöllum, um 2000 m suðvestan Jónsskarðs. Þetta er koparbolti, boraður í móbergsklöppina um 15 m vestan aðalmisgengisbrúnarinnar sem myndar öskjuna, en um 600 m sunnan hans er brúnin hæst (1394 m y.s.) og er fallega skorin móti austri. Dálitlir móbergshólar eru norðan og sunnan staðarins og eru þeir ívið hærri en móklöppin þar sem merkið er. Lítil varða er um 1 m norðan merkisins og önnur öllu stærri er á misgengisbrúninni 10 m suðaustan þess. Styst er að ganga frá bílplaninu við Vikra-borgir norður yfir hraunið frá 1961 í Öskjuopi að rótum Tanna og svo þaðan vestur með hliðum öskjurimans í Jónsskarð. Úr skarðinu skal ganga upp á öskjubrúnina og halda eftir henni til suðvesturs um 2000 m og er þá komið að merkinu eftir röskan 2½ tíma gang frá Vikraborgum. Þessi staður er spegilstöð.

Tanni

NE82002

EDM merki

Ágúst 1982

Hnit: N65°04'49", V16°44'49"

Merkið er á Tanna, sem er móbergsfell á norðurbrún Öskju skammt norðan Öskjuops. Þetta er koparbolti, boraður niður í dílóttan basaltgang á efsta tind Tanna, en hann myndar hrygg þvert á öskjubrúnina. Merkið var sett niður 3 til 5 m frá vesturbrún hryggjarins rétt neðan og norðaustan hæstu eggjar hans, vegna þess hve efsti hluti gangsins er sprunginn. Varða er 0.7 m í 100 segulgráður frá merkinu. Þessi staður er spegilstöð.

Jónsskarð

EDM merki

NE 82003

GPS merki síðan 1993

Ágúst 1982

Hnit: N65°04'37.92", V16°49'42.76"

Merkið er á gjallbornum móbergshnúk upp af vestanverðu Jónsskarði. Gangi skal frá bílplani við Vikraborgir norður yfir hraunið frá 1961 í Öskjuopi og svo vestur með norðurhliðum Öskju að Jónsskarði. Þegar komið er vestur undir suðurmynni Jónsskarðs, blasa við í vestri tveir kúptir gjallkollar og er merkið í móbergshnúk sem liggur í slakka milli þeirra. Þetta er koparbolti, boraður niður í móbergið um 1 m austan og neðan við hæsta kollinn, en á honum er lítil varða. Önnur öllu stærri varða er um 2 m austan merkisins. Þessi staður er spegilstöð og GPS-stöð.

Vatnsfell

NE82004

EDM merki

Ágúst 1982

Merkið var á Vatnsfelli, en hafði í ógáti verið borað niður í lausan móbergsstein og því ónothæft. Nýtt merki var sett niður í ágúst 1985 (sjá lýsingu við NE85010).

Ólafsgígar

EDM merki

NE82005
Ágúst 1982

GPS merki síðan 1993
Hnit: N65°02'32.62", V16°46'58.38"

Merkið er nærri miðju Öskju við norðvesturhorn Öskjuvatns, um 500 m norðan Ólafsgíga sem er gígaröð við vatnsborðið undir misgengishömrnum. Þetta er koparbolti, boraður í helluhraunsfláka, sem er undanhlauð frá apalhraunbrún, og eru 10 m suður að merkinu frá brúninni. Ganga skal frá Vikraborgum suður undir Knebelsvörðu vestan Vítis og þaðan um 2.300 m vestur með hamrabrúnum Öskjuvatns. Er þá komið að fyrrnefndri apalhraunbrún sem er auðþekkt á því, að vikurinn frá Öskjugosinu 1875 er mjög þykkur og fínkorna við hraunbrúnina og hylur að mestu hraunið sem er þar undir. Ganga skal suðaustur með apalhraunbrúninni um 150 m eða þar til komið er að helluhraunsflákanum þar sem merkið er. Um 100 suðaustan merkisins er hamrabrúnin ofan Ólafsgíga. Við merkið eru tvær vörður og er það milli þeirra. Þessi staður er geodimeterstöð og GPS-stöð. Einnig er þetta austasta merkið í hallamælingastöð sem sett var upp í ágúst 1990.

Öskjuop
NE 82006
Ágúst 1982

EDM merki
Hnit: N65°03'48", V16°42'38"

Merkið er á móbergskolli um 900 m suðaustur af Vikraborgum á fjallsrana þeim, er myndar suðurhlið Öskjuops þar sem það er þrengst. Best er að ganga frá Vikraborgum upp á fjallsranann og þegar kemur upp á brúnina ofan borganna, á varðan við punktinn að sjást í suðaustri í um 200 m fjarlægð. Þetta er koparbolti, boraður í móbergsfleka, og er um 0.5 m há varða um 1 m norðan hans. Þessi staður er spegilstöð.

Drekafjöll
NE 82007
Ágúst 1982

EDM merki
Hnit: N65°01'14", V16°40'03"

Merkið er á móbergshnjúk í Drekafjöllum (austasta og hæsta hluta Dyngjufjalla) um 250 m austan misgengisbrúnarinnar upp af upptökum Kvíslarhrauns í Suðurbotnum suðaustan Öskjuvatns. Þetta er koparbolti, boraður niður í veðraðan móbergskoll sem rís upp og vestur af efstu drögum Drekagils, og er lítil varða um 1 m norðan hans. Annar litlu hærri móbergskollur er um 25 m norðan merkisins og slútir tröllslegt nef austur úr honum. Þægilegast er að ganga á þennan stað frá Dyngju, skála Norrænu eldfjallastöðvarinnar, sem stendur við mynni Dyngjudals austan Svarthöfða. Halda skal suður dalinn, upp tunguna sem klífur hann, og þegar komið er upp á flötina við efstu drög dalsins skal ganga um 2000 m í hásuður austan undir hæsta hnjúknum í Drekafjöllum (1428 m y.s.). Við þann hnjúk er stórnefjaði kollurinn orðinn gott kennileiti í hásuðri. Þessi staður er spegilstöð.

NE82008
Ágúst 1982

EDM merki
GPS merki síðan 1993
Hnit: N65°02'23.92", V16°41'22.92"

Merkið er á 1360 m háum móbergshnjúk, sem rís upp af nýja jarðhitasvæðinu suðaustan Bátshrauns. Þetta er koparbolti, boraður í móbergið efst á hnjúknum, og er lítil varða um 1 m norðan hans. Ganga skal frá Dyngju suður Dyngjudal, upp tunguna sem klífur hann, og þegar komið er upp á flötina við efstu drög gilsins, blasir hnjúkurinn við í hávestri í um 1000 m fjarlægð. Þessi staður er spegilstöð og GPS-stöð.

- Vikraborgaplan
NE83001
Júlí 1983
- Hæðarmælingamerki
GPS merki síðan 1992
Hnit: N65°04'05.82", V16°43'26.57"
- Merkið er í Vikraborgahrauni frá 1961, um 150 m norðan bílastæðisins við Vikraborgir og um 140 m norðvestan vegarins í Öskjuopi. Þetta er koparbolti, boraður í helluhraunfleka suðaustan við afar úfið apalhraun, og er lítil varða við hann. Þetta merki er það fyrsta í tíu merkja hallamælingalínu, sem sett var niður í Öskjuopi í júlí 1983 til viðbótar eldri línu, sem sett var niður umhverfis Vikraborgir í júlí 1966 og í ágúst 1968 (401 til 412 og 413 til 430). Staðurinn er einnig GPS-stöð. Hæð 1078.35 m y.s. Gulur hringur var málaður umhverfis merkið.
- NE83002
Júlí 1983
- Hæðarmælingamerki
Hnit: N65°04'08", V16°43'18"
- Merkið er í helluhraunfláka um 100 m austan við NE83001 og um 5 m norðan vegar. Þetta er koparbolti, boraður niður í hraunið, og er lítil varða við hann. Merkið er í hallamælingalínu í Öskjuopi (1075.38 m y.s.). Gulur hringur var málaður umhverfis merkið.
- NE83003
Júlí 1983
- Hæðarmælingamerki
Hnit: N65°04'08", V16°42'58"
- Merkið er í helluhraunhárum 350 m austan NE83001 og um 50 m sunnan vegarins. Þetta er koparbolti, boraður niður í hraunið, og er lítil varða við hann. Merkið er í hallamælingalínu í Öskjuopi (1066.74 m y.s.). Gulur hringur var málaður umhverfis merkið.
- NE83004
Júlí 1983
- Hæðarmælingamerki
Hnit: N65°04'10", V16°42'45"
- Merkið er í helluhraunfleka um 550 m austan NE83001 og um 5 m norðan vegar. Þetta er koparbolti, boraður niður í hraunið, og við hann er lítil varða. Merkið er í hallamælingalínu í Öskjuopi (1064.32 m y.s.). Gulur hringur var málaður umhverfis merkið.
- NE83005
Júlí 1983
- Hæðarmælingamerki
Hnit: N65°04'07", V16°42'30"
- Merkið er efst í helluhraunshæð um 750 m austan NE83001 og um 10 m sunnan vegarins. Þetta er koparbolti, boraður niður í hraungúl og við hann lítil varða. Við þennan stað tekur að halla verulega niður og austur úr Öskjuopi. Merkið er í hallamælingalínu í Öskjuopi (1061.54 m y.s.). Gulur hringur var málaður umhverfis merkið. Gulur hringur var málaður umhverfis merkið.
- NE83006
Júlí 1983
- Hæðarmælingamerki
Hnit: N65°04'05", V16°42'12"
- Merkið er á sléttum helluhraunfleka og liggur vegurinn yfir hann um 2 m sunnan merkis. Staðurinn er um 250 m austan NE83005 og um 300 m vestan Rauðskeggs. Þessi hraunfleki hefur stundum verið notaður sem stæði fyrir stórar rútur þegar ófært er sökum snjóá upp á Vikraborgarplan. Merkið er koparbolti, boraður í hraunflekann vestarlega á planinu norðan vegar. Þetta er merki í hallamælingalínu í Öskjuopi (1042.62 m y.s.). Gulur hringur var málaður umhverfis merkið en það týndist og var

þá sett niður nýtt merki nokkru vestar. Ekki hefur verið málað kringum það og engin er þar varða vegna ágangs langferðabíla.

NE83007 Hæðarmælingamerki
Júlí 1983 Hnit: N65°04'07", V16°41'53"

Merkið er um 10 m norðan vegar og um 50 m vestan Rauðskeggshornsins. Frá NE83005 eru um 500 m að merkinu sem er koparbolti, boraður niður í sléttan hraunstraum. Lítil varða er við merkið sem er í hallamælingalínu í Öskjuopi (1032.24 m y.s.). Gulur hringur var málaður umhverfis merkið.

Rauðskeggur Hæðarmælingamerki
NE83008 GPS merki síðan 1992
Júlí 1983 Hnit: N65°04'05.58", V16°41'35.92"

Merkið er um 725 m austan NE83005, um 200 m austnorðaustan Rauðskeggshornsins og um 10 m norðan vegar. Þetta er koparbolti, boraður niður í svolítið hvelfdan hrauntaum, og er lítil varða við hann. Merkið er í hallamælingalínu í Öskjuopi en hefur einnig verið notað sem GPS-stöð. Hæð 1020.25 m y.s. Gulur hringur var málaður umhverfis merkið.

NE83009 Hæðarmælingamerki
Júlí 1983 Hnit: N65°03'56", V16°41'08"

Merkið er um 450 m suðaustan NE83008 og um 40 m norðvestan útskots við beygju á veginum upp að Vikraborgum. Um 150 m vestan merkisins er stór gjallgígur við brekkuræturnar, sem hefur verið kallaður Gloppa vegna hraunboga sem myndar gat í gígvegginn. Þetta er koparbolti, boraður í helluhraunsfláka, og er lítil varða við hann. Merkið er í hallamælingalínu í Öskjuopi (999.72 m y.s.). Gulur hringur var málaður umhverfis merkið.

NE83010 Hæðarmælingamerki
Júlí 1983 Hnit: N65°03'53", V16°40'55"

Merkið er um 675 m suðaustan NE83008 á sléttum hraunfláka um 10 m sunnan vegar. Þetta er koparbolti, boraður í hraunið, og er lítil varða við hann. Merkið er á austurenda hallamælingalínunnar sem sett var niður í júlí 1983. Hæð 993.87 m y.s. Gulur hringur var málaður umhverfis merkið.

NE83011 til NE83016

Þessi merki finnast hvergi skráð og hafa því sennilega aldrei verið sett niður til mælinga.

Víkurnes Vatnsmælingamerki
NE83017 Hnit: N65°37'01", V16°55'06"
Júní 1984

Merkið er við Langavog í Mývatni skammt sunnan Víkurness í Vogahverfi. Um 300 m sunnan verkstæðishúss Hópferðabíla Jóns Árna Sigfússonar liggur lítill vogur Langivogur, inn í hraunkant Vogahrauns er gengur þarna út í vatnið. Merkið er koparbolti í grónu helluhrauni um 0.3 m yfir vatnsborði, um 1 m frá norðurströnd vogsins og 5 til 10 m vestan úfinnar hraunbrúnar Vogahrauns. Ræktað tún er á tanganum sem myndar norðurströnd vogsins. Fjarlægja varð jarðveg af helluhrauninu til að koma merkinu niður.

Höfði
NE83018
Júní 1984

Vatnsmælingamerki
Hnit: N65°34'41", V16°57'06"

Merkið er við norðanverða Kálfastrandarvoga í Mývatni um 200 m sunnan heimreiðar að Höfða og um 50 m suðvestan umferðarskiltis hjá beygju á þjóðveginum. Það er koparbolti, boraður í hraunklett í grónu úfnu hrauni um 0.8 m yfir vatnsborði. Sunnan undir klettinum er um 0.5 m breið og um 3 m löng skora sem gengur austur úr vatninu inn í hraunið.

Garður
NE83019
Júní 1984

Vatnsmælingamerki
Hnit: N65°33'16", V16°58'10"

Merkið er vestanvert í dálítilli vík, sem gengur suður úr Garðsvogi í Mývatni, og um 50 m norðan túngirðingar er liggur frá vestri til austurs sunnan víkurinnar. Það er koparbolti, boraður ofan á klett, sem rís um 1 m þverhnipt upp af vatnsborðinu, og er boltinn um 0.3 m frá brúninni. Annar koparbolti öllu sverari er innar á klettinum. Hann er frá Orkustofnun og er ekki notaður við vatnsmælingu Norrænu eldfjallastöðvarinnar.

Vagnbrekka
NE83020
Júní 1984

Vatnsmælingamerki
Hnit: N65°36'51", V17°04'08"

Merkið er við vatnsborð Mývatns um 400 m austan Vagnbrekku og um 600 m vestan Stekkjarness. Það er koparbolti, boraður í klett sem stendur um 0.5 m út í vatnið undir háum jarðvegsbakka. Merkið er um 0.3 m fyrir ofan vatnsborðið en á vetrum reynist stundum torvelt að finna það þegar skafll myndast frá bakkanum niður á ísilagt vatnið. Hnullungssteinn er á grónum vatnsbakkanum ofan við merkið.

Grímsstaðir
NE83021
Júní 1984

Vatnsmælingamerki
Hnit: N65°39'09", V16°58'13"

Merkið er við botn á lítilli vík suður af austasta húsinu í Grímsstaðatorfunni norðan Mývatns. Ganga skal þaðan suður túnið eftir ávölum hrygg sem endar við botn víkurinnar. Merkið er koparbolti, boraður í gróið helluhraun um 1.1 m yfir vatnsborðinu, og er staðurinn neðan við miðja brekku í framhaldi af hryggnum sem gengið var eftir. Fjarlægja þurfti jarðveg þegar merkið var sett niður. Flesta vetur er þessi staður ekki nothæfur vegna skafls sem liggur frá brekkubrún niður í vatn.

NE83022 til NE83024

Þessi merki hafa ekki verið sett niður.

Skútustaðir
NE83025
Ágúst 1984

Vatnsmælingamerki
Hnit: N65°34'11", V17°00'54"

Merkið er við suðurströnd Mývatns um 300 m austan Stakhólstjarnar í Skútustaðalandi. Til að nálgast staðinn er best að aka gamla þjóðveginn til norðurs frá samkomuhúsinu Skjólgarði. Frá hliði, sem lokar gamla veginum, skal aka rúma 500 m og er þá komið að útskoti hjá bugðu á veginum. Þaðan skal ganga norður yfir mýrarflóa upp á dálítinn hraunkamb sem skilur flóann frá vatninu. Merkið er koparbolti, boraður í

kambinn norðanverðan um 2 m frá vatni og um 1.2 m yfir vatnsborðinu. Hraunkamburinn er nærri algróinn og bratt upp af staðnum rís fugladritsbúfa um 0.5 m hærra en merkið.

Rauðskeggur

NE84001

Ágúst 1984

Hornamælingamerki

Hnit: N65°04'03", V16°41'50"

Merkið er uppi á Rauðskegg sunnan við Öskjuop í Dyngjuvfjöllum. Vegarslóðin upp að Vikraborgarplani liggur næst fjallgarðinum undir Rauðskegg og er auðvelt að ganga upp á hann að vestanverðu. Þetta er koparbolti, boraður í norðurbrún hraunkleprakápu sem liggur yfir Rauðskegg, og er boltinn í kápubrúninni þar sem hana ber hæst. Merkið var viðmiðunarstaður þegar hallamælingalínan í Öskjuopi var staðsett. Hæð 1081.41 m.y.s.

NE84002

Ágúst 1984

Hæðarmælingamerki

Hnit: N65°03'48", V16°40'46"

Þetta er fyrsta merki í hallamælingalínu sem sett var niður 1984 í framhaldi eldri línu austur úr Öskjuopi. Línunni var valinn staður í helluhraunsstraumi sem myndaðist seinast í gosinu 1961. Hraunstraumurinn liggur milli hliðanna sunnan Öskjuops og apalhraunsins þar sem vegarslóðin er mörkuð í. Merkið er um 180 m suðaustan NE83010 en ekki hefur verið mælt hversu langt suðvestan vegar það er. Merkið er koparbolti og lítil varða hlaðin við það. Hæð 987.50 m y.s. Gulur hringur var málaður umhverfis merkið.

NE84003

Ágúst 1984

Hæðarmælingamerki

Hnit: N65°03'42", V16°40'38"

Merkið er í helluhrauni frá 1961 um 190 m suðaustan hliðarfótar Klepragígs sem kallaður er Gíma. Þetta er koparbolti og lítil varða hlaðin við hann. Hæð 983.55 m y.s. Gulur hringur var málaður umhverfis merkið.

NE84004

Ágúst 1984

Hæðarmælingamerki

Hnit: N65°03'38", V16°40'31"

Merkið er á brekkubrún í helluhraunsá frá 1961 um 150 m suðaustan NE84003 og 50 til 100 m vestan bugðu á vegarslóðinni í Öskjuopi. Þetta er koparbolti og lítil varða hlaðin við hann. Hæð 977.54 m y.s. Gulur hringur var málaður umhverfis merkið.

NE84005

Ágúst 1984

Hæðarmælingamerki

Hnit: N65°03'32", V16°40'24"

Merkið er í heldur úfnu helluhrauni frá 1961 um 230 m suðaustan NE84004 og um 150 m austan hliðarfótar við sunnanvert Öskjuop. Þetta er koparbolti og lítil varða hlaðin við hann. Hæð 971.55 m y.s. Gulur hringur var málaður umhverfis merkið.

NE84006

Ágúst 1984

Hæðarmælingamerki

Hnit: N65°03'25", V16°40'20"

Merkið er skammt norðaustur af mynni lækjargils sunnan Öskjuops og um 200 m suðaustan NE84005. Gilið er um 800 m vestan Svarthöfða og er merkið við bugðu á læknum þar sem hann sveigist til suðausturs. Þetta er koparbolti í helluhrauni frá 1961

og lítil varða hlaðin við hann. Hæð 968.78 m y.s. Gulur hringur var málaður umhverfis merkið.

NE84007 Hæðarmælingamerki
Ágúst 1984 Hnit: N65°03'21", V16°40'09"

Merkið er á helluhrauni í lækjarfarvegi austan gilkaftsins, sem getið er í lýsingu á NE84006, um 200 m suðaustan NE84006 og um 100 m frá hlíðarfætinum suðvestan við hann. Þetta er koparbolti og lítil varða hlaðin við hann. Hæð 965.44 m y.s. Gulur hringur var málaður umhverfis merkið.

NE84008 Hæðarmælingamerki
Ágúst 1984 Hnit: N65°03'21", V16°39'54"

Merkið er á nokkuð úfinni helluhraunstungu frá 1961 sem rís töluvert yfir umhverfi sitt. Það er um 190 m austan NE84007 og 20 til 30 m inni á hrauntungunni frá suðurbrún hennar. Þetta er koparbolti og lítil varða hlaðin við hann. Hæð 960.68 m y.s. Gulur hringur var málaður umhverfis merkið.

NE84009 Hæðarmælingamerki
Ágúst 1984 Hnit: N65°03'21", V16°39'39"

Merkið er á helluhraunstungu frá 1961 um 200 m austan NE84008 og um 300 m í hánorður frá hlíðarfæti Svarthöfða. Þetta er koparbolti og lítil varða við hann. Hæð 958.38 m y.s. Gulur hringur var málaður umhverfis merkið.

NE84010 Hæðarmælingamerki
Ágúst 1984 Hnit: N65°03'21", V16°39'25"

Merkið er á helluhraunstungu frá 1961 um 190 m austan NE84009 og um 350 m norðnorðaustan hlíðarfótar Svarthöfða. Þetta er koparbolti og lítil varða hlaðin við hann. Hæð 952.65 m y.s. Gulur hringur var málaður umhverfis merkið.

Dyngja Hæðarmælingamerki
NE84011 GPS merki síðan 1987
Ágúst 1984 Hnit: N65°03'22.84", V16°39'05.79"

Merkið er á austurenda helluhraunstungu frá 1961 um 210 m austan NE84010 og um 220 m norður af Dyngju, skála Norrænu eldfjallastöðvarinnar við Öskjuop. Akfær slóð er frá skálanum norður að hrauntungunni. Þetta er endamerkið á hallamælingalínunni sem liggur austur úr Öskjuopi. Merkið er koparbolti, boraður í sléttan hraunfleka um 30 m vestan austurenda hrauntungunnar. Um 1 m há varða er við merkið. Þessi staður er einnig GPS-stöð. Gulur hringur var málaður umhverfis merkið.

Hreindýrahóll Hallamælingastöð
0260 til 0265 (0260)
Sept. 1984 Hnit: N65°44'42", V16°44'21"

Þessi hallamælingastöð liggur á sléttu nokkuð grónu helluhrauni um 150 m norðaustan hlíðarfótar Hreindýrahóls. Merkin eru koparboltar og merktir 0260 til 0265 og liggja fimm þeirra umhverfis þann sjötta (0260) með 25 m geisla. Tvær litlar vörður eru hlaðnar við miðmerkið en ein nokkru stærri við hvert hinna, og eru þær að jafnaði um 0.5 m utan hringsins sem merkin mynda. Fyrsta mælingamerkið (0261) er í norðri frá miðju. Aka má frá Kröfluvirkjun að Víti (2.2 km) og þaðan eftir slóð sem

liggur norður í Gjástykki. Eftir 5600 m akstur frá Kröfluvirkjun er komið norður að Hreindýrahóli og er stöðin hægra megin slóðar norðaustur af háhólnum.

Sandmúli
NE84011A til NE84019
Sept. 1984

Hallamælingastöð
(NE84011A)
Hnit: N65°45'52", V16°44'35"

Þetta eru númer á merkjum í stuttri hallamælingalínu sem er á misgengisbrún um 1000 m sunnan Sandmúla og um 2000 m norðan Hreindýrahóls. Fyrsta merkið (NE84011A) er nyrst á norður-suður legg línunnar rétt sunnan slóðar sem liggur að Sandmúla. Slóðin liggur fyrir norðan enda misgengisins í hlíðarfæti áberandi hæðar, en uppi á henni er GPS merki nr. A019. Merkin NE84011A til og með NE84014 liggja til suðurs á misgengisbrúninni en merki NE84015 til NE9419 liggja til austurs út frá NE84013. Þetta eru koparboltar og eru 40 til 50 m á milli þeirra en lítil varða við hvert merki. Þau mistök urðu við uppsetningu línunnar að fyrsta merki fékk sama númer og GPS merkið við Dyngju. Er það því hér merkt NE84011A. Aka skal frá Kröfluvirkjun veginn að Víti (2.2 km) og þaðan eftir slóð, er liggur fram hjá vindmyllu, sem þjónar þar borholuhallamæli 1.200 m norðan bílastæðis við Víti. Slóðin liggur til norðurs austan Hreindýrahóls og eru um 4.400 m að stöðinni frá borholuhallamælinum eða tæpir 8000 m frá Kröfluvirkjun.

Fjósagjá
NE85001
Janúar 1985

Vatnsmælingamerki
Hnit: N64°15'21", V21°07'12"

Merkið er við vatnsborð Þingvallavatns um 150 m austan brúarinnar yfir Öxará hjá Valhöll og um 15 m vestan Fjósagjár þar sem hún gengur út í vatnið. Þetta er koparbolti, boraður ofan í hraunklett um 0.75 m yfir vatnsborðinu og um 2 m frá því. Merkið er við austurströnd lítillar víkur og ef skyggst er ofan í vatnið vestur af því má sjá grjóthleðslu sem girðir af innsta hluta víkurinnar. Allur garðurinn er undir yfirborði vatnsins svo þarna hefur land sigið mikið eftir að hleðslan var hlaðin.

Vatnskot
NE 85002
Janúar 1985

Vatnsmælingamerki
Hnit: N64°14'41", V21°05'28"

Merkið er fyrir botni lítillar víkur um 30 m vestan tófta Vatnskots við norðanvert Þingvallavatn. Þetta er koparbolti, boraður í slétt helluhraun 2 til 3 m frá vatnsborði og um 0.60 m yfir því. Stöðva skal farartækið á bílastæði við enda vegarins að Vatnskoti og ganga að víkurbotninum eftir troðningi sem girtur hefur verið af með trévirki. Skammt austan merkisins er ryðgaður öxull sem stungið hefur verið niður í hraunið.

Vellankatla
NE85003
Janúar 1985

Vatnsmælingamerki
Hnit: N64°14'43", V21°02'45"

Merkið er við Vatnsvík hjá Vellankötlu í norðausturhorni Þingvallavatns. Stöðva skal farartæki á bílastæði austan vegar við gömlu reiðgötuna upp að Gjábakka (Kóngsgötuna frá 1907) og ganga þaðan niður að vatnsborðinu. Þetta er koparbolti, boraður í hraunbrík 2 til 3 m austan stærstu uppsprettanna (Vellankötlu) og um 0.70 m yfir vatnsborðinu. Annar koparbolti er eilítið ofar og austar en hann er mælingapunktur frá Orkustofnun.

Mjóanes
NE85004
Janúar 1985

Vatnsmælingamerki
Hnit: N64°10'58", V21°05'31"

Merkið er á sunnanverðu Mjóanesi sem gengur út í Þingvallavatn austanvert. Aka má frá bænum (eftir að leyfi frá ábúanda liggur fyrir) suður yfir túnið að litlum tanga sem myndar bugt á mótinu suðvestri og er merkið um 2 m frá vatnsborðinu og um 0.50 m yfir því. Þetta er koparbolti, boraður í slétt berg sem að miklu leyti er þakið mosa. Stórgrýtisurð er á tanganum um 2 m suðaustan merkisins og er lítil varða hlaðin rétt við það.

Ölfusvatnsvík
NE85005
Maí 1985

Vatnsmælingamerki
Hnit: N64°08'28", V21°01'35"

Merkið er við austanverða Ölfusvatnsvík um 800 m norðan Sogsins, þar sem það fellur úr Þingvallavatni. Vegurinn norður til Þingvalla liggur þarna um 30 m frá vatninu og rís um 3 m hátt klettabelti upp af vatnsborðinu. Þetta er koparbolti, boraður í klettastall undir hamrinum um 0.70 m yfir vatnsborði. Lítil varða er uppi á gróinni hamrabrúninni og er merkið niður af henni.

Hagavík
NE85006
Maí 1985

Vatnsmælingamerki

Merkið var fyrir miðjum Hagavíkurbotni en hvarf einhvern tíma á árinu 1986.

Þorsteinsvík
NE85007
Janúar 1985

Vatnsmælingamerki

Merkið var í vestanverðri Þorsteinsvík en merkisstæðið var eyðilagt með stórvirku tæki vegna einhverra framkvæmda sumarið 1993.

Svínahlíð
NE85008
Maí 1985

Vatnsmælingamerki
Hnit: N64°11'39", V21°13'20"

Merkið er um 1200 m sunnan Heiðarbæjar við vatnsborð Þingvallavatns, neðan Grafningsvegur undir Svínahlíð. Norðan Svínaness liggur Grafningsvegur niður undir vatnsborði en hækkar svo undir Svínahlíð þar til hann sveigir frá vatninu í átt að Heiðarbæ. Skammt sunnan og neðan þessarar beygju efst í Svínahlíðarbrekkunni er vegaskilti og verður að fara frá því niður skriðuborna brekku að vatninu. Stórgrýtt er við vatnsborðið og er merkið koparbolti, boraður ofan í stórgrýtisklöpp undir skriðurótum um 2 m frá vatnsborði og um 1.2 m ofan þess. Gömul vegastika er um 2 m ofan merkisins í stefnu á skiltið. Jarðvegur hrynur stundum yfir merkisstæðið og hefur merkið því ekki alltaf fundist.

Skálabrekka
NE85009
Maí 1985

Vatnsmælingamerki
Hnit: N64°13'39", V21°11'16"

Merkið er við vatnsborð Þingvallavatns á litlu nesi um 300 m austan Skálabrekku. Aka skal meðfram útihúsi frá Skálabrekku að járnhliði við sumarbústað sem stendur niður undir fyrrnefndu nesi. Ganga skal frá hliðinu fram hjá bústaðnum út á vestanvert nesið en það myndar bugt á móti vestri. Þetta er koparbolti, boraður í gamalt hraun um 0.5 m frá vatninu og um 0.5 m yfir vatnsborði. Stórgrýtisurð er á nesinu austan merkisins.

Vatnsfell

NE85010

Ágúst 1985

EDM merki

Hnit: N65°00'36", V16°49'22"

Merkið er á toppi Vatnsfells í Dyngjujökullum. Auðveldast er að nálgast fellið með því að aka slóð sem liggur upp í Suðurskarð að sunnanverðu. Fara skal frá Dreka, skála Ferðafélags Akureyrar, suður á milli Dyngjuvatns og Vaðöldu og svo áfram suður yfir sandorpið hraun sem fengið hefur nafnið Þorvaldshraun. Halda skal áfram vestur slóðina þar til kemur að vegamótum og hafa þá verið eknir um 27 km frá Dreka. Frá vegamótunum skal taka ógreinilegri slóðina, sem liggur til norðurs, og aka 4.8 km eftir henni að vörðu sem hlaðin er norðan vegar. Þarna er bugða á slóðinni til vesturs og til norðurs frá vörðunni liggur enn óleggri slóð yfir sandorpið hraun og svo upp nokkuð brattar undirhliðar Dyngjujökla. Eftir 5.8 km akstur frá vörðunni er komið á endastöð í Suðurskarði. Það eru því 10.6 km í Suðurskarð frá vegamótunum við Dyngjujökla-slóð. Hliðar Vatnsfells eru mosagrónar og er uppgangan á fjallið úr Suðurskarði auðveld. Merkið er koparbolti, boraður í móbergsklett vestan undir hátöppnum.

Tröllatröð

NE85011

Ágúst 1985

EDM merki

Hnit: N65°02'19", V16°52'30"

Merkið er á móbergshrygg uppi á vesturbrún Öskju skammt sunnan Tröllatraðar og um 4000 m í hávestur frá Ólafsgígnum við vestanvert Öskjuvatn. Til að nálgast staðinn er auðveldast að aka upp í Suðurskarð (sjá merkjalýsingu NE85010) og ganga þaðan. Er þá best að ganga norður úr skarðinu vestur með hliðum Vatnsfells og svo áfram milli hrauns og hliða misgengisbrúarinnar. Eftir um 3.800 m (tæplega klukkustundar gang) er komið að gjallgígum neðan undir misgenginu og vestur af þeim er vik inn í það sem endar í tveim giljum. Ganga skal upp nyrðra gilið og er móbergshryggurinn með merkinu í framhaldi af því. Þetta er koparbolti, boraður í veðraðan móbergshrygg, og er lítil varða um 1 m norðan hans. Hæð um 1360 m y.s.

Vatnshlíð

NE85012

Sept. 1985

Vatnsmælingamerki

Hnit: N63°55'57", V21°56'57"

Merkið er við vatnsborð Kleifarvatns undir Vatnshlíð. Aka skal 3200 m eftir slóð, sem liggur af Krísuvíkurvegi til austurs norðan Lambhagatjarnar, og þaðan suður með Kleifarvatni að austanverðu. Slóðin endar við dálítinn höfða og skal ganga yfir hann en merkið er sunnan í höfðanum. Þetta er koparbolti, boraður í móbergsklett 100 til 200 m sunnan við enda slóðarinnar. Lítil varða, byggð úr móbergssteinum, er hlaðin yfir merkið sem er um 5 m frá vatnsborði.

Lambhagatjörn

NE85013

Vatnsmælingamerki

Sept. 1985

Hnit: N63°56'50", V21°57'00"

Merkið er við vatnsborð Lambhagatjarnar norðan Kleifarvatns. Aka skal af Krísuvíkurvegi um 900 m eftir slóð, sem liggur norðan Lambhagatjarnar, og svo suður með henni að austan. Þar sem slóðin sveigir frá tjörninni, skal halda um 100 m til vesturs eftir ógreinilegum förum sem liggja út á sléttan móbergstanga. Þetta er koparbolti, boraður í móbergið undir dálítill brík, og er lítil varða úr móbergssteinum hlaðin yfir hann.

OS7215

Vatnsmælingamerki

Hnit: N63°54'29", V21°58'47"

Merkið er frá Orkustofnun og hefur það verið notað af starfsmönnum Norrænu eldfjallastöðvarinnar við vatnsborðsmælingar á Kleifarvatni. Þetta er koparbolti, boraður ofan í móbergsklett í dálitlu viki sem myndast sunnan siritandi vatnshæðarmælis OS. Vatnsborðsmælirinn er við strönd Kleifarvatns um miðja vega milli Lambhagatjarnar og Stefánshöfða.

Syðristapi

NE85014

Sept. 1985

Vatnsmælingamerki

Hnit: N63°55'37", V21°59'36"

Merkið er við vatnsborð Kleifarvatns norðan í Syðristapa við vestanvert vatnið. Þar sem Krísuvíkurvegurinn liggur í slakka vestur af Syðristapa, skal sveigja út af honum í áttina niður að vatninu eftir greinilegri slóð sem endar í dálítill vík með sandfjöru. Austan víkurinnar er um 4 m hár móbergshöfði og er merkið í sléttsofni móbergi undir slakka, sem er í höfðanum upp af víkurbotninum, og er þarna gönguleið yfir hann. Þetta er koparbolti, boraður niður í móbergið, og er stundum erfitt að finna hann vegna sands sem veðrast úr klettunum umhverfis. Varða er engin við merkið vegna ágangs veiðimanna.

Lambatangi

NE85015

Sept. 1985

Vatnsmælingamerki

GPS merki síðan 1993

Hnit: N63°54'62", V22°00'74"

Merkið er við vatnsborð Kleifarvatns austan í Lambatanga. Aka skal um 900 m eftir afleggjara sem liggur út í tangann frá Krísuvíkurvegi. Er þá komið suður yfir höfða, sem er austast á Lambatanga, og er merkið skammt neðan slóðarinnar í bólstrarbergsbrík ofan við fjöruna. Þetta er koparbolti, boraður ofan í bríkina, og er lítil varða rétt upp af honum.

Hvannahraun

NE85016

Sept. 1985

Vatnsmælingamerki

Hnit: N63°55'13", V21°57'18"

Merkið er við vatnsborð Kleifarvatns um miðbik vatnsins að austanverðu. Aka skal afleggjara sem liggur út af Krísuvíkurvegi við suðvesturhorn vatnsins. Slóðin liggur sunnan Kleifarvatns og svo yfir móbergshrygg, sem gengur út í það sunnanvert, og svo áfram norður með vatninu að austanverðu allt til enda slóðarinnar við vík norðan Hvannahrauns. Í víkurbotninum er sandfjara en út með henni að sunnan hallar sléttu

móbergsklöpp niður í vatnið. Þetta er koparbolti, boraður ofan í móbergið á vesturbarmi dálítillar hvilftar. Lítil varða, hlaðin úr móbergssteinum, er yfir merkinu.

Geithöfði
NE85017
Sept. 1985

Vatnsmælingamerki
Hnit: N63°54'29", V21°58'47"

Merkið er við vatnsborð Kleifarvatns vestan undir Geithöfða sem rís norðan við suðausturhorn vatnsins. Aka skal afleggjara frá Krísuvíkurvegi sunnan Kleifarvatns um 3400 m og er þá komið austur undir Geithöfða. Aka má fjöruna að stórgýtisurð upp undir höfðanum en þaðan skal ganga um 50 m norður fyrir sandsteinsrana, sem gengur nærri því út í vatnið, og er þá komið í dálítið vik sem myndast neðan ranans. Merkið er koparbolti, boraður í sandsteinsnef sem hallar niður í vikið. Lítil varða úr ljósum bólstrum er hlaðin ofan á móbergskápu um 0.30 m norðan merkisins. Stundum veðrast sandsteinninn umhverfis merkið svo erfitt getur verið að finna það undir sandinum.

Suðurbotnar
NE85018
Ágúst 1986

Vatnsmælingamerki
Hnit: N65°00'59", V16°43'25"

Merkið er við vatnsborð Öskjuvatns um 850 m vestur af suðausturhorni þess. Ganga verður frá bílastæði við Vikraborgir að Bátshrauni en frá tanganum, sem gengur út í Öskjuvatn vestan þess, er um 4800 m löng ganga austur og suður með vatninu að merkinu. Þetta er koparbolti, boraður í móbergstanga skammt austan fyrstu skriðunnar úr Þorvaldsfjalli sem nær út í vatnið. Lítil varða er ofan merkisins. Eysteinn Tryggvason setti niður 20 merki umhverfis Öskjuvatn 1968. Merki nr. 10 var á þessum stað en er nú undir vatni.

Gámur
NE85019
Ágúst 1986

Hornamælingamerki
Hnit: N65°03'13", V16°38'34"

Merkið er nyrst á móbergsrana sem liggur í átt að Öskjuopi um 300 m austan Dyngju, skála Norrænu eldfjallastöðvarinnar. Þetta er koparbolti, boraður í móbergshrygg um 100 m suðvestur og upp af miklum gjallgíg sem nefndur hefur verið Gámur. Merkið er í 983 m hæð y.s. og var notað til viðmiðunar þegar hallamælingalínan í Öskjuopi var mæld inn og staðsett.

Almannagjá
5002
1967

EDM merki
GPS merki síðan 1986
Hnit: N64°15'21", V21°07'43"

Merkið er á vesturbarmi Almannagjár um 35 m norð-norðvestan bílastæðisins við Kárastaðastíg. Þetta er kúptur koparskjöldur um 4 sm í þvermál og er lítil varða hlaðin suðvestan hans. Annað sams konar merki er nærri brún Almannagjár um 20 m norðaustan fyrra merkisins (5002) og hefur það númerið 5001. Þessi merki voru sett niður af Eysteini Tryggvasyni og voru þau notuð við geodimetermælingar yfir Þingvallasigdældina.

Dómadalshraun
NE8601
Sept. 1986

Vatnsmælingamerki
Hnit: N64°01'23", V19°04'38"

Merkið er við vestanvert Frostastaðavatn á norðurbrún Dómadalshrauns þar sem það liggur út í vatnið. Hægt er að aka slóð sem liggur til suðurs af Dómadalsleið um 1400 m vestan vegamótanna við Sigölduveg sunnan Tjörfafells. Frá Dómadalsleið liggur slóðin eftir sandorpinni dalkvos að brún Dómadalshrauns og þræða verður hraunið til austurs eftir sandsköflum yfir í dálítið drag sem liggur niður að vatninu milli hrauns og hlíðar. Þessi ógreinilega slóð er um 1800 m löng frá Dómadalsleið að Frostastaðavatni. Merkið er koparbolti, boraður í hraunkantinn upp af mótum vatns, sandfjöru og hrauns, og er lítil varða við hann.

Frostastaðahraun

NE8602

Sept. 1986

Vatnsmælingamerki

Hnit: N64°01'43", V19°02'56"

Merkið er við norðanvert Frostastaðavatn í vesturhorni Frostastaðahrauns sem liggur út í vatnið sunnan Tjörfafells. Aka má að staðnum frá bugðu á Dómadalsleið um 500 m vestan vegamótanna við Sigölduveg sunnan Tjörfafells. Merkið er koparbolti, boraður í hraunbrúnina, og er lítil varða hlaðin norðan hans.

Norðurnámur

NE8603

Sept. 1986

Vatnsmælingamerki

Hnit: N64°01'28", V19°02'22"

Merkið er við norðausturhorn Frostastaðavatns í suðurjaðri Frostastaðahrauns í dalnum sunnan Tjörfafells. Aka má af Landmannaleið vestan Norðurnáms eftir gamalli slóð að hraunjaðrinum við vatnið. Þetta er koparbolti, boraður í suðurhorn hraunsins um 70 m frá vatni, og er lítil varða norðan við hann.

Námshraun

NE8604

Sept. 1986

Vatnsmælingamerki

Hnit: N64°00'38", V19°03'14"

Merkið er í vestanverðri vík sem gengur suður úr Frostastaðavatni norður af Suðurnám. Aka skal af Landmannaleið eftir slóð, sem liggur niður í fjöruborð vatnsins skammt norðan Frostastaðaháls, og svo eftir fjörunni suður með vatninu þar til komið er í botn víkurinnar. Merkið er koparbolti, boraður í hraunef það sem myndar vesturströnd víkurinnar. Það er um 1 m yfir sandinum í víkurbotninum og er lítil varða hlaðin við merkið.

Norðurnámshraun

NE8605 til NE8613

Sept. 1986

Hallamælingastöð

(NE8605)

Hnit: N64°00'33", V19°02'26"

Stöðin er í Norðurnámshrauni um 400 m sunnan Stúts sem er fallegur keilulagaður gígur austan undir Frostastaðahálsi. Línan liggur norður með veginum að austan (Landmannaleið) en sveigir svo til austurs og suðausturs ekki langt sunnan farvegs mikillar hraunár. Fyrsta merkið (NE8605) er syðst á norður-suður legg línunnar um 50 m austan vegar og á norðurbrún stærðar jarðfalls í hrauninu. Um og innan við 50 m eru á milli flestra merkjanna og liggja fyrstu fimm frá suðri til norðurs en hin fjögur í sveig frá vestri til austurs og suðausturs. Merkin eru koparboltar, boraðir í helluhraun, og er lítil varða við hvern þeirra.

Dómadalshraun

Hallamælingastöð

NE8614 til NE8622

(NE8614)

Sept. 1986

Hnit: N64°00'33", V19°02'26"

Stöðin er neðarlega í vestanverðu Dómadalshrauni og er fyrsta merkið (NE8614) um 50 vestan vegar þar sem hann kemur upp í hraunið úr Dómadalnum. Næstu tvö merki (NE8615 og NE8616) hafa sem næst stefnu í hánorður frá fyrsta merkinu og er fyrra bilið um 56 m en það seinna um 50 m. Frá NE8616 liggur línan í norðaustlæga stefnu og eru þrjú merki til þeirrar áttar (NE8617, NE8618 og NE8619). Fyrsta bilið er um 25 m, næsta um 49 m og það þriðja um 35 m. Frá NE8619 liggja tvö merki (NE8620 og NE8621) á línu til suðausturs og er fyrra bilið 32 m en það síðara um 40 m. Loks er svo NE8622 í norðaustri frá NE8621 í um 43 m fjarlægð. Merkin eru koparboltar, boraðir í heldur úfið en sandorpið hraunið, og er lítil varða við hvern þeirra.

Hrafninnuhraun

Hallamælingastöð

NE8623 til NE8632

(NE8623)

Sept. 1986

Hnit: N63°57'46", V19°13'07"

Stöðin er í norðanverðu Hrafninnuhrauni skammt austan slóðarinnar þar sem hún liggur suður frá Reykjadölum áleiðis í Hrafninnusker. Línan hefur meginstefnu til austurs og er fyrsta merkið (NE8623) um 50 m austan slóðarinnar en um 300 m sunnan hraunbrúnarinnar. Næstu tvö merki (NE8624 og NE8625) hafa stefnu frá NE8623 sem næst austri og er fyrra bilið 50 m en það síðara 30 m. Tæpum 60 m norð-norðaustan NE8625 er næsta merki, sem samkvæmt skrá er númer NE8629, en ætti að vera NE8626 og hefur því orðið ruglingur á merkingu þegar boltarnir voru settir niður. Næstu tvö merki (NE8626 og NE8627) eru norðaustan NE8629 og er fyrra bilið tæpir 77 m en það seinna 50 m. Frá NE8627 liggur línan til suðausturs og eru á þeim legg seinustu fjögur merkin (NE8628, NE8630, NE8631 og NE8632). Fyrsta bilið er tæpur 41 m, það næsta um 45 m, þriðja bilið er 49 m og það seinasta er um 62 m. Merkin eru koparboltar, boraðir í vikurorpið og glerkennt Hrafninnuhraunið. Lítil varða er við hvert merki.

Hnausar

Hallamælingastöð

NE8633 til NE8642

(NE8633)

Sept. 1986

Hnit: N64°04'27", V19°03'14"

Stöðin er í sléttu sandorpnu helluhrauni sem liggur suðvestur af Tungnaá milli Hnausa. Hún er 200 m vestan Sigölduvegar, tæpum 2000 m sunnan vegamótanna að Hófsvaði og um 2500 m norðan Bláhyls (Hnausapolls á sumum kortum). Fyrsta merkið (NE8633) er syðst á línunni en það næsta (NE8634) er rúmum 37 m norð-norðaustan NE8633. Þriðja merkið (NE8635) er rúmum 49 m aust-norðaustan NE8634 og það fjórða (NE8636) er tæpum 49 m norðaustan NE8635. Fimmta merkið (NE8637) er 51 m í hánorður frá NE8636 og það sjötta (NE8638) er rúmum 50 m norð-norðaustan NE8637. Sjötta merkið (NE8638) er á norðurenda suður-norður leggs línunnar, en þegar mældur er austur-vestur leggurinn er byrjað frá fimmta merki (NE8637). Sjöunda og áttunda merkið (NE8639 og NE8640) liggja á línu til vest-norðvesturs frá NE8637 og er fyrra bilið um 45 m en það síðara rúmum 48 m. Níunda merkið (NE8641) er tæpum 42 m norð-norðvestan NE8640 og það síðasta (NE8642) er 41 m í hávestur frá NE8641. Merkin eru koparboltar, boraðir í slétt helluhraun, og er lítil varða hlaðin við hvert merki.

Laufahraun

Hallamælingastöð

NE8643 til NE8651

(NE8643)

Sept. 1986

Hnit: N63°54'14", V19°21'22"

Stöðin er í Laufahrauni sunnan undir Laufafelli við Syðri-Fjallabaksleið. Hún er austarlega í hrauninu rétt vestan mjóddar sem myndast milli Hagafellshnausa að sunnan og Laufafells að norðan. Fyrsta merkið (NE8643) er austast á línunni skammt norðan vegar slóðar og liggur línan þaðan samsíða slóðinni til vesturs að merki NE8646. Þaðan sveigir línan frá stöðinni til norðvesturs að merki NE8647 en frá því sveigir hún til norðurs að endamerki NE8651. Merkin eru koparboltar, boraðir í hraunhrauka sem standa upp úr jarðvegsfylltu apalhrauninu. Um 50 m eru á milli flestra merkjanna og er lítil varða hlaðin við hvert þeirra. Þessi hallamælingalína hefur ekki enn verið mæld inn og staðsett nákvæmlega.

Stórikriki

EDM merki

NE87001

GPS merki síðan 1993

Júní 1987

Hnit: N65°45'41", V16°50'25"

Merkið er á hæsta hraunhólum í Stórakrika en það er nafn á stóru viki sem gengur inn í austanverð Gæsafjöll. Í mars 1978 var sett niður merki (NE77007) í einn hraunhólinn þar en það fór undir hraun í september 1984. Hægt er að aka að merkinu eftir Gæsafjallaslóð sem hefst við malargryfjur norðaustan flugvallarins við Reykjahlíð. Þaðan skal aka sem leið liggur norður Reykjahlíðarheiði, upp brekkurnar sunnan Vatnshlíðar og svo áfram norður með henni að austan í dálítið dalverpi. Slóðin liggur upp úr því eftir austurbarmi djúps sprengigígs og svo áfram norður svonefnda Kröflumóa vestan Hvannstóðs að suðaustur hlíðum Gæsafjalla þar sem ný hraun frá Kröflueldum liggja að þeim. Slóð hefur verið rudd norður með fjöllumum í gegnum nýju hraunin og liggur hún um Stórakrika. Vegalengdin að merkinu í Stórakrika frá flugvellinum við Reykjahlíð er um 16 km. Merkið er koparbolti, boraður í klöpp norðarlega á hæsta ólnum, og er lítil varða hlaðin rétt norðan hans. Smá varða er á stórum steini skammt sunnan merkisins. Þessi staður er jöfnum höndum spegilstöð, geodimeterstöð og GPS-stöð.

NE87002

Hæðarmælingamerki

Júlí 1987

Hnit: N65°03'59", V16°41'16"

Þetta merki er eitt þriggja sem sett voru niður í Öskjuopi til að fylla upp í langt bil milli merkjanna NE83008 og NE83009 en þau eru á langri hallamælingalínu sem komið var fyrir í júlí 1983. Merkið er skammt norðaustan Gloppu, sem er hraungígur við sunnanvert Öskjuop, og tæpum 100 m norðvestan NE83009. Þetta er koparbolti, boraður austast í helluhraunsá sem er undanhlaup úr Vikraborgarhrauni frá 1961. Lítil varða er við merkið og gulur hringur málaður umhverfis það.

NE87003

Hæðarmælingamerki

Júlí 1987

Hnit: N65°04'01", V16°41'26"

Þetta er eitt þriggja merkja sem sett voru niður í Öskjuopi til að fylla upp í langt bil milli merkjanna NE83008 og NE83009 á hallamælingalínunni þar. Merkið er um 100 m vestan NE87002 í hánorður frá Gloppu. Þetta er koparbolti, boraður í helluhraunsá frá eldsumbrotunum 1961, og er lítil varða við hann. Gulur hringur var málaður umhverfis merkið.

NE87004

Hæðarmælingamerki

Júlí 1987

Hnit: N65°04'04", V16°41'32"

Merkið er eitt þriggja sem sett voru niður í Öskjuopi til að fylla upp í langt bil milli merkjanna NE83008 og NE83009 sem eru á hallamælingalínunni þar. Merkið er rúmum 100 m norðvestan NE87003, sem næst miðja vegu milli Rauðskeggs og Gloppu. Þetta er koparbolti, boraður í helluhraunsá frá 1961, og er lítil varða við hann. Gulur hringur var málaður umhverfis merkið

NE87005 Hæðarmælingamerki
Júlí 1987 Hnit: N65°04'08", V16°41'43"

Merkið var sett niður í Öskjuopi til að fylla upp í bil milli NE83007 og NE83008 og er um það bil mitt á milli þeirra. Það er í reipóttum helluhraunsstraumi um 50 m norðan vegarins í Öskjuopi þar sem hann liggur undir Rauðskegg. Merkið er koparbolti, boraður í reipótt helluhraunið, og er lítil varða hlaðin við hann. Málaður var gulur hringur umhverfis boltann.

NE87006 Hæðarmælingamerki
Júlí 1987 Hnit: N65°04'07", V16°41'54"

Merkið er milli NE83006 og NE83007 nokkrum metrum norðan vegarins í Öskjuopi um 100 m vestan Rauðskeggshornsins. Þetta er koparbolti, boraður niður í hraunfall, og er lítil varða hlaðinn við hann. Gulur hringur var málaður umhverfis merkið.

NE87007 Hæðarmælingamerki
Júlí 1987 Hnit: N65°04'05", V16°42'14"

Merkið er annað tveggja sem sett voru niður í Öskjuopi til að fylla upp í langt bil milli NE83005 og NE83006, en þau eru á langri hallamælingalínu sem komið var fyrir 1983. Það er við brekkurætur skammt sunnan vegar og um 400 m vestan Rauðskeggshornsins. Merkið er koparbolti, boraður í úfið hraunið frá 1961 (Vikraborgarhraun), og er lítil varða við hann en lítt áberandi.

NE87008 Hæðarmælingamerki
Júlí 1987 Hnit: N65°04'08", V16°42'20"

Þetta er annað tveggja merkja sem sett voru niður í Öskjuopi til að fylla upp í langt bil milli NE83005 og NE83006 sem eru á hallamælingalínunni þar. Það er í miðri brekku, tæpum 450 m vestan Rauðskeggs og um 10 m norðan vegar. Merkið er koparbolti, boraður í úfið hraunið frá 1961, og er lítil varða við hann en lítt áberandi. Gulur hringur var málaður umhverfis merkið.

NE87009 Hæðarmælingamerki
Júlí 1987 Hnit: N65°04'07", V16°43'08"

Merkið er í hallamælingalínunni í Öskjuopi og um 50 til 70 m sunnan vegar, sem næst miðja vegu milli NE83002 og NE83003. Þetta er koparbolti, boraður niður í apalhraun, og er varða við merkið. Gulur hringur var málaður umhverfis það.

Móhnúkar - Litla-Hekla Hallamælingastöð
H1 til H7 GPS merki (H7) síðan 1993
Sept. 1987 Hnit: N64°01'29.74", V19°41'28.37"

Hallamælingastöðin er suðvestan undir Móhnúkum norður af Litlu-Heklu. Eysteinn Tryggvason hefur jafnan notað nafnið Litla-Hekla á þessa stöð en Freysteinn

Sigmundsson kallar GPS merkið Móhnúka. (Í Árbók Ferðafélags Íslands 1995 er því haldið fram að eldra nafn á þessum móbergskollum sé *Fedgar*.) Aka skal slóðina sem liggur upp á Næfurholtsfjöll skammt norðan Gamla-Næfurholts framhá Hafurshorni og Glerhaus, en um 1500 m norðan hans er varða á brekkubrún. Frá vörðunni liggur slóðin niður í leysingafarveg og eftir honum um 500 m til norðurs, þar sem hún fer upp úr farveginum, og svo áfram til suðausturs upp aflíðandi brekku í stefnu á Suðurbjalla. Um miðja vegu milli farvegarins og Suðurbjalla skal fara ógreinilega slóð til norðausturs allt að afréttargirðingu við norðurenda Suðurbjalla. Halda skal í gegnum hlið á girðingunni og svo þaðan um 250 m að þrengslum sem myndast milli Hrauntags og norðurhliða Suðurbjalla. Slóðin liggur austur í gegnum þrengslin og upp úr þeim skammt norðan hraunbrúnar frá Heklugosinu 1980 og svo austur með henni þangað til komið er að stórsteinóttum flóðfarvegi frá Heklu. Er þangað kemur, er auðveldast að aka sem næst hraunkantinum frá 1980 að suðvesturhorni Móhnúka (496 y.s.) og svo áfram norðaustur með hliðum þeirra. Við norðausturendann tekur við sléttur sandur og skal aka ógreinilega slóð til suðurs í átt að rótum Litlu-Heklu. Um miðja vegu milli Móhnúka og Litlu-Heklu skal sveigja af slóðinni í átt að suðvesturenda Móhnúka og stansa uppi á brún gamals hrauns. Djúp skvompa hefur myndast milli Móhnúka-hornsins og brúnar gamla hraunsins. Eftir þessari hraunbrún liggur hallamælingalínan til að byrja með, en sveigir svo inn á vikurorpið hraunið þar sem klappirnar standa upp úr því. Steyptir stöplar eru á tveimur klöppum en það eru leifar frá vatnshallamæli sem Eysteinn Tryggvason kom fyrir 1968. Merkin eru koparboltar með númerum H1 til H7 og er síðasti boltinn (H7) einnig GPS-stöð. Litlar vörður eru við hvern bolta, og er fyrsta merkið næst hraunbrúninni þar sem hún kemur undan vikursköflum sunnan við Móhnúka. Næstu þrjú merki (H2 til H4) fylgja gömlu hraunbrúninni í sveig frá suðvestri til vesturs, en H5 er á klöpp um 40 m í suðvestur frá H4. Á lítilli klöpp um 25 m austan H5 er sjötta merkið (H6) og rúmum 30 m norðaustan H6 er svo GPS merkið H7 á kletti sem rís dálítið yfir svarta vikurbreiðuna.

Grímsstaðir

NE88001

Maí 1988

Vatnsmælingamerki

Hnit: N65°39'07", V16°58'18"

Merkið er við vatnsborð Mývatns á vesturströnd lítillar víkur suður af austasta húsinu á Grímsstaðatorfunni. Ganga skal þaðan suður túnið eftir ávölum hrygg sem endar við botn víkurinnar. Þarna er annað merki (NE83021, sjá þar) sem sjaldan er notað á vetrum vegna skafla sem myndast frá brekkubrún niður í víkurbotn. Ganga skal suður með vesturströnd víkurinnar og er merkið á hraunbrík nokkrum metrum austan hæsta hluta gróinnar helluhraunsbrúnar. Brúnnin rís um 1½ m upp af vatnsborðinu. Þetta er koparbolti, boraður niður í hraunbríkina. Merki NE88001 er talið 15.738 sm hærra en gamla merkið NE83021.

Mývetningahraun

0400 til 0405

Júlí 1988

Hallamælingastöð

(0400)

Hnit: N65°00'46", V16°48'26"

Hringstöðin er syðst í Mývetningahrauni norðan undir Suðurskarði í Öskju. Aka má í Suðurskarð af slóðinni sunnan Dyngjuvalla. Fara skal slóðina frá Dreka, suður á milli Dyngjuvatns og Vaðöldu, yfir Þykkvasand og Þorvaldshraun og svo áfram vestur með því inn í afar sandsorfið hraun þar til komið er að vegamótum eftir 27 km akstur frá Dreka. Frá vegamótunum skal halda ógreinilegri slóðina til norðurs og aka 4.8 km eftir henni að vörðu sem hlaðin er norðan vegar við bugðu til vesturs. Við vörðuna

liggur ógreinileg slóð til norðurs yfir mjög sandorpið hraun þar til komið er að bröttum undirhlíðum Dyngjujfalla. Slóðin liggur upp brekkurnar og svo um 700 m til austurs að fallegum klepragíg sem nefndur er Stampur. Þaðan fer slóðin til norðurs og svo til vesturs að endastöð í Suðurskarði og hafa þá verið eknir 10.6 km frá vegamótum við Dyngjujfallaslóð. Úr Suðurskarði er um 10 mín. gangur norður og niður að stöðinni. Á brekkubrún rétt sunnan syðsta hluta Mývetningahrauns er varða og stefnan þaðan á stöðina er í Tanna (móbergfell norðan Öskjuops) þar sem hann hverfur undir vikurorþna hæð sem skyggir á Öskjuvatn. Miðja stöðvarinnar er innan við 100 m frá hraunbrúninni, en erfitt getur verið að finna hana þar sem hraunið er afar úfið og vörður greinast því illa. Merkin eru koparboltar, boraðir niður í hraunið með númerin 0400 til 0405. Liggja fimm þeirra umhverfis sjötta merkið (0400) og er geisli hringsins 25 m. Tvær litlar vörður eru við miðmerkið en ein varða við hvert hinna, að jafnaði um 0.5 m utan hringsins, sem þau mynda, og er fyrsta merkið (0401) sem næst norðri frá miðju.

Vatnsfell
0410 til 0415
Júlí 1988

Hallamælingastöð
GPS merki (0413) síðan 1993
Hnit: N65°00'49.42", V16°48'55.83"

Þessi hringstöð er í sléttum helluhraunsfláka í dálitlum krika norðaustan undir Vatnsfelli í Öskju um 200 m frá fjallsrótum. Einfaldasta leiðin til að nálgast stöðina er að aka í Suðurskarð (sjá lýsingu á Mývetningahraunsstöð 0400 hér að framan) og er um 15 mín. gangur norðvestur úr skarðinu niður í krikann. Merkin eru koparboltar, boraðir niður í slétt helluhraun, og hafa númerin 0410 til 0415. Liggja fimm þeirra umhverfis þann sjötta (0410) og er geisli hringsins 25 m. Tvær litlar vörður eru við miðmerkið en ein varða öllu stærri við hvert hinna, að jafnaði um 0.5 m utan hringsins, sem þau mynda, og er fyrsta merkið (0411) sem næst norðri frá miðju. Merki númer 0413 í stöðinni hefur verið notað sem GPS-stöð síðan 1993 og er það næst Vatnsfelli, suðvestast í mælingahringnum.

Kötlukriki
726
1967

Hallamælingastöð
GPS merki síðan 1989
Hnit: N63°37'35", V18°48'55"

Þetta merki er í hallamælingastöð í Kötlukrika austan Mýrdalsjökuls. Stöðina setti Eysteinn Tryggvason niður sumarið 1967 en merkið í horni vinkilsins, sem stöðin myndar (726), hefur verið notað við GPS mælingar frá 1989. Til að komast inn í Kötlukrika skal aka af Þjóðvegi númer 1 hjá Laufskálavarða inn á gamla veginn og svo eftir honum norður undir Hólmsárbrú vestan Hrífuness. Um 600 m sunnan brúarinnar liggur slóð til vesturs og skal aka hana að suðurenda Rjúpnafells. Þar hverfur slóðin stundum undir sandskafla, en aka skal áfram norður með fellinu að vestan og á móts við miðhnúk þess liggur slóðin til vesturs eftir mosagrónum melum í stefnu á suðurhlíðar Sandfells. Eftir tæplega 4 km akstur frá Rjúpnafelli er komið að miklum hlaupfarvegi og skal aka hann í stefnu á jökulöldu sunnan farvegar Leirár, en er kemur að suðurhlíð öldunnar má aftur finna slóðina. Hún liggur svo vestur með öldunni upp á gamalt sandorpið hraun að suðurbrún djúps farvegar syðri kvíslar Leirár. Þarna er lítil varða á hraunkambi við slóðina, en hún sveigir nú til suðausturs og blasir þá við stór varða í um 400 m fjarlægð. Hægt er að aka að þessari vörðu og er merkið rétt sunnan hennar en það er kúptur koparskjöldur, boraður í sorfið hraunið. Númerið (726) er höggvið í koparskjöldinn.

Hvammsfjöll
Júlí 1990

Sprungumælingamerki
Hnit: N65°18'20", V16°91'06"

Fastmerkin eru skammt austan syðsta enda Hvammsfjalla á Mývatnsöræfum. Hægt er að aka suður fyrir Hvammsfjöll eftir slóð sem hefst sunnan bæjarins Grænavatns í Mývatnssveit. Aka skal suður að vegamótum slóðar, sem liggur til austurs norðan Sellandafjalls, og fylgja henni uns komið er í foksandsskafla undir syðsta enda Bláfjallshala. Þessi hluti leiðarinnar er víða ógreinilegur og ógreiðfær sökum stórgrýtis og úfinna hrauntungna sem teygjast til norðurs úr meginfláka Ódáðahrauns (Útbruna). Frá Bláfellshöllum skal aka til suð-suðausturs og þræða gegnum úfið en sandorpið hraun austan Kollóttuöldu þar til komið er á foksandsöldu um 1 km sunnan Bláfellshala. Halda skal suðaustur yfir ölduna (slóð sést yfirleitt ekki) og er þá komið í tiltölulega slétt hraun, þar sem mörkuð er greinileg slóð, og á að fylgja henni áfram til austurs að Hvammsfjöllum og svo áfram suður með hlíðunum að suðurenda þeirra. Lengra nær slóðin ekki svo þaðan verður að ganga austur með hlíðinni um 500 m að norðurenda gígaraðar sem hefst við austanverðan hlíðarfót Hvammsfjalla. Frá norðurenda gígaraðarinnar er um 450 m í háaustur að sprungumælingastaðnum. Á hraunbrún austan gíganna er varða og frá henni ber mælingastöðin í syðra skarðið í Hrutshálsum. Fastmerkin eru tveir koparboltar sem boraðir eru niður við sprungu sem hefur stefnu frá suð-suðvestri til norð-norðausturs. Þeir eru sinn hvorum megin sprungunnar og við mælingu 9. júlí 1990 voru 67.65 sm á milli þeirra. Hausar boltanna eru sagaðir niður til hálf, fletir þeirra látnir snúa samsíða og mælt á milli þeirra með stálmálbandi. Varða er um 1 m sunnan mælingastaðar.

Herðubreiðarfjöll
Júlí 1990

Sprungumælingamerki
Hnit: N65°19'00", V16°20'48"

Fastmerkin eru við sprungu sem er í helluhrauni um 2 km suðaustan hlíðarfótar Herðubreiðarfjalla á Mývatnsöræfum. Úfið hraun, sennilega sögulegt, liggur á milli mælingastaðarins og Herðubreiðarfjalla og eru um 600 m frá sprungunni norðvestur að hraunjaðrinum. Best er að nálgast staðinn frá veginum til Herðubreiðarlinda. Tæpum 2 km vestan Miðfellsskála (Tumba) er gömul lítil jökulalda og liggur vegurinn yfir hana austanverða en sveigir svo til austurs í átt að grjóthálsinum norðan Miðfells. Sunnan í þessari jökulöldu hefur vegagerðin tekið efni úr lítilli námu. Aka skal suður úr námunni eftir ógreinlegri slóð og eftir um 5 km er komið á móts við Fremstafell. Þarna sveigir slóðin til vesturs eftir stórsteinóttum grjótöldum og skal aka um 8 km eftir þeim í átt að Herðubreiðarfjöllum. Er þá komið að jarðvegsfylltum hraunjaðri og liggur slóðin upp á hann og svo inn á hraunið til suðvesturs rúman 1 km. Frá enda slóðarinnar er um 45 mín. gangur suðvestur að vörðu sem hlaðin er 60 til 70 m norðaustan mælingastaðarins. Varða er einnig við mælingastaðinn um 1 m sunnan hans og er stefnan milli varðanna í Þjóðfell nyrst á Möðrudalsfjallgarði. Merkin eru koparboltar, boraðir niður sinn hvorum megin við sprunguna sem hefur um það bil norður-suður stefnu. Hausar boltanna eru sagaðir niður til hálf, þannig að fletirnir snúa samsíða og er mælt milli þeirra með stálmálbandi. Fyrst var mælt 13. júlí 1990 og voru þá 70.05 sm á milli merkjanna.

Almannagjá
NE900001 til 900010
Júlí 1990

Sprungumælingamerki
Hnit: N64°15'24", V21°07'40"

Þessi fastmerki eru við sprungur á vesturbarmi Almannagjár skammt norðan bílastæðis við Kárastaðastíg. Um 35 m norð-norðvestan bílastæðisins er fastmerki til

fjarlægðarmælinga sem hefur númerið 5002. Það er kúptur koparskjöldur, um 40 sm í þvermál, og er lítil varða suðvestan hans. Frá þessu merki eru um 20 m til norðausturs að öðru sams konar sem hefur númerið 5001. Skammt austan þess er sprunga sem liggur frá brún Almannaájar í boga til norðurs og eru merkin NE900006 til NE900010 sitt hvoru megin hennar. Um 25 m norðan 5001 eru merkin NE900001 til NE900005 og eru fjögur þeirra sitt hvoru megin sprungu sem liggur einnig til norðurs frá brún gjárinnar. Fysta merkið (NE900001) er á sprungnum hraunhaus sem hallar í átt að brún Almannaájar. Þessi merki eru koparboltar með ferköntuðum skífum og eru hausar boltanna sléttir að ofan svo auðveldara sé að mæla milli þeirra með málbandi.

Urðarháls

NE90011

GPS merki

Ágúst

Hnit: N64°40'20", V17°08'32"

Merkið er á Urðarhálsi suðaustan við stóran sprengigíg norðan Gæsavatnaslóðar. Þetta er koparbolti, boraður í flata klöpp um 130 m vestan skiltis á háhálsinum og um 30 m norðan slóðarinnar. Merkið var sett niður af Axeli Einarssyni og Braga Guðmundssyni vegna GPS mælinga, sem framkvæmdar voru sumarið 1990, en einhverra orsaka vegna var aldrei mælt á það.

Askja

Hæðarmælingamerki

404

GPS merki síðan 1990

1966

Hnit: N65°03'36", V16°43'33"

Þetta er fjórða fastmerkið í hallamælingalínu sem Eysteinn Tryggvason setti niður við Vikraborgir í Öskju sumarið 1966. Ganga verður frá bílastæðinu norðan Vikraborga eftir göngustíg sem liggur að Öskjuvatni. Um 600 m sunnan gíganna liggur línan þvert á göngustíginn og er merkið tæpum 150 m vestan hans í helluhrauni skammt sunnan vikurskafla frá gosinu 1961. Þetta er kúptur koparskjöldur um 4 sm í þvermál og er varða hlaðin við hann.

Höttur

NE90012

GPS merki

Ágúst 1990

Hnit: N65°02'55.11", V16°31'27.05"

Merkið er sunnan Hattar sem er gjallgígur norðan vegarins frá Herðubreiðarlindum til Öskju um 4 km austan Dreka, skála Ferðafélags Akureyrar. Bugða er á veginum sunnan við Hött og er varða um 15 m sunnan hennar. Um 30 m sunnan þeirrar vörðu er önnur hlaðin við merkið. Þetta er koparbolti, boraður í ávalan hraungúl sem stendur upp úr vikrinum.

Stampur

NE90013

GPS merki

Ágúst 1990

Hnit: N64°59'50.06", V16°48'31.89"

Merkið er um 350 m norðaustan Stamps sem er klepragígur (1160 m.y.s.) um 1300 m sunnan Suðurskarðs í Dyngjuvfjöllum. Til að nálgast merkið skal fara slóðina frá Dreka (Gæsavatnaslóð) suður á milli Dyngjuvatns og Vaðöldu, yfir Þykkvasand og Þorvaldshraun og svo áfram vestur með því inn í skemmtilega sandsorfið apalhraun. Þegar eknir hafa verið 27 km frá Dreka, er komið að vegamótum og skal halda ógreinilegri slóðina til norðurs og aka um 4.8 km eftir henni að vörðu sem hlaðin er norðan vegar við bugðu til vesturs. Frá vörðunni liggur enn ógreinilegri slóð til norðurs yfir sandorpið hraun þar til komið er að bröttum undirhlíðum Dyngjuvfjalla.

Viða í hrauninu hverfur slóðin milli ára vegna sandfoks, en er hún kemur í brekkurnar skýrist slóðin aftur. Hún liggur svo upp brekkurnar en þegar upp úr þeim kemur, sveigir slóðin til austurs eftir melöldum og svo inn í úfið hraunhaft að norðurrótum Stamps. Frá Stampi sveigir slóðin til norðurs og skal aka um 200 m frá gígnum. Er þá komið á móts við merkið sem er miðjan á hallamælingahringstöð. Þetta er koparbolti, boraður í helluhraunsfláka, og eru áberandi vörður sitt hvoru megin við merkið tæpum 100 m austan slóðarinnar.

Hrímalda

NE90014

GPS merki

Ágúst 1990

Hnit: N64°57'01.42", V16°55'26.49"

Merkið er við Gæsavatnaslóð suðvestan Dyngjufjalla. Aka skal slóðina suður frá Dreka yfir Þykkvasand og Þorvaldshraun og svo áfram norðvestur að vegamótum þar sem slóðir skiptast, fer önnur í átt að mynni Dyngjufjalladals en hin í átt að Urðarhálsi á Gæsavatnaleið. Frá Dreka eru um 32 km að þessum vegamótum. Halda skal um 450 m, frá vegprestinum við vegamótin, til vesturs eftir Gæsavatnaslóð og er merkið um 30 m norðan slóðar. Sunnan slóðarinnar á móts við merkið er endi móbergs-hryggjar sem hefur norður-suður stefnu. Þetta er koparbolti, boraður í klöpp, og er varða við hann.

NE9015

Hæðarmælingamerki

Ágúst 1990

Hnit: N64°15'22", V21°07'24"

Merkið er við eystri sporð brúarinnar yfir Öxará hjá Valhöll. Þetta er koparbolti, boraður í klöpp skammt ofan vatnsborðsins rétt norðan undirstöðu brúarsporðsins. Merkið var sett niður í stað annars sem horfið var úr hallamælingalínu sem Eysteinn Tryggvason kom fyrir yfir Þingvallalægðina 1966 og 1967.

NE9016

Hæðarmælingamerki

Ágúst 1990

Hnit: N64°14'47", V21°03'14"

Merkið er við vestanverða Vatnsvík suður af Tjörnum þar sem vegurinn liggur næst fjöruborði Þingvallavatns. Þetta er koparbolti, boraður niður í sléttan hraunfleka um 7.6 m sunnan vegarins. Merkið kemur í stað annars sem týndist úr hallamælingalínu er Eysteinn Tryggvason setti niður 1966 og 1967.

NE9017

Hæðarmælingamerki

Ágúst 1990

Hnit: N64°14'49", V21°03'41"

Merkið er suðvestan Klifhóla norðan Þingvallavatns um 490 m vestan NE9016. Þetta er koparbolti, boraður niður í hraunið um 23.2 m norðan vegarins. Merkið kemur í stað annars sem týndist úr hallamælingalínu er Eysteinn Tryggvason setti niður í Þingvallalægðina árin 1966 og 1967.

NE9018

Hæðarmælingamerki

Ágúst 1990

Hnit: N64°14'47", V21°04'23"

Merkið er norður af Vörðuvík um 720 m vestan NE9017. Þetta er koparbolti, boraður niður í hraunið um 10 m sunnan vegarins. Merkið kemur í stað annars sem týndist úr hallamælingalínu er Eysteinn Tryggvason setti niður í Þingvallalægðina árin 1966 og 1967.

NE9019 Hæðarmælingamerki
Ágúst 1990 Hnit: N64°14'53", V21°05'24"
Merkið er austan Fjárhúshóls en hann er hraunhóll við afleggjarann suður að eyðibýlinu Vatnskoti í Þingvallasveit. Þetta er koparbolti, boraður niður í hraunið 9.4 m sunnan vegarins og um 680 m vestan NE9018. Merkið kemur í stað annars sem týndist úr hallamælingalínu er Eysteinn Tryggvason setti niður árin 1966 og 1967.

NE9020 Hæðarmælingamerki
Ágúst 1990 Hnit: N64°13'48", V21°01'26"
Merkið er rétt austan Þjóðgarðsgirðingar við rúlluhið á veginum til Laugarvatns. Þetta er koparbolti, boraður í klapparholt um 10 m norðan vegarins. Merkið kemur í stað annars sem týndist úr hallamælingalínu er Eysteinn Tryggvason setti niður yfir Þingvallalægðina árin 1966 og 1967.

Hakið
NE9021 til NE9026 Sprungumælingamerki
Ágúst 1990 Hnit: N64°15'21", V21°07'36"
Þessi merki eru á Hakinu milli Almagnagjár og Hestagjár. Um 40 m norðaustan hringsjárinnar syðst á Hakinu eru NE9021 og NE9022 sitt hvoru megin lítillar sprungu við austurbrún þess upp af Hestagjá. Hin merkin fjögur (NE9023 til NE9026) eru um 30 m norðar, nærri norðurenda Haksins og eru þau umhverfis krosssprungu upp af mótum Almagnagjá og Hestagjár. Öll merkin eru koparboltar með ferköntuðum skífum og eru hausar þeirra sléttir að ofan svo auðveldara sé að mæla milli þeirra með málbandi.

Kárastaðanes
NE9027 Vatnsmælingamerki
Ágúst 1990 Hnit: N64°14'29", V21°08'34"
Merkið er á norðanverðu Kárastaðanesi í Þingvallavatni. Um 280 m austan heimreiðar að Kárastöðum liggur afleggjari niður í sumarhúsahverfið á Kárastaðanesi og skal aka hann niður brekkuna austan Hrutagjár. Neðan brekkunnar skiptist vegurinn og skal halda slóðina sem liggur til norðurs að botni lítillar víkur. Við botninn er girðingarhorn og eru 15 til 20 m frá því norður að merkinu. Það er koparbolti, boraður niður í hraunbrún um 0.70 m frá vatnsborði og um 0.70 m yfir því.

Ólafsgígar
NE9028 til NE9030 Hallamælingastöð
Ágúst 1990 Hnit: N65°02'33", V16°46'59"
Stöðin er við norðvesturhorn Öskjuvatns um 100 m norðan misgengisbrúnarinnar ofan Ólafsgíga sem er gígaröð við vatnsborðið. Þetta er fjögurra merkja stöð (einn boltinn er EDM og GPS merkið NE82005) í helluhraunsfláka sem er undanhlaup frá nærliggjandi apalhraunbrún. Ganga skal frá Vikraborgum suður undir Knebelsvörðu vestan Vítis og þaðan um 2.300 m vestur með hamrabrunum Öskjuvatns. Er þá komið að fyrrnefndri apalhraunbrún, sem er auðþekkt á því að vikurinn frá Öskjugosinu 1875 er mjög þykkur og fínkorna við brúnina og hylur að mestu hraunið sem er þar undir. Ganga skal suðaustur með apalhraunbrúninni um 150 m eða þangað til komið er að helluhraunsflákanum þar sem stöðin er. Tvær áberandi vörður eru sitt hvoru megin við EDM og GPS merkið NE82005 en vestan þess eru hin merkin þrjú. Þetta eru kopar-

boltar, boraðir í hraunið, og eru litlar vörður við þá. Mitt á milli merkjanna þriggja (NE9028 til NE9030) er varða og skal fyrst stilla tækinu yfir hana þegar mælt er. Síðan skal færa tækið yfir vörðu sem er mitt á milli NE9029 og NE82005 og mæla milli þeirra.

Bátshraun
NE9031 til NE9036
Ágúst 1990

Hallamælingastöð
(NE9036)

Hnit: N65°02'39", V16°43'29"

Stöðin er á tanga sem gengur út í Öskjuvatn um 300 m sunnan Vítis. Ganga verður frá Vikraborgum suður að Víti og þaðan niður að vatnsborðinu, þar sem misgengið er einna lægst, en oftast auðveldar snjóskafli gönguna niður í fjöruna. Þetta er hringstöð og er miðjumerkið (NE9036) í litlum súrurum bergfláka suðvestur undan háu vikurstáli sem myndar þarna odda út á fyrrnefndan tanga. Eftir tanganum liggur súr berggangur út í Öskjuvatn með stefnu frá suðvestri til norðausturs. Merkin eru koparboltar og liggja fimm þeirra umhverfis þann sjötta með 19.5 m geisla út frá honum. Fyrsta merkið (NE9031) er sem næst norðri frá miðju. Merkið í norðaustri frá miðju (NE9035) er inni í grjóthleðslu skammt frá vikurstálinu. Ekki er eins auðvelt að finna hin merkin þar sem mikið er af lausu grjóti á stöðvarstaðnum. Þetta er eina hallamælingastöðin þar sem miðjumerkið hefur hæsta númerið. Litlar vörður eru við öll merkin en eru lítt áberandi af fyrrgreindum ástæðum.

Móflöt
NE9037 til NE9042
Ágúst 1990

Hallamælingastöð

GPS merki (NE9039) síðan 1992

Hnit: N64°59'02.25", V16°40'00.28"

Stöðin er á Móflöt en það er slétt móbergshella við enda slóðar sem liggur vestur með suðurrótum Dreka fjalla (nýnefni á austasta og hæsta hluta Dyngjufjalla). Aka skal slóðina suður frá Dreka, skála Ferðafélags Akureyrar, um 5 km og er þá komið að suðausturhorni fjallanna norður af Dyngjuvatni. Frá læknum, er rennur suður með Dreka fjöllum út í Dyngjuvatn, sytrar stundum austur á slóðina og frá þeim stað liggur ógreinileg slóð suður fyrir horn fjallanna og svo þaðan vestur yfir lækinn. Frá læknum liggur slóðin með rótum Dreka fjalla til suðvesturs og eru um 4.5 km að nokkuð brattri brekku þar sem slóðin liggur upp á malarorpna móbergshæð (724 m.y.s.). Halda skal áfram vestur og niður af hæðinni og svo aftur upp brekku norður fyrir brattan móbergshöfða. Er kemur í skarðið norðan höfðans, blasir stöðin við um 300 m vestan hans og þar endar slóðin. Um 200 m sunnan stöðvarinnar er jaðar nýlegs hrauns frá árunum 1926 til 1929. Þetta er hringstöð sem hefur ekkert miðjumerki, en varða var hlaðin í stað þess. Mælingamerkin eru sex koparboltar, boraðir niður í slétt móberg, og liggja þeir umhverfis miðjuvörðuna með 25 m geisla út frá henni. Fyrsta merkið (NE9037) er sem næst norðri frá miðju en hin rangsælis frá því umhverfis miðjuna. Merkið NE9039 er syðst í hringnum, sem merkin mynda, og er það einnig GPS merki. Litlar vörður eru hlaðnar við hvert merki.

Nautahnútur
NE9043 til NE9048
Ágúst 1990

Hallamælingastöð

GPS merki (NE9043) síðan 1992

Hnit: N65°01'15.66", V16°33'50.88"

Stöðin er í sléttu helluhrauni tæpum 400 m suðvestan móbergshryggjar sem kallaður hefur verið Nautahnútur (nýnefni). Nautahnútur eru rúman 1 km austur af mynni Nautagils en það gengur inn í austanverð Dreka fjöll tæpum 3 km sunnan Dreka gils (Nautagil fékk nafn af heimsókn nokkurra geimfara (astronaut) sem

skoðuðu það á sjöunda áratugnum í fylgd Sigurðar Þórarinssonar og Guðmundar E. Sigvaldasonar og þeirra er nafngiftin). Aka skal 2.3 km suður slóðina frá Dreka, skála Ferðafélags Akureyrar, og er þá komið að vegamótum gamallar slóðar sem liggur til suð-suðausturs og fylgir brún grunnrar lægðar (sennilega hraunfarvegur). Þegar eknir hafa verið um 600 m eftir gömlu slóðinni, sveigir hún til austurs niður í farveginn sem þakinn er foksandi. Aka skal skáhallt suðaustur yfir farveginn um 300 m og er þá komið að sléttum helluhraunsfláka þar sem stöðin var sett niður. Þetta er hringstöð og er miðjumerkið númer NE9043 einnig GPS merki. Mælingamerkin liggja umhverfis miðjuna og geislinn er 25 m frá henni. Fyrsta merkið (NE9044) er sem næst norðri og hin rangsælis hringinn frá því. Þetta eru koparboltar, boraðir í slétt helluhraun, og er um 1 m há varða við miðjumerkið en öllu minni vörður við hvert hinna.

Stampur
NE9049 til NE9053
Ágúst 1990

Hallamælingastöð
GPS merki (NE90013)
Hnit: N64°59'50.06", V16°48'31.89"

Stöðin er um 350 m norðaustan Stamps sem er fallegur klepragígur (1160 m y.s.) um 1300 m sunnan Suðurskarðs í Dyngjuvfjöllum. Aka skal Gæsavatnaslóð suður frá Dreka, skála Ferðafélags Akureyrar, á milli Dyngjuvatns og Vaðöldu, yfir Þykkvasand og Þorvaldshraun og svo áfram vestur með því inn í sérkennilega sandsorfið apalhraun. Þegar eknir hafa verið um 27 km frá Dreka er komið að vegamótum, stikaða slóðin liggur áfram til vesturs en ógreinilegri slóð liggur til norðurs og aka skal hana um 4.8 km. Er þá komið að vörðu sem hlaðin er norðan slóðar við bugðu til vesturs. Frá vörðunni liggur enn ógreinilegri slóð til norðurs yfir sandorpið hraun þar til komið er að bröttum undirhlíðum Dyngjuvfjalla. Víða í hrauninu hverfur slóðin milli ára vegna sandfoks, en er hún kemur í brekkurnar skýrist slóðin aftur. Hún liggur svo upp þessar brekkur en þegar upp úr þeim kemur, sveigir slóðin til austurs eftir melöldum og svo inn í úfið hraunhaft að norðurrótum Stamps. Frá Stampi sveigir slóðin til norðurs inn í sandorpið helluhraun. Aka skal um 200 m frá gígnum og er þá komið á móts við stöðina sem er tæpum 100 m austan slóðar. Þetta er hringstöð og hefur miðjumerkið númer NE90013 en það er einnig GPS merki. Mælingamerkin liggja umhverfis miðjuna með 25 m geisla og er fyrsta merkið (NE9049) sem næst norðri frá miðju en hin *réttsælis* hringinn frá því. Fyrir mistök var brotin sú venja að láta númerin hækka rangsælis eftir hringnum sem merkin mynda. Merkin eru koparboltar, boraðir í helluhraun, og eru litlar vörður við hvern þeirra en tvær mun stærri eru sitt hvoru megin við miðjumerkið.

Jónsskarð
NE9054 til NE9059
Ágúst 1990

Hallamælingastöð
(NE9054)
Hnit: N65°04'30", V16°43'34"

Stöðin er austan undir Jónsskarði í Öskju. Ganga verður frá bílastæðinu hjá Vikraborgum í Öskjuopi norðvestur yfir nýja hraunið frá 1961 að rótum Tanna sem er móbergfell á norðurbrún Öskju. Halda skal áfram vestur með hlíðum öskjubrúnarinnar þar til komið er að ferskum gjallgígum suðaustan undir Skarðshnjúk sem er móbergstindur rétt austan Jónsskarðs. Frá gjallgígnum skal ganga um 150 m til suðvesturs inn í úfið apalhraun og er stöðin um 50 m suðvestan hraunbrúnarinnar um 200 m suðaustan róta Skarðshnjúks. Tæplega tveggja klukkustunda gangur er frá Vikraborgum að stöðinni. Þetta er hringstöð og er miðjumerkið númer NE9054 á tiltölulega sléttum hraunfleka en mælingamerkin fimm úti í úfnum hraunkarganum. Fyrsta merkið (NE9055) er sem næst norðri frá miðju en hin fjögur liggja rangsælis

frá því umhverfis miðjumerkið með 25 m geisla. Þetta eru koparboltar og eru tvær vörður, um 1 m háar, sitt hvoru megin miðjunnar en ein öllu minni við hvert mælingamerki.

Tanni
NE9060 til NE9065
Ágúst 1990

Hallamælingastöð
GPS merki (NE9060) síðan 1993
Hnit: N65°04'53", V16°45'23"

Stöðin er í gömlu og sléttu hrauni á norðurbrún Öskju um 300 m vestan Tanna. Ganga verður frá Vikraborgaplani norðvestur yfir nýja hraunið frá 1961 að rótum Tanna. Er kemur vestur með fjallinu er best að sneiða up hlíðar þess þar til komið er upp á helluhraunsbrúnina. Oft eru skaflar undir brúninni og er þá auðvelt að spora sig eftir þeim upp á helluhraunið þar sem stöðin er. Þetta er hringstöð og er miðjumerkið (NE9060) um 50 m norðan við þverhnipta öskjubrúnina. Mælingamerkin liggja rangsælis umhverfis miðjuna með 25 m geisla og er fyrsta merkið (NE9061) sem næst norðri frá miðju. Þetta eru koparboltar, boraðir í slétt og heldur fúíð helluhraun, og er áberandi varða við miðjumerkið en öllu minni vörður við hvert hinna. Miðjumerkið er einnig GPS stöð.

Haukadalur
NE9066
Febrúar 1991

Hallamælingastöð
Hnit: N63°57'34", V19°58'49"

Merkið er í gamalli hallamælingastöð sem Eysteinn Tryggvason setti niður sunnan Haukadals á Rangárvöllum efri. Stöðin er nyrst á Höfðahrauni og er upphafsmerki hennar um 75 m austan þjóðvegarins þar sem hann liggur niður af hraunjaðrinum. Þegar vegurinn var byggður upp og hann færður vestur á Höfðahraun, glataðist þriðja merkið í hallamælingastöðinni og var því NE9066 sett niður í stað þess. Þetta er koparbolti, boraður niður í hraunklökk sem skafið var ofan af, þegar vegurinn var byggður upp. Merkið er um 10 m vestan vegarins og lítil varða er hlaðin við það.

Suðurbjallar
NE9101 til NE9108
Febrúar 1991

Hallamælingastöð
(NE9101)
Hnit: N64°01'18", V19°46'15"

Stöðin er á móbergshæð í brekku norðvestan við hæsta koll Suðurbjalla. Aka skal slóðina, sem liggur upp á Næfurholtsfjöll, framhá Hafurshorni og Glerhaus en um 1500 m norðan hans er varða á brekkubrún. Frá vörðunni liggur slóðin niður í leysingafarveg og eftir honum um 500 m til norðurs, þar sem hún fer upp úr farveginum, og svo áfram til suðausturs upp aflíðandi brekku í stefnu á Suðurbjalla. Um það bil í miðri brekku er komið á móts við móbergshæðina fyrrnefndu og er hún í um 500 m fjarlægð til suðvesturs frá slóðinni. Ógreinileg slóð liggur upp í slakka á miðri hæðinni og er hornmerki hallamælingalínunnar í þessum slakka. Línan liggur í vinkel og er fyrsta merkið (NE9101) suðaustanhallt við hæsta hluta móbergshæðarinnar. Næstu þrjú merki liggja á línu yfir háhæðina til norðvesturs niður í slakkann. Upp úr honum sveigir línan til norðausturs eftir vikurorpnnum móbergshrygg, sem er norðurhluti hæðarinnar, og liggja fimmta og sjötta merkið eftir hryggnum en það sjöunda austanhallt við norðurenda hans. Áttunda merkið er á móbergshnalli vestast á hryggnum og er alveg út úr línunni. Merkin eru koparboltar, boraðir niður í móberg, og er lítil varða við hvern þeirra.

Hafurshorn
Hallamælingastöð

NE9109 til NE9121
Febrúar 1991

GPS merki (NE9112) síðan 1993
Hnit: N64°00'41.87", V19°50'29.65"

Stöðin er uppi á Hafurshorni í Næfurholtsfjöllum. Aka skal upp slóðina norðan túnjaðars Gamla Næfurholts og eru um 3.6 km að stöðinni frá vegamótunum við túnjaðarinn. Þetta er hallamælingalína og er fyrsta merkið (NE9109) um 70 m suðaustan slóðarinnar þar sem hún liggur framhjá austurenda Hafurshorns. Annað merkið er einnig austan slóðar, en það þriðja er um 5 m norðvestan hennar sunnan við dálitinn móbergshaus. Fjórða merkið (NE9112) er um 35 m norðvestan slóðarinnar og er það einnig GPS merki. Næstu þrjú merkin (NE9113 til NE9115) liggja á línu sunnan undir brún Hafurshornsins en NE9116 er vestan undir enda móbergsbrúnarinnar. Þarna er horn línunnar og tekur hún nú stefnu til norðausturs á brekkubrún og fylgja seinustu merkin (NE9117 til NE9121) nokkurn veginn dálitlum móbergsstalli. Þetta eru koparboltar, boraðir í móberg, og eru litlar vörður við hvern þeirra.

NE9122

Þetta merki hefur ekki verið sett niður. Það var ætlað sem fyrsta merkið í hallamælingastöðinni norðan Lokatinds en GPS merki (RH9007) frá Raunvísindastofnun Háskólans var notað í þess stað.

Lokatindur
NE9123 til NE9127
Ágúst 1991

Hallamælingastöð
GPS merki (RH9007) síðan 1990
Hnit: N65°09'25.83", V16°49'09.96"

Stöðin er skammt norðan Dyngjufjalla um 2.5 km norðaustan Lokatinds. Um tvær leiðir er að velja þegar nálgast skal stöðina, annars vegar úr norðurmynni Dyngjufjalladals, en hins vegar eftir slóð sem liggur af veginum til Dreka hjá gjallgígnum Hetti. Ef fyrri leiðin er farin, skal aka norður Dyngjufjalladal og þegar dalsmynnið víkkar til muna sveigir aðalslóðin norður og vestur yfir það, en mjög ógreinileg slóð fylgir austurhlíðum dalsins til norðurs. Oft sést þessi slóð illa í dalbotninum en þegar hún sveigir til austurs upp úr honum, um 1 km norðan aðalslóðarinnar, verður hún glögg á ný. Er upp á brekkubrúnina kemur, stefnir slóðin í fyrstu á Lokatind en sveigir eftir um 1 km til norðausturs yfir breiðan sandorpinn hraunfarveg. Úr farveginum liggur slóðin upp á melkoll og þaðan áfram til norðausturs í stefnu á móbergfell með tveimur sérkennilegum dröngum á toppnum. Fell þetta nefna mælingamenn Fingrafell. Um 1.5 km frá melkollinum fyrrnefnda sveigir slóðin til suðausturs framhjá norðurenda malarhryggjar með litlum móbergstindum og feikna stórum steinnullungum sem liggja dreifðir um svæðið, er þá stutt í stöðina. Þegar eknir hafa verið um 7 km frá slóðinni í Dyngjufjalladal, er komið að hraunjaðrinum þar sem stöðin er. Hún er 80 m sunnan slóðar í sléttu hellu-hrauni og er stór varða við fyrsta merkið sem einnig er GPS mælingastaður, merktur RH9007. Þetta er hringstöð og er miðjumerkið númer NE9123 en fyrsta mælingamerkið (RH9007) er sem næst norðri frá miðju. Hin fjögur liggja rangsælis hringinn frá fyrsta merkinu og er geislinn 25 m. Þetta eru koparboltar og er lítil varða við hvert mælingamerki en tvær við miðjuna. Hin slóðin hefst vestan Hattar og liggur norður Vikrasand að suðurenda Vikrafells og norður með því að vestan. Áfram liggur slóðin frá norðurenda Vikrafells yfir úfið en vikurorpið hraunhaft um ½ km og er þá komið í jarðvegsfyllt en mishæðótt hraun. Þaðan er auðvelt að fylgja slóðinni vestur með Dyngjufjöllum norðanverðum og eru um 33 km frá meginslóðinni við Hött að hallamælingastöðinni (sjá einnig merkjalýsingu númer NE9310 til NE9315).

Sker

NE9201

GPS merki

Sept. 1992

Hnit: N63°33'11", V18°56'12"

Merkið er á svokölluðu Skeri efst á Höfðabrekkuafrétti suðaustan Mýrdalsjökuls. Aka skal veg númer 214 inn í Kerlingardal, upp á Kerlingardalsheiði, Höfðabrekkuheiði og niður undir gamla brúarstæðið við Múlakvísl. Þaðan skal halda norður slóð sem liggur eftir aurum Múlakvíslar og svo norður yfir Afréttisá inn mynni Þakgils. Er inn í gilið kemur, sveigir slóðin til norðvesturs inn afgil milli Miðfells og Þakgilshöfuðs. Eftir það er slóðin auðrakin þar sem hún sneiðist upp brattann milli Miðtungugils og Þakgils. Þetta er einn hrikalegasti vegur, sem lagður hefur verið hér á landi, og er aðeins fær seinni hluta sumars. Slóðin endar á hamrabrún gegnt Huldufjöllum en þau eru jökulsker í suðaustanverðum Mýrdalsjökli. Merkið er koparbolti með ferkantaðri skífu, boraður í móbergshöfða sem að miklu leyti er þakinn urð. Höfðinn er skammt austan slóðarinnar, er upp á Skerin kemur, og eru um 8 km að merkinu frá gamla brúarstæðinu við Múlakvísl en um 1.5 km frá því að slóðarenda. Áberandi varða er hlaðin við merkið.

Hríshóll

NE9202

GPS merki

Sept. 1992

Hnit: N63°27'38", V18°52'38"

Merkið er á Hríshól en það er móbergshvoll á Kerlingardalsheiði. Aka skal tæpa 6 km eftir Kerlingardalsvegi (númer 214) frá vegamótum við Þjóðveg númer 1. Er þá komið á Hríshólinn en á honum er fyrsta sjáanlega móbergið á Kerlingardalsheiði. Merkið er koparbolti með ferkantaðri skífu, boraður í móbergskletta 50 til 100 m vestan vegarins, og er algróið frá honum upp undir klettana. Varða er hlaðin við merkið.

Fimmvörðuháls

NE9203 til NE9212

Hallamælingastöð

GPS merki (NE9203)

Sept. 1992

Hnit: N63°36'24", V19°26'15"

Stöðin er ofarlega á Fimmvörðuhálsi um 1 km sunnan neðri skálans en við hann endar bíslóðin. Aka skal slóðina upp á Fimmvörðuháls af hlaðinu við Ytri-Skóga. Um 9.2 km eru norður að vaði yfir Skógá og um 3.7 km eru frá því að stikaðri gönguleið sem sker bíslóðina. Þaðan eru um 200 m vestur að fyrsta merkinu í hallamælingalínunni (NE9203) en það er einnig GPS merki. Skammt norðvestan GPS merkisins er athyglisvert Grettistak, um 2 m hátt, sem skriðjökull hefur tyllt upp á tvö minni björg. Hallamælingalínan liggur á jökulsköfnu og mjög fínkorna hrauni innan um úfna jökulurð. Fyrsta merkið er við austurbrún hraunsins og er áberandi varða við það en litlar vörður við hvert hinna. Annað merkið (NE9204) er um 32 m vest-suðvestan þess fyrsta en það þriðja (NE9205) um 53 m suðvestan NE9204. Þarna hallar landinu verulega svo setja varð aukamerki (NE9205A) vestan í hrauntotu um 16 m suðvestan NE9205 og NE9206 er um 21 m vestan aukamerkisins. Annað aukamerki (NE9206A) er um 28 m vest-suðvestan NE9206 og NE9207 er einnig um 28 m suðvestan aukamerkisins NE9206A. Endamerkið (NE9208) á þessum legg línunnar er um 33 m suðvestan NE9207 og er þá komið á suðvesturbrún hraunstraumsins sem línan er mörkuð í. Hinn leggurinn hefur meginstefnu frá suðaustri til norðvesturs og liggur hann um NE9207 á norðaustur-suðvestur leggnum. Merkið á austurenda þessa leggjar hefur númerið NE9209 og er það rúmum 63 m austan NE9207 en mitt á milli þessara

merkja er aukamerki númer NE9207A. Um 43 m norð-norðvestan NE9207 er NE9210 og um 20 m í hánorður frá því er aukamerki með númerið NE9210A. Næstsíðasta merkið (NE9211) er um 28 m norðvestan aukamerkisins og endamerkið NE9212 er um 39 m í hávestur frá NE9211. Öll merkin eru koparboltar, boraðir í þétt berg, og eru númerin höggvin í ferkantaðar skífur undir haus þeirra.

Álftagróf

NE9213

Sept. 1992

GPS merki

Hnit: N63°29'22", V19°10'38"

Merkið er á móbergshöfða norðaustan bæjarins Álftagrófar í Mýrdal. Aka skal afleggjara skammt austan Péturseyjar norður að eyðibýlinu Felli og þaðan áfram í Álftagróf en þar er endi vegarins. Ef leyfi ábúenda fæst, er hægt að nálgast staðinn á bíl með því að aka yfir tún austan bæjarins. Í túninu er um 7 m hár móbergsdrangur og skal aka norður fyrir hann og þaðan eftir sneiðingi inn í dalskvompu að hliði á girðingu en lengra verður ekki komist á bíl. Upp og austur af dalskvompunni er um 125 m hár móbergshöfði og verður að klífa hann til að komast að merkinu sem er austast á höfðanum upp af vesturhliðum Keldudals. Merkið er koparbolti með ferkantaðri skífu, boraður í móberg, og er varða hlaðin við hann.

Sólheimaheiði

NE9214

Sept. 1992

GPS merki

Hnit: N63°32'54", V19°15'29"

Merkið er ofarlega á Sólheimaheiði sunnan Mýrdalsjökuls. Aka skal afleggjarann að Ytri-Sólheimum og svo inn á slóðina upp á Sólheimaheiði fyrir vestan bæjarhverfið. Eftir um 9.7 km akstur frá þjóðvegi númer 1 er komið að austurhlið jökulskaflans klapparholts sem gengur út úr jökulruðningi er að mestu hylur landið umhverfis. Frá slóðinni er um 40 m suðvestur að merkinu sem er koparbolti með ferkantaðri skífu, boraður í þetta jökulsorfna klöpp, og er allstór varða hlaðin við staðinn. Slóðin heldur áfram að jökulrönd Mýrdalsjökuls en um 500 m norðan merkis er ferðamannaskáli Sólheimabænda.

Sólheimar

NE9215

Sept. 1992

GPS merki

Hnit: N63°30'26", V19°18'19"

Merkið er neðarlega á Sólheimaheiði milli Rjúpnagils að vestan og Skessuhellisgils að austan. Aka skal heimreiðina til Ytri-Sólheima í Mýrdal og svo áfram vestan bæjarhverfisins slóðina upp á Sólheimaheiði. Eftir um 3.4 km akstur frá þjóðvegi númer 1 er komið að staðnum þar sem merkið var sett niður. Þarna liggur slóðin upp úr dálitlu gildragi og er merkið um 10 m vestan hennar á móbergskolli við bugðu á slóðinni sem sveigir til austurs. Þetta er koparbolti með ferkantaðri skífu og er áberandi varða hlaðin við hann.

Höfðabrekkuheiði

704

1967

Hallamælingastöð

GPS merki síðan 1992

Hnit: N63°30'31", V18°52'13"

Þetta merki er í hallamælingastöð austast á Höfðabrekkuheiði en hana setti Eysteinn Tryggvason niður sumarið 1967. Aka skal af þjóðvegi númer 1 norður Kerlingardalsveg (númer 214) inn Kerlingardalsheiði og Höfðabrekkuheiði að brekkubrúninni ofan gamla brúarstæðisins við Múlakvísl og hafa þá verið eknir um 11.7 km

frá vegamótunum. Ógreinileg slóð liggur þarna til norðurs eftir grasbala og svo norður af honum yfir lítinn læk sem rennur eftir moldarborinni hvilft. Er yfir lækinn kemur liggur slóðin stuttan spöl til norðvesturs eftir malarás og við enda hans tekur við mosapemba. Slóðin endar skammt norðaustan hennar og er merkið á brún heiðar- endans upp af aurum Múlakvíslar gegnt Hafursey. Þetta er kúpt koparplata um 4 sm í þvermál, boruð niður í móbergsklett, og er áberandi varða hlaðin við merkið. Númerið (704) er höggvið í plötuna.

Hvíthólar
NE93001
Mars 1993

GPS merki
Hnit: N65°41'25", V16°46'32"

Merkið er á hraunbrík um 20 m norðvestan skiljuhúss við borholu gegnt Sanda- botnaskarði norðan Skarðssels í Hlíðardal. Aka skal veginn norður Hlíðardal í átt að Kröfluvirkjun og þegar eknir hafa verið tæpir 6 km frá vegamótunum við þjóðveg númer 1, er komið upp á brekkubrún vestan Litlaskarðs. Þaðan liggur vegur til suðvesturs að skiljuhúsinu en það er áberandi turnlaga bárujárnsbygging og liggja frá henni einangraðar gufuleiðslur. Merkið er koparbolti með ferkantaðri skífu, boraður niður í hraunbríkina um ½ m frá suðurbrún hennar, og er varða hlaðin við hann.

NE9302
Maí 1993

Vatnsmælingamerki
Hnit: N64°32'25", V21°36'56"

Merkið er við vesturenda Skorradalsvatns rétt austan siritandi vatnshæðarmælis frá Orkustofnun. Aka má af þjóðvegi númer 50 um 100 m norðan Andakílsár að fyrrnefndum vatnshæðarmæli. Merkið er koparbolti með ferkantaðri skífu og er þannig gengið frá honum að grafin var um 1 m djúp hola og hún fyllt upp með steypu sem undirstaða. Niður úr holubotninum höfðu áður verið reknir þrjú steypustyrktar- steinar og efri hlutar þeirra njörfaðir saman utan um neðri enda koparboltans. Því miður benda síðustu mælingar til þess að þetta sé ekki varanleg festing, en næstu mælingar skera úr um það. Nokkrir stórir steinhnullungar liggja í röð austan og sunnan merkisins.

Rjúpnafell
NE9303
Júní 1993

GPS merki
Hnit: N63°37'08", V18°37'57"

Merkið er á lágum en kúptum helluhraunsfláka um 1.5 km austan suðurenda Rjúpnafells á norðanverðum Mýrdalssandi. Til að nálgast staðinn skal aka slóð sem liggur til vesturs frá gamla þjóðveginum um 600 m sunnan Hólmsárbrúar hjá Hrífunesi. Um 1 km er að vegamótum sunnan brúar yfir Leirá en aka skal ógreinilegri slóðina til vesturs og eftir um 6.5 km frá gamla þjóðveginum er komið á móts við merkið sem er um 50 m norðan slóðar. Þetta er koparbolti með ferkantaðri skífu, boraður niður í kúptan helluhraunsfláka, og eru tvær áberandi vörður sín hvoru megin við merkið.

Austmannsbunga NE9304
Júní 1993

GPS merki
Hnit: N63°40'27", V19°04'50"

Merkið er á Austmannsbungu en það er eina jökulskerið sem stendur upp úr Mýrdalsjökli á norðurbrún Kötluöskjunnar. Til að nálgast staðinn er besta að aka slóðina upp á Sólheimaheiði að skála Sólheimabænda við jökulröndina. Þaðan verður annaðhvort að fara á vélsleðum eða sérútbúnum ökutækjum (fjór hjóladrífnum bílum á

stórum hjólbörðum) upp á Mýrdalsjökul í fylgd kunnugra því jökullinn er víða sprunginn. Merkið er koparbolti með ferkantaðri skífu, boraður niður í móbergsklöpp í slakka tæpum 10 m vestan við austasta og hæsta kollinn á Austmannsbungu. Varða er á kollinum og önnur yfir merkinu.

Enta NE9305

GPS merki

Júní 1993

Hnit: N63°42'04", V19°10'56"

Merkið er á hæsta og syðsta kalli Entu, en það er mikið jökulsker, að mestu úr súru bergi, í norðvestanverðum Mýrdalsjökli. Vestan Entu liggur samnefndur skriðjökull til norðvesturs niður á svokallaðar Emstrur. Best er að nálgast staðinn með því að fara slóð sem liggur frá Ytri-Sólheimum í Mýrdal upp á Sólheimaheiði að fjallaskála við jökulröndina. Þaðan verður að fara á vélsleða eða sérútbúnum fjórhjóladrifnum bíl upp á Mýrdalsjökul í fylgd kunnugra því víða við jaðarinn er jökullinn sprunginn og hættulegur yfirferðar. Er kemur á norðanverðan hájökulinn birtist Enta í norðvestri og skal aka að henni eftir snjó- eða íshrygg sem liggur til suðausturs inn á meginjökulinn. Skal halda eftir háhryggnum því sprungur leynast beggja vegna hans. Upp af enda hryggjarins rís syðsti Entukollurinn og uppi á honum miðjum er merkið. Það er 30 sm langur kambstálsbútur, rekinn niður í kollinn á milli tveggja móbergshnullunga, og stendur endinn um 2 sm upp fyrir yfirborðið. Varða er hlaðin yfir merkið.

Kjalnatær NE9306

GPS merki

Júní 1993

Hnit: N63°36'58", V18°29'39"

Merkið er á austurbrún Eldgjáhrauns um 1.5 km norðan Kjalnatóakvísar á norðaustanverðum Mýrdalssandi. Aka skal af þjóðvegi númer 1 sunnan Laufskálavarða yfir á gamla þjóðveginn og svo eftir honum um 3 km. Er þá komið að gróinni hraunbrún vestan vegarins en merkið er á kletti uppi á hraunbrúninni um 40 m frá honum. Þetta er koparbolti með kringlóttri skífu, boraður í miðjan klettinn, og er um metershá varða hlaðin ofan á annan klett rétt norðan merkisins.

Jökulkvísl

Hallamælingastöð

746

GPS merki síðan 1993

1967

Hnit: N63°40'47", V18°46'56"

Merkið er í hallamælingastöð norðan Jökulkvísar á Álftaversafrétti en hana setti Eysteinn Tryggvason niður sumarið 1967. Aka skal af þjóðvegi númer 1 sunnan Laufskálavarða á Mýrdalssandi yfir á gamla þjóðveginn og svo eftir honum norður undir brúna yfir Hólmsá. Um 600 m sunnan hennar skal sveigja út af veginum til vesturs og halda eftir slóð, sem liggur að brú yfir Leirá, en þangað eru um 1600 m frá upphafi slóðarinnar. Aka skal yfir brúna og fylgja aðalsóðinni þar til komið er yfir brúna á Jökulkvísl en á milli þeirra eru tæpir 14 km. Skammt norðan brúarsporðsins liggur slóð til vesturs og skal halda eftir henni um 1 km og er þá komið í helluhraunið þar sem hallamælingastöðin var sett niður. Staðurinn er á norðurbakka Jökulkvísar en þarna er gamalt brúarstæði. Merkið er kúpt koparplata um 4 sm í þvermál og er númerið (746) höggvið í hana. Hallamælingalínan liggur frá austri til vesturs og svo til norðurs. Merkið (746) er það næsta við horn línunnar og er borað niður í jökulskafna hraunbrík. Vörður eru við öll merki línunnar en varðan við GPS merkið er þeirra stærst. Þessi staður var nefndur Ólafshaus við fyrstu GPS mælingarnar en hefur kallast Jökulkvísl sem hallamælingastaður.

Dropi

NE9307
Júlí 1993

GPS merki
Hnit: N63°54'50", V19°34'24"

Merkið er suðaustan undir Vatnafjöllum innri um 2.5 km norð-norðaustan móbergshnjúks sem nefndur er Dropi. Aka skal um 18.7 km eftir Fjallabaksvegi syðri frá vegamótunum vestan við Keldur og er þá komið í Langvíuhraun skammt vestan Hraunkvíslar. Tvær áberandi vörður norðan vegar marka upphaf slóðar sem liggur til norðurs yfir Hraunkvísl að hliðum Vatnafjalla fremri og svo áfram norðaustur með fjöllum. Eftir um 12.5 km akstur frá vörðunum tveimur við Fjallabaksveg syðri liggur slóðin niður af lágum sandorpnum hraunkanti og um 150 m til norðvesturs á brún hraunsins er merkið. Það er koparbolti með ferkantaðri skífu, boraður í hraunklett, og er talsvert af gráum mosa á hraunnefinu umhverfis staðinn. Um 600 m eru norður að hliðum Vatnafjalla innri og um 2 km austur að móbergshnjúka sem heitir Hrauntindar en hefur á sumum kortum ranglega verið kallað Krakatindur (sá ágæti tindur rís upp af hraunsléttunni milli Rauðkemberga og Rauðufossafjalla). Um 1 m há varða er hlaðin við merkið.

Breiðaskarð
NE9308
Júlí 1993

GPS merki
Hnit: N63°56'28", V19°32'25"

Merkið er í sunnanverðu Breiðaskarði en það skilur að Vatnafjöll innri og Hrauka. Aka skal Fjallabaksveg syðri um 18.7 km frá vegamótum vestan við Keldur og er þá komið í Langvíuhraun skammt vestan vaðsins yfir Hraunkvísl. Tvær áberandi vörður norðan vegar marka upphaf slóðar sem liggur norður yfir Hraunkvísl að hliðum Vatnafjalla fremri og svo áfram norðaustur með þeim norðan Mosfells. Áfram liggur slóðin framhjá Mjóaskarði, sem skilur að Vatnafjöll fremri og Vatnafjöll innri, og eftir um 16.7 km akstur frá vörðunum tveimur við Fjallabaksveg er komið í sunnanvert Breiðaskarð þar sem merkið er. Það er koparbolti með ferkantaðri skífu, boraður niður í um 5 m háan hraunstapa. Stapinn er um 15 m langur og um 7 m breiður og er áberandi þegar kemur upp úr skarðsmynninu. Um 1 m há varða er hlaðin við merkið.

Vikraborgir
422
1968

Hæðarmælingamerki
GPS merki síðan 1993
Hnit: N65°04'05", V16°44'05"

Merkið er í hallamælingalínu sem Eysteinn Tryggvason sett niður við Vikraborgir í Öskju árin 1966 og 1968. Ganga verður af bílastæðinu norðan Vikraborga norðvestur fyrir eldstöðvarnar og er merkið tæpum 500 m vestan stæðisins í sléttu helluhrauni innan við 50 m frá gjalldreif síðan úr gosinu 1961. Merkið er kúptur koparskjöldur um 4 sm í þvermál og er númerið (422) höggvið í hann. Varða er við merkið en það á við um öll merkin í línunni.

Dyngjufjalladalur
NE9309
Ágúst 1993

GPS merki
Hnit: N65°04'39", V16°56'07"

Merkið er við suðurenda móbergshryggjar í miðjum Dyngjufjalladal og þrengist dalurinn mikið á móts við hrygginn. Ef farið er frá Dreka, skála Ferðafélags Akureyrar, skal aka suður fyrir Dyngjufjöll. Um 32 km eru vestur að vegpresti þar sem slóðir skiptast annars vegar til suðurs inn á Gæsavatnaleið en hins vegar inn til norðvesturs í átt að suðurmyrri Dyngjufjalladals og skal fara þá slóð. Þegar komið er rúman 1 km vestur fyrir móbergshnjúka, sem kallaðir eru Kryppur, skiptast slóðir

aftur og má velja hvora sem vill. Sú sem liggur til norðurs í átt að Kattbekingi er eldri og ógreinilegri en mun styttra er að fara hana norður að merkinu eða um það bil 17 km frá vegprestinum við Gæsavatnaleið. Hin leiðin er nýrri og rudd á hverju sumri en hún liggur norðvestur að Fjallsenda og svo áfram norðan Trölladyngju inn á Gæsavatnaleið austan brúarinnar yfir Skjálfandafljót. Um 11 km eru frá vegprestinum við Gæsavatnaleið að slóð sem liggur norður Dyngjufjalladal meðfram hlíðum Dyngjufjalla ytri og eru um 10 km frá vegamótunum við Fjallsenda að merkinu. Þessi leið er því 4 km lengri en heldur greiðfærari. Merkið er í slakka milli syðsta kolls móbergshryggjarins og lítills móbergshnúks sunnan hans. Þetta er koparbolti með ferkantaðri skífu, boraður niður í slétt móberg sem tengir hrygginn og hnjúkinn.

Hrútur
NE9310 til NE9315
Ágúst 1993

Hallamælingastöð
GPS merki (NE9310)
Hnit: N65°09'20", V16°40'33"

Stöðin er um 5 km norðan Kolls í Dyngjufjöllum tæpum 1 km sunnan við stakan móbergshnúk sem hlotið hefur nafnið Hrútur. Um tvær leiðir er að velja þegar aka skal að stöðinni, annars vegar úr norðurmynni Dyngjufjalladals en hins vegar eftir slóð sem liggur til norðurs af veginum til Dreka fyrir vestan gjallgíginn Hött. Ef fyrri leiðin er farin, skal aka austur og upp úr norðurmynni Dyngjufjalladals norðan Lokatinds að GPS- og hallamælingastöðinni sem kennd er við hann og hefur númer RH9007 (sjá merkjalýsingu númer NE9123 til NE9127). Frá Lokatindsstöðinni liggur slóðin til suðausturs að hlíðum Norðurfjalla en sveigir svo eftir rúma 3 km til norðurs að rótum Brúnserks sem er 852 m hátt stakt móbergsfjall. Þaðan er farið austur yfir sandorpið en úfið hraun en síðan aftur til suðurs og í sveig til austurs að nokkuð háum og áberandi móbergshöfða, sem nefndur er Axlarfell. Er norður fyrir Axlarfell kemur, tekur við sandslétta milli þess og hraunjaðarins norður undan og er nú stutt í stöðina. Er eknir hafa verið 12.3 km frá Lokatindsstöðinni er komið að sléttu helluhrauni sunnan Hrúts og er stöðin um 80 m norð-norðvestan slóðar, þar sem hún sveigir fyrir norðurenda austasta höfðans sem farið er framhjá áður en komið er á mikla sandorpna hraunsléttu. Hin leiðin hefst, eins og fyrir segir, vestan við Hött og liggur til norðurs yfir Vikrasand að suðurenda Vikrafells og norður með því að vestan. Frá norðurenda fellsins liggur slóðin yfir úfið en vikurorpið hraunhaft um ½ km og er þá komið í jarðvegsfyllt en mjög mishæðótt hraun. Leiðin liggur svo til vesturs í átt að hlíðum Stórukistu í ótal bugðum og beygjum en þegar þangað kemur, liggur hún milli hrauns og hlíða norður undir Kisturana sem er móbergshryggur um 2 km norðaustan Stórukistu. Milli ranans og kistunnar er farið upp bratta brekku en uppi á henni eru fallegir klepragígar sem kallaðir eru Blökkuborgir. Þaðan liggur slóðin til norðvesturs yfir mikla sandorpna hraunsléttu og eftir um 20 km akstur frá Hetti er komið að stöðinni. Þetta er hringstöð og er fyrsta mælingamerkið (NE9311) sem næst norðri frá miðju með 25 m geisla en hin fjögur liggja hringinn rangsælis út frá því. Miðjumerkið (NE9310) er einnig GPS merki. Þetta eru koparboltar með ferköntuðum skífum og eru tvær vörður hlaðnar við miðjumerkið en ein við hvert hinna.

Svartadyngja
NE9316 til NE9321
Ágúst 1993

Hallamælingastöð
GPS merki (NE9316)
Hnit: N65°07'13", V16°34'18"

Stöðin er vestast í Svörtudyngjuhrauni við brekkurætur austur af Blökkuborgum. Aka skal slóð sem hefst vestan við klepragíginn Hött um 4 km austan Dreka í Dyngjufjöllum. Slóðin liggur norður Vikrasand að suðurenda Vikrafells og svo áfram

norður með því að vestanverðu. Frá norðurenda fellsins sveigir slóðin inn í úfið vikurorpið hraunhaft um 500 m breitt og er auðvelt að þræða það. Norðan haftsins skýrist slóðin og liggur hún þaðan til vesturs í meginstefnu á Stórukistu eftir jarðvegsfylltu en mjög mishæðóttu hrauni. Um miðja vegu milli Vikrafells og Stórukistu liggur slóðin upp á úfnara hraun og svo áfram eftir því að hlíðum kistunnar þar sem slóðin verður greiðfærari norður á milli hrauns og hlíða. Þegar eknir hafa verið um 12 km frá aðalslóðinni við Hött er komið á móts við stöðina, og blasir þá við áberandi varða uppi á hraunjaðrinum. Um 250 m norðar sveigir slóðin upp brekkuna neðan Blökkuborga. Stöðin er á sléttu helluhrauni um 60 m austan slóðarinnar. Þetta er hringstöð og er fyrsta mælingamerkið (NE9317) sem næst norðri frá miðju með 25 m geisla en hin fjögur hringinn rangsælis út frá því. Merkin eru koparboltar með ferköntuðum skífum og eru tvær vörður við miðmerkið (NE9316), sem einnig er GPS stöð, en ein við hvert hinna.

Roðgúll

NE9322

Ágúst 1993

GPS merki

Hnit: N64°58'58", V16°52'10"

Merkið er í suðurhlíðum Dyngju fjalla skammt vestan við fallegan rauðan gjallgíg sem hefur verið kallaður Roðgúll. Aka skal frá Dreka, skála Ferðafélags Akureyrar, suður á milli Vaðöldu og Dyngjuvatns yfir Þykkvasand og Þorvaldshraun og svo áfram vestur með því inn í fallega sandsorfið hraun sem ekkert nafn hefur. Þegar eknir hafa verið um 27 km frá Dreka, er komið að vegamótum og skal fara óstikuðu slóðina sem liggur til norðurs. Eftir henni skal aka um 7 km og er þá komið vestur fyrir gjallgíginn Roðgúl. Slóðin liggur norður fyrir gíginn og svo suður með honum að vestan, en merkið er 8 m vestan slóðar í helluhraunsbleðli sem er undanhlaupt úr úfnu sandorpnu apalhrauni. Þetta er koparbolti með ferkantaðri skífu og er varða hlaðin við hann.

Dreki

NE9323

Ágúst 1993

GPS merki

Hnit: N65°02'40", V16°35'23"

Merkið er um 500 m austan mynnis Drekagils í Dyngju fjöllum. Aka skal 400 m frá Dreka, skála Ferðafélags Akureyrar, eftir slóðinni til Herðubreiðalinda og er þá komið skammt austur fyrir strýtulaga hól sem rís sunnan slóðar. Merkið er koparbolti með ferkantaðri skífu, boraður niður í helluhraunsopnu í vikrinum um 30 m sunnan slóðar, og er varða hlaðin við hann.

Rauðkembangar

NE9324 til NE9332

Sept. 1993

Hallamælingastöð

GPS merki (NE9329) síðan 1994

Hnit: N64°01'38", V19°35'28"

Stöðin er á norðvesturbrún mikillar sandorpinnar hraunsléttu upp af Skjólkvíum norðaustan Heklu. Aka skal af Landmannaleið sunnan Valahnúka slóð sem liggur suður í Skjólkvíar inn með hrauninu frá 1970. Við mót hrauns og hlíðar liggur slóðin í sneiðingum upp á fyrnefnda sléttu og er fyrsta merkið (NE9324) sunnan í hraunkletti á brekkubrúninni rétt norðan slóðar. Næstu fjögur merkin liggja á línu sem næst norðaustri og fylgja nokkurn veginn brúninni. Rúmir 24 m eru á milli NE9325 og NE9326, tæpir 39 m milli NE9326 og NE9327 og um 23 m á milli NE9327 og NE9328 sem er endamerki á þessari línu. Önnur lína liggur til suðausturs frá NE9327 inn á sléttuna og eru merkin fest í morkna hraunkletta sem standa upp úr vikrinum.

Frá NE9327 eru rúmir 22 m til NE9329, rúmir 38 m milli NE9329 og NE9330, um 34 m milli NE9330 og NE9331 og rúmir 44 m á milli NE9331 og NE9332 en það er endamerki stöðvarinnar. Þetta eru koparboltar með ferkantaðri skífu undir hausnum og vörður eru hlaðnar við hvert merki, en sú stærsta er við NE9329 sem einnig er GPS merki. Að stöðinni verður ekki ekið með góðu móti fyrr en snjóa leysir á þessum slóðum en það er oft ekki fyrr en eftir miðjan júlí.

Hafravatn

NE9401

GPS merki

Apríl 1994

Hnit: N64°08'10", V21°40'41"

Merkið er við norvestanvert Hafravatn í Úlfarsfellslandi. Aka skal af Hafravatnsvegi um 750 m eftir afleggjara inn á sumarhúshverfi norðan Hafravatns. Þetta er koparbolti með ferkantaðri skífu, boraður niður í klöpp rétt vestan vegarins.

Hagavík S

NE9402

Vatnsmælingamerki

Apríl 1994

Hnit: N64°07'37", V21°10'01"

Merkið er við vesturbakka Hagavíkur í sunnanverðu Þingvallavatni. Þar sem Grafningsvegur sveigir upp frá vesturbotni Hagavíkur liggur afleggjari til norðurs meðfram vatnsbakkanum og er læst hlið við upphaf hans. Skammt norðan hliðsins liggur vegurinn undir hraunnefi og eru stórir steinar við vatnsborðið út af nefinu. Merkið er koparbolti með ferkantaðri skífu, boraður niður í klett rétt sunnan steinanna.

Nesjar

NE9403

Vatnsmælingamerki

Apríl 1994

Hnit: N64°09'51", V21°12'55"

Merkið er á móbergstanga við vestanverða Bæjarvík í landi Nesja í Grafningi. Aka skal að bænum eftir afleggjara frá Grafningsvegi og eftir fengið leyfi ábúenda má aka norður tún allt að eystri tanga ness þess sem skilur að Hestvík og Bæjarvík. Þetta er koparbolti með ferkantaðri skífu, boraður niður í sléttan móbergstangann sem teygist út í Þingvallavatn undan þykkum jarðvegi og er merkið nokkurn veginn á tanganum miðjum.

Seljavellir

NE9404

GPS merki

Maí 1994

Hnit: N63°33'45", V19°37'57"

Merkið er á Lambafellsheiði upp af bænum Seljavöllum undir Eyjafjöllum. Aka skal heimreiðina að Seljavöllum en 30 m áður en komið er að íbúðarhúsinu, er hlið á girðingu vinstra megin við veginn og eftir að hafa fengið leyfi ábúenda skal aka gegnum hliðið inn á tún sem er neðan undir skógræktargirðingu. Aka skal yfir túnið og svo í gegnum annað hlið, sem er sunnan skógræktarinnar, en þaðan liggur glögg slóð upp brekkur Lambafellsheiðar. Í bleytutið er forarvilpa neðarlega í brekkunni og þarf vel búinn bíl til að yfirstíga hana. Halda skal eftir slóðinni upp heiðina þar til komið er að grjótgili og liggur slóðin þar á hamrabrún, sem er vinstra megin hennar, en til hægri handar er bergkollur og uppi á honum er merkið. Þetta er koparbolti með ferkantaðri skífu, boraður í vesturbrún bergkollsins, og er varða hlaðin við hann. Önnur varða er á miðjum kollinum til nánari auðkenningar.

Steinsholt

NE9405
Maí 1994

GPS merki
Hnit: N63°40'37", V19°36'31"

Merkið er við mynni Steinsholtsdals austan Gígjökuls í Eyjafjallajökli. Aka skal slóðina frá gömlu Markarfljótsbrúnni austur Þórsmerkurleið allt austur yfir vaðið á Steinsholtsá. Um 100 m austan vaðsins skal sveigja af Þórsmerkurleið til suðurs eftir ógreinilegri slóð og svo til suðvesturs að enda svokallaðs Bólhöfuðs, sem er móbergsrani austan Steinsholtsár, en hún rennur norður á milli Bólhöfuðshornsins og Gígjökulsöldunnar. Merkið er uppi á vestasta og hæsta móbergskollinum norðanhallt undir hábrúninni en kollurinn er þverhniptur að sunnan. Þetta er koparbolti með ferkantaðri skífu, boraður í dálítinn móbergsstall í brekkunni nokkrum metrum neðan brúnarinnar, og er varða hlaðin við hann.

Skildingahólsveggur A

NE9406
Ágúst 1994

GPS merki
Hnit: N65°56'43", V16°59'29"

Merkið er við mót Þeistareykja- og Húsavíkurmisgengis um 3 km suðaustan Sæluhúsmúla á Reykjaheiði. Auðveldast er að nálgast staðinn með því að aka frá Húsavík um Reykjaheiði austur fyrir Sæluhúsmúla en þar eru vegamót. Halda skal slóðina, sem liggur til austurs en hún er merkt "Þeistareykir", og aka eftir henni austur undir Rauðhól. Þar eru önnur vegamót og skal halda eftir meginlóðinni sem þarna sveigir til suðurs, en eftir um 3 km akstur frá vegprestinum austan Sæluhúsmúla skal stöðva ökutækið og ganga um 800 m í hávestur að barmi Skildingahólsveggjar við misgengismót Þeistareykja- og Húsavíkurmisgengis. Merkið er koparbolti með ferkantaðri skífu, boraður ofan í gjábarminn beint austur af misgengismótunum, og er varða hlaðin við hann. Við mælingar sumarið 1995 var þessi staður ranglega kenndur við Guðfinnugjá.

Skildingahólsveggur B

NE9407
Ágúst 1994

GPS merki
Hnit: N65°56'41", V16°59'39"

Merkið er við mót Þeistareykja- og Húsavíkurmisgengis um 3 km suðaustan Sæluhúsmúla á Reykjaheiði. Aka skal austur Reykjaheiði og svo slóðina til Þeistareykja en eftir um 3 km akstur frá vegprestinum við vegamótin austan Sæluhúsmúla er best að stöðva ökutækið og ganga vestur að misgengismótunum sem eru við norðurenda Skildingahólsveggjar. Ekki er auðvelt að fara niður misgengið en þó vel fært. Merkið er koparbolti með ferkantaðri skífu, boraður niður í sléttan hraunfleka sem liggur suðaustur og niður af misgengismótunum, og er varða hlaðin við hann. Við mælingar sumarið 1995 var þessi staður ranglega kenndur við Guðfinnugjá.

Skildingahólsveggur C

NE9408
Ágúst 1994

GPS merki
Hnit: N65°55'59", V17°00'02"

Merkið er vestan við Skildingahólsvegg sem er fyrsta misgengið austan Þeistareykjahrauns. Aka skal austur fyrir Sæluhúsmúla á Reykjaheiði og þaðan slóðina til Þeistareykja en eftir um 4.5 km frá vegamótunum austan Sæluhúsmúla skal stöðva ökutækið og ganga í hávestur um 1.1 km í stefnu á Jónsnípu og er þá komið á brún misgengisins. Þarna er varða nálægt brúninni við merki númer NE9409 og sést þaðan greinilega varðan sem hlaðin er við NE9408. Auðvelt er að komast niður misgengið á

Þessum stað en neðan undir því er glögg fjárgata og við hana er varða og ör, mótuð með steinum, sem bendir í átt að staðnum. Um 150 m eru frá fjárgötunni vestur að merkinu sem er skammt norðan úfinnar apalhraunbrúnar. Ef verið er við mælingar á svæðinu, er einfaldast að ganga annaðhvort upp á eða undir misgenginu frá merkjunum við misgengjamótin en um 1.4 km eru á milli þessara mælingastaða. Merkið er koparbolti með ferkantaðri skífu, og er myndarleg varða hlaðin við hann. Við mælingar sumarið 1995 var þessi staður ranglega kenndur við Guðfinnugjá.

Skildingahólsveggur D

NE9409

GPS merki

Ágúst 1994

Hnit: N65°56'01", V16°59'40"

Merkið er austan við Skildingahólsvegg en það er fyrsta misgengið austan Þeistareykjahrauns. Aka skal austur fyrir Sæluhúsmúla á Reykjaheiði og þaðan um 4.5 km eftir slóðinni til Þeistareykja. Gangu skal um 1.1 km í stefnu á Jónsnípu og er þá komið að misgengisbrúninni þar sem merkið er. Ef verið er við mælingar á svæðinu, er einfaldast að ganga með misgengisbrúninni frá merkjunum við misgengjamótin en um 1.3 km eru á milli þessara mælingastaða. Merkið er koparbolti með ferkantaðri skífu og er áberandi varða hlaðin við hann. Við mælingar sumarið 1995 var þessi staður ranglega kenndur við Guðfinnugjá.

Rauðhóll

Hæðarmælingamerki

303

GPS merki síðan 1994

1966

Hnit: N65°57'31", V16°58'25"

Merkið er við norðvesturenda Rauðhóls um 2.5 km austan Sæluhúsmúla á Reykjaheiði. Aka skal Reykjaheiði austur fyrir Sæluhúsmúla og þaðan austur slóð sem merkt er Þeistareykir. Þegar kemur að bugðu, þar sem brautin beygir til suðurs, greinist hún og skal halda slóðina sem liggur til austurs inn á Bláskógaheiði. Frá vegamótunum skal aka um 120 m og er þá komið á móts við merkið sem er sunnan slóðarinnar. Þetta er koparskjöldur og er hann þriðja merkið í langri hæðarmælingalínu, sem hefst við Rauðhól, en liggur þaðan yfir á Hellur milli Höfuðreiðarmúla og Sæluhúsmúla. Eysteinn Tryggvason setti línuna niður sumarið 1966. Merkið er nærri suðurbrún á þykku helluhrauni. Allstór varða er hlaðin við merkið.

Sæluhúsmúli

Hæðarmælingamerki

320

GPS merki síðan 1994

1966

Hnit: N65°57'40", V17°01'19"

Merkið er við vegamót Reykjaheiðarvegar og slóðarinnar til Þeistareykja austan Sæluhúsmúla. Þetta er koparskjöldur og er hann tuttugasta merkið í hæðarmælingalínu sem Eysteinn Tryggvason setti niður sumarið 1966. Vegprestur er við vegamótin, sem vísar til Þeistareykja, en merkið er 12 m norðaustan skiltisins. Áberandi varða er hlaðin við merkið.

Hellur

Hæðarmælingamerki

329

GPS merki síðan 1994

1966

Hnit: N65°57'43", V17°02'25"

Merkið er á svokölluðum Hellum skammt vestan Sæluhúsmúla á Reykjaheiði. Þetta er koparskjöldur og er hann tuttugasta og níunda merkið í hæðarmælingalínu sem Eysteinn Tryggvason setti niður sumarið 1966. Merkið er í afar sléttu helluhrauni um 150 m suðvestan Húsavíkurmisgengisins, þar sem það sneiðir brekkurætur

Sæluhúsmúlans, og um 100 m suðaustan Reykjaheiðarvegur. Allstór varða er við merkið.

Höskuldsvatn
344
1970

Hallamælingastöð
GPS merki síðan 1994
Hnit: N65°58'06", V17°08'56"

Merkið er suðaustan Höskuldsvatns á Reykjaheiði. Þetta er koparskjöldur og er hann fjórða merkið í hallamælingastöð sem Eysteinn Tryggvason setti niður sumarið 1970. Aka skal austur Reykjaheiði og frá vegamótum slóðarinnar suður til Einarstaða í Reykjahverfi eru um 2 km austur að misgengi sem liggur í suður frá austurenda Höskuldsvatns. Vegurinn liggur upp á misgengið og er merkið um 100 m austan þess og um 50 m sunnan vegarins. Áberandi varða er við merkið.

Bláskógaheiði
352
1970

Hallamælingastöð
GPS merki síðan 1994
Hnit: N65°57'45", V16°52'36"

Merkið er á Bláskógaheiði norður af Þeistareykjabungu. Aka skal af Reykjaheiðarvegi hjá Sæluhúsmúla austur slóðina til Þeistareykja en halda beint austur í átt að Rauðhól við vegamótin þar sem Þeistareykjaslóðin sveigir til suðurs. Slóðin liggur norðan Rauðhóls og svo áfram austur heiðina. Þegar eknir hafa verið um 4.8 km frá vegamótum Þeistareykjavegar og Bláskógaheiðarslóðar, er komið á móts við merkið. Þetta er koparskjöldur og er hann annað merkið í hallamælingastöð sem Eysteinn Tryggvason setti niður sumarið 1970. Merkið er um 25 m sunnan slóðarinnar og er áberandi varða hlaðin við það.

Meyjarskarð
NE9410
Ágúst 1994

GPS merki
Hnit: N66°00'28", V17°15'46"

Merkið er á Grjóthálsi suðaustur af Húsavík við Skjálfanda. Aka skal frá Húsavík um Reykjaheiðarveg og eftir um 5 km akstur frá efstu húsum er komið suður undir háhálsinn að aflagðri slóð sem liggur í gegnum svonefnt Meyjarskarð. Aka skal eftir þessari slóð um 200 m inn í mitt skarðið en þaðan verður að ganga upp á syðri klapparkollinn sem myndar það. Merkið er koparbolti með ferkantaðri skífu, boraður niður í jökulskafið hvalbak vestarlega á klapparhæðinni, og er áberandi varða hlaðin við hann.

Búland
NE9411
Sept. 1944

GPS merki
Hnit: N63°48'09", V18°33'34"

Merkið er ofan við bæinn Búland í Skaftártungum. Aka skal af þjóðvegi númer 1 norður Skaftártungur og svo áfram norðvestur fyrir afleggjarann að Búlandi og Skaftárdal inn á Fjallabaksleið nyrðri. Um 4 km norðvestan Búlands er komið að rúlluhiði og skal stöðva farartækið norðan þess. Girðing er austan vegarins og merkið er um 35 m austan hennar á klöpp sem rís upp úr móanum umhverfis. Þetta er koparbolti með ferkantaðri skífu og varða markar staðinn. Eldra GPS merki frá Orku-

stofnun (OS5834) er vestan vegarins skammt norðan hliðsins en vegurinn hefur verið lagður svo nærri að það er ónothæft.

Hekla

NE9412

Sept. 1994

GPS merki

Hnit: N63°59'31", V19°40'02"

Merkið er á hæsta tindu Heklu. Auðveldast er að nálgast staðinn með því að aka af Landmannaleið sunnan Valahnúka slóðina inn í Skjólkvíar og þaðan upp á hásléttuna vestan Rauðkemberga. Slóð hefur verið lögð upp á Rauðkemberga en rétt vestan þeirra er best að hefja gönguna á fjallið og er það um tveggja klukkustunda gangur. Merkið er 1.5 m langt vinkiljárn sem rekið er ofan í gjallhaug á eystri hluta toppgígsins þar sem hæst ber. Vinkiljárnið stendur um 10 sm upp fyrir yfirborðið og er sagaður kross ofan í það. Ferköntuð koparplata með númerinu (NE9412) er fest við vinkiljárnið og er varða hlaðin við það. Einnig er nokkrum steinum raðað umhverfis til að vernda það.

Ísakot, stífla

NE9413

Sept. 1994

Þyngdarmælingamerki

Hnit: N64°07'10", V19°44'15"

Merkið er á inntaksmannvirkjun Búrfellsvirkjunar við Ísakot. Þetta er koparbolti með ferkantaðri skífu, boraður niður í brúargólfíð við kantinn hjá handriðinu að vestanverðu, strax og mölinni sleppir norðan timburhússins (Ísakot). Hazel Rymer mældi á þessum stað með þyngdarmæli 1994 en merkið er ónothæft til annarra mælinga vegna staðsetningar.

Dagmálafjall

NE9414 til NE9423

Okt. 1994

Hallamælingastöð

(NE9414)

Hnit: N63°36'53", V19°49'29"

Stöðin er austarlega á Hamragarðaheiði vestan Eyjafjallajökuls í um 720 m.y.s. Aka skal upp á heiðina af gamla þjóðveginum við Kattarnef norðan Hamragarða. Rúlluhlið er við upphaf slóðarinnar og er ekið framhjá malargryfjum við Kattarnef en sveigt síðan til suðausturs og svo áfram sem leið liggur upp heiðardrögin. Eftir um 9.5 km akstur frá rúlluhliðinu er komið á malarhæð eða gamla jökulöldu á móts við Hornafell sem er tæpan 1 km norðan slóðar. Þarna er varða við veginn og liggur ógreinileg slóð norður frá henni í átt að klapparholti en uppi á því er stöðin. Tæpir 200 m eru frá vörðunni við veginn að merki númer NE9420 en það er á vesturenda línunnar. Fyrsta merkið (NE9414) er um 190 m austar, handan dálíttillar hvilftar, og er það borað í bergbrík neðan undir vörðunni sem hlaðin er norðan þess. Fyrstu sex merkin hafa megin stefnu frá austri til vesturs en næstu fjögur liggja frá suðri til norðurs. Allstórar vörður eru við hvert merki og ættu þau því að vera auðfundin við venjulegar aðstæður. Þetta eru koparboltar með ferköntuðum skífum undir hausunum og eru númerin höggvin í þær.

NE9424

Nóv. 1994

Vatnsmælingamerki

Hnit: N64°29'00", V21°19'04"

Merkið er hjá austurenda Skorradalsvatns við víkina þar sem vegurinn liggur næst því um 80 m austan stóra steinsins með NE80057. Þetta er koparbolti með ferkantaðri skífu og er þannig gengið frá honum að grafin var um 1 m djúp hola og hún fyllt upp með steypu sem undirstaða. Niður úr holubotninum voru reknir þrjú steypustyrktarteinar og efri hluti þeirra festir við neðri hluta koparboltans. Lítil varða er við merkið. Því miður bendir margt til þess að þetta sé ekki varanleg festing, en eftir næstu mælingu fæst skorið úr því.

NE9501
Maí 1995

Vatnsmælingamerki
Hnit: N64°32'24", V21°37'00"

Merkið er á norðurenda yfirfallshluta virkjunarstíflu Andakílsárvirkjunar við vestanvert Skorradalsvatn. Aka skal af þjóðvegi númer 50 um 100 m norðan Andakílsár að enda stíflugarðsins og er merkið auðfundið, en það er koparbolti með ferkantaðri skífu. Merkið var sett í stíflugarðinn þegar í ljós kom að NE9302 hjá vatnshæðarmæli Orkustofnunar var óstöðugur.

Leirvogstunga
NE9501A
Janúar 1995

GPS merki
Hnit: N64°11'00", V21°41'52"

Merkið er á steiptum hliðstólpa við segulmælingastöð Raunvísundastofnunar Háskóla Íslands í Leirvogstungu í Mosfellsbæ. Þetta er koparbolti með ferkantaðri skífu og hefur verið notaður við tilraunir með nýja gerð af GPS tækjum.

Hagavík N
NE9502
Maí 1995

Vatnsmælingamerki
Hnit: N64°07'38", V21°09'57"

Merkið er við vestanverða Hagavík sem gengur suður úr Þingvallavatni. Þar sem Grafningsvegur sveigir til vesturs frá botni Hagavíkur, liggur afleggjari til norðurs meðfram vatnsbakkanum og er læst hlið við upphaf hans. Um 100 m norðan hliðsins sveigir slóðin upp litla brekku frá vatninu og 30 m frá beygjunni er hraunkantur sem rís upp af vatnsborðinu. Merkið er koparbolti með ferkantaðri skífu, boraður niður í lítinn stall utan í hraunkantinum og falleg birkihrísla vex út úr berginu upp af honum. Annað merki (NE9402) er við vatnsborðið skammt norðan hliðsins og eru um 100 m milli merkjanna.

Borgarplast
NE9502A
Febrúar 1995

GPS merki
Hnit: N64°09'37", V22°00'19"

Merkið er á þakbrún skrifstofuhluta húss Borgarplasts á Seltjarnarnesi. Þetta er koparbolti með ferkantaðri skífu, boraður niður í norðurbrún skrifstofuþaksins, og hefur verið notaður við tilraunir með nýja gerð af GPS tækjum.

Þrúðvangur
NE9503
Febrúar 1995

GPS merki
Hnit: N64°04'56", V21°57'10"

Merkið er á bílskúr hjá húsinu númer 15 við Þrúðvang í norðurbæ Hafnarfjarðar. Þetta er koparbolti með ferkantaðri skífu, boraður niður í suðvesturhorn bílskúrþaksins. Merkið hefur verið notað við tilraunir með nýja gerð af GPS tækjum.

Ljósafoss

NE9504

GPS merki

Ágúst 1995

Hnit: N64°05'40.53", V21°01'02.27"

Merkið er vestan Sogs norðan stíflugarðs Ljósafossvirkjunar. Ef ekið er vestur yfir brúna hjá Írafossvirkjun, skal aka norður með Soginu um 600 m eða þar til kemur að klapparholti á móts við Ljósafossvirkjun. Sunnan undir holtinu hefst slóð, sem liggur niður í gamla grjótnámu, og er merkið á klapparbrík sem skilur að slóðina og árbakkann. Þetta er koparbolti með ferkantaðri skífu, boraður niður í sunnanverða brikina, og er varða hlaðin við hann.

Kvíslarhóll

NE9505

GPS merki

Ágúst 1995

Hnit: N66°06'09", V17°16'30"

Merkið er á norðurbarmi Köldukvíslargils á Tjörnesi. Frá Húsavík eru um 7.5 km að heimreiðinni austur til bæjarins Kvíslarhóls. Aka skal um 350 m eftir heimreiðinni og er merkið 7 m sunnan vegar og 3 m frá gilbarmi Köldukvíslargils. Þetta er koparbolti með ferkantaðri skífu, boraður í klöpp, og er lítil varða við hann.

Breiðavík

NE9506

GPS merki

Ágúst 1995

Hnit: N66°11'18", V17°07'58"

Merkið er austan Breiðuvíkur á Tjörnesi. Aka skal frá Húsavík og eftir um 21 km er komið á móts við staðinn. Um 400 m eru þá eftir að afleggjaranum sem liggur út til vitans á Tjörnestá. Ganga skal um 150 m til austurs og er merkið í sundursprungnu klapparholti í hvarfi frá vegi. Þetta er koparbolti með ferkantaðri skífu og er varða við hann. Við mælingar 1995 hét þessi staður Mánárbakki.

Bangastaðir

NE9507

GPS merki

Ágúst 1995

Hnit: N66°09'07", V16°59'16"

Merkið er við Gerðibrekku sunnan eyðibýlisins Bangastaða á austanverðu Tjörnesi. Aka skal norður Auðbjargarstaðabrekkur upp úr Kelduhverfi og um 1.8 km norður fyrir hringsjá, sem er upp af Hringsbjargi, og stöðva ökutækið við blindhæð á veginum. Merkið er 70 m suðvestan og ofan við veginn og 25 m frá misgengisbrún. Þetta er koparbolti með ferkantaðri skífu og er lítil varða við hann.

Húsavíkurfjall

NE9508

GPS merki

Ágúst 1995

Hnit: N66°03'14", V17°18'22"

Merkið er á Húsavíkurfjalli austan Skjálfanda. Skammt norðan Húsavíkur liggur afleggjari til austurs upp á fjallið. Frá hringsjánni á toppi Húsavíkurfjalls skal aka til baka um 350 m og er merkið um 80 m norðaustan og neðan vegarins. Þetta er koparbolti með ferkantaðri skífu, boraður í klöpp, og er lítil varða hlaðin við hann.

Laugardalur

NE9509

GPS merki

Ágúst 1995

Hnit: N66°03'05", V17°21'11"

Merkið er á syðri brún Laugardals rétt norðan Húsavíkur. Frá bensinstöð Skeljungs á Húsavík skal aka um 650 m norður fyrir byggðina og stöðva ökutækið við

vegar slóða sem liggur til austurs. Ganga skal um 150 m norðvestur eftir syðri brún Laugardals en hann er hluti Húsavíkurmisgengisins. Merkið er koparbolti með ferkantaðri skífu og er lítil varða við hann.

Stóra Björnsfell

NE9510

GPS merki

Júlí 1995

Hnit: N64°26'46.03", V20°43'42.45"

Merkið er við línuveginn norðan Skjaldbreiðar. Aka skal 12.2 km frá Kaldadalsvegi austur eftir línuveginum og er þá komið austur á milli línuvirkja númer 282 og 281 (talning virkjanna er frá austri til vesturs). Merkið er koparbolti með ferkantaðri skífu undir hausnum og er hann boraður ofan í suðurtagl á hraunhól um 20 m norðan vegar mitt á milli fyrrnefndra línuvirkja en þau eru þarna sunnan vegar. Allstór varða er hlaðin rétt norðan merkisins.

Lambahraun

NE9511

GPS merki

Júlí 1995

Hnit: N64°26'35.76", V20°23'04.38"

Merkið er við línuveginn í norðanverðu Lambahrauni austan Hlöðufells. Aka skal 29.8 km austur eftir línuveginum frá vegamótum við Kaldadalsveg og er þá komið austur fyrir línuvirki númer 233. Merkið er um 150 m sunnan línuvirkisins og um 40 m suðvestan vörðu við bugðu á veginum austan virkisins. Þetta er koparbolti með ferkantaðri skífu undir hausnum, boraður niður í slétta hraunklöpp. Allstór varða er hlaðin rétt norðan merkisins.

Æðarfossar

NE9512

GPS merki

Ágúst 1995

Hnit: N65°58'58", V17°24'39"

Merkið er við Æðarfossa sunna ósa Laxár í Aðaldal. Aka skal norðan Laxamýrar framhá veiðihúsi að bílastæði austan Æðarfossa. Merkið er 7 m frá bílastæði, hægra megin við göngustíg sem liggur niður frá stæðinu. Þetta er koparbolti með ferkantaðri skífu, boraður í móberg, og er lítil varða við hann.

Randir

NE9513

GPS merki

Ágúst 1995

Hnit: N65°41'12", V16°57'41"

Merkið er á svonefndum Röndum við slóðina sem liggur af Hólasandi til Þeistareykja. Aka skal 9.3 km frá neyðarskýli á Hólasandi slóðina norður til Þeistareykja. Farið er gegnum þrjú hlið og frá síðasta hliði eru um 550 m að stað þar sem stöðva skal farartækið. Girðing er við slóðina, sem fara verður yfir, og er merkið um 40 m vestan vegarins. Ef komið er norðan að, skal aka 10.3 km frá skálanum á Þeistareykjum. Merkið er koparbolti með ferkantaðri skífu, boraður niður í hraunklöpp, og er varða við hann.

Þríhyrningur

NE9514

GPS merki

Ágúst 1995

Hnit: N65°59'42", V16°59'54"

Merkið er suðvestan undirhlíða Þríhyrnings, norðan Sæluhúsmúla á Reykjaheiði. Aka skal frá vegamótunum austan Sæluhúsmúla norður veginn í átt að bænum Fjöllum í Kelduhverfi og stöðva farartækið eftir 2.6 km. Merkið er í síðustu hraunklökk áður en ekið er upp undirhlíðar Þríhyrnings, um 150 m austan vegarins. Þetta er koparbolti með ferkantaðri skífu og er lítil varða hlaðin við hann.

Kjalarhöfði

NE9515

GPS merki

Ágúst 1995

Hnit: N65°55'28", V17°27'39"

Merkið er á höfða sunnan brúarinnar yfir Laxá í Aðaldal hjá Núpafossi. Aka skal af þjóðvegi númer 85 í Aðaldal heimreiðina til bæjanna Núpa, Kjalar og Árbótar. Þegar kemur yfir brúna á Laxá, skal stöðva ökutækið og ganga um 250 m til suðurs yfir höfðann. Merkið er ekki á hæsta klettinum heldur sunnanhallt við hann í móbergi þöktu bólstrabrotum sem stendur lítið eitt upp úr lausum jarðlögum. Þetta er koparbolti með ferkantaðri skífu og er varða við hann.

Garður

NE9516

GPS merki

Ágúst 1995

Hnit: N66°04'48", V16°44'24"

Merkið er vestan kirkjustaðarins Garðs í Kelduhverfi. Aka skal eftir þjóðveginum í Kelduhverfi (númer 85) um 400 m til vesturs frá afleggjaranum að kirkjustaðnum. Merkið er í hraunklökk um 100 m sunnan vegarins. Þetta er ómerktur bolti úr ryðfríu stáli (engin merkiplata) og lítil varða hlaðin við hann.

Helguhóll

NE9517

GPS merki

Ágúst 1995

Hnit: N66°02'44", V16°57'22"

Merkið er vestan Helguhóls á Fjallaheiði í Kelduhverfi. Aka skal gamla Reykjaheiðavegin frá þjóðveginum (númer 85) í Kelduhverfi en hann er merktur "Fjöll" og hefst skammt vestan bæjarins Lóns. Þegar eknir hafa verið 5.4 km frá vegamótunum, er komið á mót við Helguhól þar sem slóðin er næst honum. Merkið er um 150 m austan vegar nær miðja leið milli hans og hólsins. Þetta er ómerktur bolti úr ryðfríu stáli (engin merkiplata) og lítil varða hlaðin við hann. Ef komið er sunnan að, þá eru um 11.5 km frá vegamótum austan Sæluhúsmúla að staðnum.

Bláuskriður

NE9518

GPS merki

Ágúst 1995

Hnit: N66°01'50", V17°15'00"

Merkið er skammt norðvestan Krubbsfjalls en það rís austur og upp af Botnsvatni í nágrenni Húsavíkur. Skammt norðan Húsavíkur liggur afleggjari til austurs upp á Húsavíkurfjall og skal aka hann. Frá toppi fjallsins má fara slóð, sem liggur til austurs, og stöðva farartækið eftir um 3.3 km við rætur lítillar brekku. Merkið er stálbolti, boraður í berg um 50 m sunnan slóðar, og er varða hlaðin við hann.

Hamrahlíð

NE9519

GPS merki

Ágúst 1995

Hnit: N65°52'44", V17°03'56"

Merkið er við Hamrahlíð suðaustan undir Lambafjöllum. Frá sæluhúsinu við Þeistareyki skal aka slóðina til suðurs um 2.5 km. Þar skal fara út af slóðinni til hægri og fylgja troðningi meðfram girðingu um 2 km til norðurs, en þar sveigir girðingin til vesturs og liggur um 0.8 km yfir nýlegt hraun. Þaðan skal halda 1 km til suðvesturs og svo loks um 3 km til suð-suðvesturs og alltaf fylgir troðningurinn girðingu. Þarna skal stöðva farartækið og ganga um 500 m til vesturs og huga að fyrri vörðu. Frá henni skal ganga til vesturs yfir nýlegt misgengi og síðan upp á næstu hæð og huga að seinni vörðunni þar sem merkið er. Það er stálbolti, boraður í miðja hæðina niður í lítið klapparholt. Ekki var mælt á þessum stað þegar merkinu var komið fyrir og eru hnitin því ónákvæm.

Flatey

NE9520

Ágúst 1995

GPS merki

Hnit: N66°09'29", V17°51'00"

Merkið er í Flatey á Skjálfanda. Það er stálbolti, boraður í steinsteypu yst á hafnar-garðinum landmegin.

Ytra Höfðagil

NE9521

Ágúst 1995

GPS merki

Hnit: N65°52'54", V17°58'37"

Merkið er á Flateyjardalsheiði. Skammt austan bæjarins Þverár í Dalsmynni liggur slóð norður á Flateyjardal. Aka skal um 12.5 km eftir slóðinni frá aðalveginum í Dalsmynni og stöðva farartækið, áður en farið er yfir læk sem rennur niður hlíðarnar að vestanverðu. Trébrú var lögð yfir lækinn 1995. Sunnan lækjarins er bergkambur og verður að klífa um 20 m eftir honum að merkinu. Þetta er stálbolti og er varða hlaðin við hann. Staðurinn hét Flateyjardalsheiði við mælingar 1995.

Sjónarhóll

NE9522

Ágúst 1995

GPS merki

Hnit: N66°09'34", V17°15'11"

Merkið er á litlum hól (Sjónarhól) skammt sunnan bæjarins Hóls á Tjörnesi. Aka skal norður Tjörnesveg (númer 85) og 300 m norðan afleggjarans að Hallbjarnarstöðum er hollinn með merkinu rétt vestan vegar. Merkið er frá Landmælingum Íslands, bolti í steiptum stöpli. Staðurinn hét Hallbjarnarstaðir við mælingar 1995.

NE9523 og NE9524

Merki með þessum númerum hafa ekki verið sett niður.

Breiðavatn

NE9525

Sept. 1995

GPS merki

Hnit: N64°40'58", V21°14'09"

Merkið er á klapparkolli austan vegar númer 518 þar sem hann liggur yfir hálsinn milli Reykholtalds og Hvítár í Borgarfirði. Aka skal um 4 km norðaustur veginn (518) frá Reykholti framhjá Breiðavatni að slóð sem liggur til austurs frá honum. Eftir slóðinni skal aka um 300 m og er þá komið að rótum berghóls þar sem Orkustofnun hefur merki númer OS7371. Girðing er sunnan í hólnum og skal fara yfir hana og ganga um 100 m norður og niður að öðrum klapparhól en á honum er merkið. Þetta er koparbolti með ferkantaðri skífu og er varða hlaðin við hann.

Akranes
NE9526
Sept. 1995

GPS merki
Hnit: N64°19'13", V22°02'10"

Merkið er á grónum berghrygg milli útivistargarðs og golfvallar Akurnesinga. Aka skal að byggðasafninu í Görðum á Akranesi og þaðan um 400 m norðaustur að golfvellinginum fyrrnefnda. Er þá komið að suðvesturenda gróna berghryggjarins en um 60 m eru að steiptum GPS mælingastöpli (AK3725) á miðjum hryggnum. Merkið er um 16 m norðaustan stöplulsins. Þetta er koparbolti með ferkantaðri skífu en engin varða er við hann.

Þrætutangi
NE9527
Sept. 1995

GPS merki
Hnit: N63°49'14", V19°11'53"

Merkið er á sléttum helluhraunsfláka á Þrætutanga við Fjallabaksleið syðri. Aka má hvort sem er slóðina vestan frá Fljótshlíð eða Fjallabaksleið syðri frá Keldum á Rangárvöllum, en þær sameinast við mót Bláfjallakvísar og Kaldaklofskvísar sunnan Hvanngils. Þrætutangi myndast milli þessara kvísla áður en þær falla saman. Merkið er við suðurbrún hraunflákans nærri miðja vegu milli tveggja radarendurvarpsspegla, sem komið var fyrir sumarið 1995, og um 40 m sunnan vegarslóðans. Þetta er koparbolti með ferkantaðri skífu og er allstór varða hlaðin við hann.

Slýlækur
NE9528
Sept. 1995

Vatnsmælingamerki
Hnit: N63°56'48", V19°57'55"

Merkið er í brún Norðurhrauns um 130 sm upp af upptökum Slýlækjar vestan bæjarins í Selsundi. Þetta er koparbolti með ferkantaðri skífu, boraður lárétt inn í hraunbrík. Fjargata liggur eftir bríkinni ofan við merkið. Mælistika úr ryðfríu röri er rekin niður í lækjarfarveginn við upptökin. Við mælingu 21. sept. 1995 var hæð merkis 93.899 sm yfir toppi mælistikunnar.

Botnalækur
NE9529
Sept. 1995

Vatnsmælingamerki
Hnit: N63°56'32", V19°55'19"

Merkið er í hraunkletti við austurbakka Botnalækjar en það er austasta upptakakvísl Selsundslækjar. Kletturinn er 20 til 25 m frá upptökum lækjarins og merkið, sem er koparbolti með ferkantaðri skífu, er borað lárétt inn í hann yfir vatnsborðinu. Mælistika úr ryðfríu röri er rekin niður í lækjarfarveginn við upptökin. Við mælingu 21. sept. 1995 var hæð merkis 25.243 sm yfir toppi mælistikunnar.

Keldnalækur
NE9530
Sept. 1995

Vatnsmælingamerki
Hnit: N63°49'19", V20°04'11"

Merkið er í hraunbrún upp af vesturbakka Keldnalækjar á Rangárvöllum skammt austan gamla Keldnatúnsins. Þetta er koparbolti með ferkantaðri skífu, boraður lárétt inn í sléttan hraunvegg sem rís upp af lækjarfarveginum 15 til 20 m frá upptökunum. Mælistika úr ryðfríu röri er rekin niður í lækinn við upptökin. Við mælingu 21. sept. 1995 var hæð merkis 71.746 sm yfir toppi mælistikunnar.

Næfurholtslækur

NE9531

Sept. 1995

Vatnsmælingamerki

Hnit: N63°58'57", V19°54'21"

Merkið er á jarðföstum móbergskletti vestan upptaka Næfurholtslækjar um 5 m frá bakkanum. Þetta er koparbolti með ferkantaðri skífu, boraður ofan í miðjan klettinn. Mælistika úr ryðfríu röri er rekin niður í lækinn við upptökin. Við mælingu 22. sept. 1955 var hæð merkis 144.851 sm yfir toppi mælistikunnar.

Selvatn

NE9532

Sept. 1995

Vatnsmælingamerki

Hnit: N63°58'32", V19°54'49"

Merkið er neðarlega í jarðföstum móbergskletti undir austurhlíðum Bjólfells um 30 m frá mælistiku við vatnsborð Selvatns. Þetta er koparbolti með ferkantaðri skífu, boraður lárétt inn í klettinn gegnt vatninu, og er varða við hann. Mælistika úr ryðfríu röri er fest með baulu við móbergsklett í vatnsborðinu við vestanvert Selvatn. Þegar mælt var 22. sept. 1955 reyndist hæð merkis 265.860 sm yfir toppi mælistikunnar.

Merki skráð eftir útkomu skýrslunnar

Gæsahnjúkur

NE9701

Ágúst 1997

GPS merki

Hnit: N64°47.05', V17°28.89'

Merkið er norð-norðvestan Gæsahnjúks á Gæsavatnaleið. Akið austur Gæsavatnaleið fram hjá skála við Gæsavötn. Merkið er 1.9 km austan skálans og 350 m eftir að komið er upp bratta melbrekku. Merkið er 10 m sunnan slóðar. Varða er við merkið.

Tindafell

NE9702

Ágúst 1997

GPS merki

Hnit: N64°45.04', V17°38.01'

Merkið er um 2 km norðan við Tindafell í norðanverðu Vonarskarði. Akið 25.5 km eftir Gæsavatnaleið frá Nýjadal. Takið afleggjara til suðurs um 0.5 km austan vaðs á á í Langadragi. Akið til suðurs að mótum slóða þar sem skilti er og á stendur "Gjóstur". Beygið til austurs eftir gömlu Gæsavatnaleiðinni, yfir vað á kvísl (Fellskvísl) sem getur verið varasöm. Akið 0.5 km frá vaðinu og beygið til suðurs eftir ógreinilegri slóð 1.6 km, fram hjá tveimur litlum vötnum og upp með kvísl á meleyrum. Merkið er á 20 m háum hól um 100 m vestan auranna.

Hníflar

NE9703

Ágúst 1997

GPS merki

Hnit: N64°43.22', V17°43.59'

Merkið er norðaustan Valafells í Vonarskarði. Akið 25.5 km eftir Gæsavatnsleið frá Nýjadal. Beygið til suðurs og akið 11.9 km í átt að Gjóstu í Vonarskarði. Þá er farið yfir læk og þar er komið að slóðamótum. Takið eystri slóðina og akið 700 m í átt að móbergsklettunum Hníflum. Merkið er í breksíuklöpp um 25 m vestan og ofan slóðarinnar, um 1 km áður en komið er að fyrrnefndum dröngum.

Skerðingur

NE9704

GPS merki

Ágúst 1997

Hnit: N64°36.72', V18°04.48'

Merkið er við slóð frá Hágöngum inn í Vonarskarð að sunnan. Akið 7 km frá Sprengisandsvegi í átt að Hágöngum. Takið svo slóð sem liggur inn í Vonarskarð, akið eftir henni 13 km. Merkið er í móbergsklöpp, um 15 m vestan slóða, í hæð sem er sú fyrsta sem komið er upp á norðan lónsins. Varða er við merkið.

Nefsteinn

NE9705

GPS merki

Ágúst 1997

Hnit: N64°38.82', V17°42.75'

Merkið er í dalverpi milli fjallanna Nefsteins og Fremsta Bálkafells í sunnanverðu Vonarskarði. Akið inn í Vonarskarð að sunnan, yfir vað á Köldukvísl, inn fyrir Svarthöfða og inn á sandslétturarnar. Akið áraura í átt að Nefsteini eins langt og hægt er. Merkið er um 2-300 m inni í dalnum á áberandi klöpp, merkt með vörðu.

Sveðja

NE9706

GPS merki

Ágúst 1997

Hnit: N64°30.95', V18°01.70'

Merkið er í bólstrabergskolli sunnan árinna Sveðju. Akið yfir Hágöngustíflu og þaðan inn í átt að Hamrinum ???? km yfir hraun og sanda. Merkið er uppi á 20 m háum kolli, þeim fyrsta sem komið er að fyrir sunnan farveg Sveðju. Erfitt er að lýsa slóðum þar til Hágöngulónið er komið í fulla stærð. Varða er við merkið.

Skinnhúfa

NE9707

GPS merki

Október 1997

Merkið er á klapparholti um 500 m suðvestan Saurbæjar í Holtum. Aka skal um 350 m suðvestur fyrir heimreiðina að Saurbæ og sveigja þar til suðausturs eftir veginum að Guttormshaga. Eftir um 200 m er komið á klapparholtið og er merkið um 17 m suðvestan vegarins á suðurbrún klapparinnar. Lítil varða er sunnan merkisins sem er koparbolti, boraður í harða klöpp.

Hagaholt

NE9708 (NE008, það láðist að stimpla ártalið)

GPS merki

Október 1997

Merkið er á sléttri klöpp syðst á Hagaholti um 650 m suðvestan Saurbæjar í Holtum. Aka skal um 650 m til suðvestur frá heimreiðinni að Saurbæ og er þá komið að vegarspotta sem liggur til norðurs upp á Hagaholtið. Hlið er á veginum og er merkið um 7 m austan þess við girðingu. Um 10 m eru frá aðalvegi norður að merkinu sem er koparbolti, boraður í harða klöpp og er lítil varða hlaðin norðan þess.

Reykjakot

OS-DU07

GPS merki

1991

Hnit: N64°01.08', V21°11.57'

Aka skal sem leið liggur í gegnum Hveragerði, fram hjá hvernum Grýtu, veginn að seli Menntaskólans í Reykjavík. Skömmu áður en komið er að bænum Reykjakoti liggur afleggjari til hægri að hvítmáluðum útihúsum með rauðum þökum. Best er að stöðva farartækið við afleggjarann og ganga þaðan upp að merkinu sem er á dálitlum fjallsrana sem gengur suður á milli Reykjakots og útihúsanna. Merkið er á hæsta og nyrsta klapparhólnum á rananum um 150 m norðaustan vegar. Varða er við merkið sem er koparbolti frá OS.

Klambragil

OS-DU18
1991

GPS merki
Hnit: N64°02.88', V21°13.82'

Ef ekið er frá Reykjavík um Hellisheiði skal halda um 1.6 km austur fyrir neyðarskýlið á heiðinni og sveigja þar af þjóðveginum til norðurs inn á malarveg sem liggur í gegnum gamlar gjallnámur. Vegurinn liggur að borholustæði Hitaveitu Reykjavíkur austan Ölkelduháls. Aka skal eftir þessum vegi rúma 4.8 km og er þá komið að útskoti í hávestur frá Molddalahnúkum. Þaðan skal ganga til austurs á skarð milli hnúkanna (syðri hnúkurinn mun hærri) og svo niður úr því á syðri brún Klambragils þar sem merkið er á móbergskletti við gilbrúnina. Það er um 30 mín. gangur að staðnum og er varða við merkið sem er koparbolti frá OS.

Sandklettur

OS-7331
1985

GPS merki
Hnit: N64°05.11', V21°15.47'

Aka skal upp á syðsta borholuplanið við Nesjavelli og ganga þaðan. Best er að ganga upp að stiga yfir girðingu um 100 m sunnan og ofan við planið og þaðan eftir merktum gönguslóða yfir gil að vegpresti sem er á brekkubrún. (Merking á vegpresti: Nesjavellir, Sleggjubeinsdalur, Dyradalur). Þaðan skal ganga slóðann til suðausturs niður að hveralæk og svo áfram niður með lækjarbakkanum. Þegar kemur niður á sléttlendið blasa Sandklettur við í suðaustri og er merkið í slakka milli tveggja hæstu kollanna. Þetta er koparbolti frá OS og er varða hlaðin við hann. Um 20 mín. gangur er frá borholuplaninu að merkinu.

Katlatjarnir

OS-DU25
1991

GPS merki
Hnit: N64°04.63', V21°10.18'

Merkið er á Katlatjarnahrygg austan Hrómundartinds í Grafningi. Frá vegamótum heim að Nesjavallavirkjun og Grafningsvogar er um 6.4 km austur að afleggjara sem liggur suður til Katlatjarna og frá brúnni norðan Ýrufossvirkjunnar vestur að þessum sama afleggjara eru um 7.5 km. Þegar beygt er suður afleggjarann blasir við sumarhús í miðri brekku. Um 300 m eru að hliði við húsið og þegar komið er gegnum það skal sveigja til vinnstri eftir slóð sem liggur í boga upp fyrir sumarhúsið. Það er annað hús á slóðinni um 100 m frá því fyrra. Er í gegnum hliðið kemur liggur slóðin upp á norðurenda hryggjar og svo áfram eftir honum til suðurs. Vegamót eru um 1.5 km frá hliði og skal taka slóðina til vinstri. Við norður rætur Súlufellis er annað hlið (þriðja

hliðið) og eru um 2.4 km þangað frá hliði ofan við sumarhúsið (annað hliðið). Frá Súluvellshliðinu eru svo um 3 km að merkinu sem er um 20 m sunnan slóðar á hæsta hluta Katlatjarnahryggjar. Samtals eru um 5.8 km suður að merkinu frá Grafningsvegi. Þetta er koparbolti frá OS og er varða hlaðin við hann.

Vogsósar (VOGS)

NE9901

GPS merki

Mars 1999

Hnit: N63°51'09.54", V21°42'13.13"

Merkið er skammt vestan SIL skjálftanemans við Vogsósa í Selvogi. Það er í sléttu helluhrauni undir miðjum málmstöpli þar sem GPS loftneti hefur verið komið fyrir. Aka skal um 450 m suður fyrir syðri bæinn í Vogsósum (af hlaðinu yfir túnið eftir að leyfi ábúenda er fengið) og er þá komið að landgræðslugirðingu sem liggur austur-vestur. Stöpullinn er skammt sunnan girðingarinnar og er hann boltaður niður í hraunið rétt vestan tunnunar þar sem skjálftaneminn er.

Hveragerði (HVER)

NE9902

GPS merki

Mars 1999

Hnit: N64°01'01.54", V21°11'03.82"

Merkið er skammt austan golfskála Hvergerðinga í Gufudal inn af Hveragerði. Það er í steiptum palli undir miðju málmstöpuls sem settur var upp fyrir GPS loftnet. Stöpullinn er á dálitlu kalpparholti austan gamallar hlöðu sem er áföst golfskálanum. Vegarlóði liggur norður með hlöðunni milli hennar og klapparholtsins.

Skrá yfir nokkur örnefni í Dyngjufjöllum og grennd

Mælingamenn Norrænu eldfjallastöðvarinnar hafa notað nokkur ný örnefni við störf sín í Dyngjufjöllum og koma sum þeirra fyrir í lýsingunum hér að framan. Einnig verður getið gamalla örnefna sem ekki hafa ratað inn á kort eða eru þar ekki alltaf á réttum stöðum samkvæmt tiltækum heimildum.

Askur

Eyjan í Öskjuvatni sem talið er að hafi myndast sumarið 1926.

Axlarfell

Móbergfell á norðurenda fjallsrana eða röðuls sem gengur til norðurs frá Kolli. Fellið er um 3.5 km norðan Kolls. (Nafnið varð til í leiðangri Ferðafélags Akureyrar 1974.)

Blökkuborgir

Fallegir klepragígar á misgengisbrún um 2 km norðaustan Stórukistu. Slóðin norðan Dyngjufjalla liggur á milli þeirra. (Höfundur Árbókar Ferðafélags Íslands 1981 um Ódádahraun kallar stærstu borgina *Dyraborg*.)

Brúnserkur

Stakt 852 m hátt fjall úr ljósbrúnu móbergi norðan Dyngjufjalla um 5 km norð-norðaustan Lokatinds. Slóðin norðan Dyngjufjalla liggur milli þess og fjallanna. (Í Árbók Ferðafélags Íslands 1981 er þetta fjall nefnt *Einstæðingur* og haft eftir gangnamönnum úr Mývatnssveit.)

Drekafjöll

Samheiti þess hluta Dyngjufjalla sem liggja austan Öskju og sunnan Öskjuops.

Dyngja

Skáli Norrænu eldfjallastöðvarinnar austan Svarthöfða við sunnanvert Öskjuop.

Dyngjudalur

Pröngur dalur sem gengur suður í fjöllin sunnan Öskjuops. Skáli Norrænu eldfjalla-stöðvarinnar er fyrir mynni dalsins.

Eystraskarð

Um 3 km langt og 1 til 2 km breitt skarð í norðaustanverðum Dyngjufjöllum vestan Stórukistu og Litlukistu. Norðurmynni þess marka Kollur og Stórakista. (Ólafur Jónsson segir í riti sínu um Ódádahraun að þýski jarðfræðingurinn H. Spethmann hafi gefið skarðinu nafnið.)

Fingrafell

Stakt, rúmlega 700 m hátt, móbergfell norðvestan Dyngjufjalla um 3.5 km norð-norðvestan Lokatinds. Upp úr því skaga tveir áberandi drangar eins og fingur sem benda til himins. (Í Árbók Ferðafélags Íslands 1981 um Ódádahraun er þetta fjall kallað *Tvíburatindur*. Nafnið varð til í leiðangri Ferðafélags Akureyrar 1974.)

Fjánhólaborg

Lítið móbergfell í austanverðum Útbruna um 9.5 km norðaustan Lakatinds og 11.5 km í hásuður frá suðurenda Hvammsfjalla. (Þetta fell kallar Ólafur Jónsson *Miðöldu* í riti sínu Ódáðahrauni. Af frásögn í Árbók Ferðafélags Íslands 1981 um Ódáðahraun má ráða að gangnamenn hafi gefið fellinu nafnið Fjánhólaborg en Ólafur Jónsson hefur það nafn ekki í sínu riti.)

Fjánhóladyngja

Lítil 774 m há hraundyngja um 4 km suð-suðvestan Bræðrafells og um 3.5 km aust-suðaustan syðri Fjánhólsins sem mælingamenn Norrænu eldfjallastöðvarinnar kalla *Hrút*. (Nafnið er í riti Ólafs Jónssonar um Ódáðahraun. Ólafur segir einnig að þýski jarðfræðingurinn H. Septhmann noti nafnið Flatadyngja er hann kom á þetta svæði. Nafnið *Litladyngja* hefur á sumum kortum verið sett í nágrenni Fjánhóladyngju en engar heimildir finnast fyrir tilurð þeirrar nafngiftar.)

Fjánhólar

Tveir litlir móbergshnjúkar vest-suðvestur af Bræðrafelli. Nyrðri hnjúkurinn og sá minni er rúmum 3 km frá fellinu en sá syðri og stærri er rúmum 5 km frá því og 5.5 km norð-norðaustan Kolls. (Ólafur Jónsson hefur þetta nafn á hnjúknum í riti sínu um Ódáðahraun. Mælingamenn Norrænu eldfjallastöðvarinnar nota nafnið *Hrútur* á syðri og stærri hnjúkinn.)

Flatadyngja

Lítil 676 m há hraundyngja um 2.5 km austan Bræðrafells. Gönguleiðin frá Herðubreið til Bræðrafellsskála liggur um dyngjuna. (Ólafur Jónsson er með þetta nafn í riti sínu um Ódáðahraun.)

Flatahraun

Afar slétt helluhraun upp og norðvestur af misgenginu norðan Öskjuops. Þetta hraun er syðri hluti Öskjuvegjar.

Flæður

Miklir farvegir vestan og norðan Holuhrauns. Þetta eru leysingafarvegir frá Dyngjujökli.

Gámur

Stór klepragigur í norðurenda móbergshryggjarins austan mynnis *Dyngjudals* um 400 m austan *Dyngju*, skála Norrænu eldfjallastöðvarinnar sunnan Öskjuops.

Gígöldur

Langur móbergshryggur sem liggur til suð-suðvesturs frá Dyngjujökli og austan Hrímlödu.

Gíma

Klepragigur sunnan vegarins í Öskjuopi og um 1 km suðaustan Rauðskeggs og um 1.5 km norðvestan Svarthöfða.

Gloppa

Klepragígur sunnan vegarins í Öskjuopi um 500 m suðaustan Rauðskeggs og um 2 km norðvestan Svarthöfða. Nafnið dregur gígurinn af auga eða glufu uppi undir brún hans.

Gulubjörg

Háir móbergshamrar sem mynda austurhlíðarnar í norðurhluta Dyngjufjalladals þar sem hann er þrengstur.

Hrekkur

Sprengigígur vestan undir móbergshlíð skammt sunnan Vikraborga við Öskjuop. Gígurinn fékk nafn sitt er jarðfræðingarnir Guðmundur E. Sigvaldason og Tómas Tryggvason urðu vitni að mikilli gufusprengingu við myndun hans í október 1961 og áttu þeir raunar fótum fjör að launa.

Hrímklauf

Allmikið gil eða klauf í móbergsstaflanum um 2 km suðaustan undir Þorvaldsfjalli. Neðri hluti gilbarmanna er úr bergi með stórum hvítum dílum (plagioclase) sem tilsýndar minna á hrím.

Hrókur

Móbergshrúgald á sandorpinni hraunsléttu um 3 km norður af Stórukistu og skammt norðaustan slóðar sem liggur fyrir norðan Dyngjufjöll. Lögum hrúgaldsins minnir á hrók í manntafla þegar komið er að honum úr suðaustri.

Hrútur

Um 790 hár móbergshnjúkur, sem rís upp af hraunsléttunni norðan Dyngjufjalla, um 5.5 km norð-norðaustan Kolls og um 5 km vest-suðvestan Bræðrafells. Séð úr suðaustri minnir hnjúkurinn á hrútshaus vegna tveggja hnýfla sem eru beggja vegna hátindsins. Þessi hnjúkur er annar tveggja sem Ólafur Jónsson kallar Fjánhóla í riti sínu um Ódáðahraun.

Hvanngil

Mjótt gil sem gengur inn í móbergsstaflann suðaustan í Dyngjufjöllum norðvestan við Dyngjuvatn. Gamla Gæsavatnaleiðin lá neðan við gilkaftinn en hann er um 2.5 km frá suðausturhorni Dyngjufjalla þar sem Drekgilslækurinn fellur út í Dyngjuvatn. Gilið er vel falið af bólstrabergskambi, sem girðir fyrir mynni þess, en lækur hefur grafið mjóa rás í gegnum kambinn og er gengt inn í gilið eftir lækjarfarveginum. Töluvert af hvönn og öðrum gróðri vex á bökkum lækjarins.

Jötnaból

Um 2.5 km löng hnjúkaþyrping norðan Öskjuops og er suðurendi hennar gegnt Svarthöfða.

Kistlar

Hnjúkar sem liggja milli Stórukistu og Litlukistu.

Kisturani

Um 2.5 km langur móbergsrani sem liggur í norðausturátt frá Stórukistu. (Ólafur Jónsson segir í riti sínu um Ódáðahraun að Þorvaldur Thoroddsen kalli ranann *Dyngjujfallaháls*.)

Kryppur

Brattir móbergshnjúkar 2 til 3 km suðaustan Kattbekings.

Kvíslahraun

Nyrðra hraunið í Suðurbotnum sem rann 1922 til 1923. Hraunið klofnar á hæð í hlíðinni uppi af Öskjuvatni og af því dregur það nafnið.

Ljómandi

Foss í kvíslum Svartár sem næst liggja Vaðöldu (eystri fossinn).

Mánafjöll

Samheiti móbergsfjallanna sunnan Jónsskarðs og norðan Trölladyngjuskarðs í Dyngjujöllum.

Móflöt

Móbergsflatneskja um 4 km suðaustan Þorvaldsfjalls. Flötin liggur í krika milli nýlegra hrauna sem eiga upptök sunnan í Þorvaldsfjalli (*Þorvaldshraun*) og hlíðarfótar Dyngjujfalla.

Nautagil

Grunnt en fallett gil sem gengur inn í austanverð Dyngjujöll um 2.5 km sunnan Drekgils. Nafnið gáfu jarðfræðingarnir Guðmundur E. Sigvaldason og Sigurður Þórarinnsson er þeir voru þar á ferð með væntanlegum geimförum og kenndu gilið við þá (astronaut).

Nautahnútur

Um 700 m langur móbergshryggur 1 km austan við Dyngjujöll fram undan *Nautagili*. Nafnið er dregið af gilinu.

Norðurfjöll

Samheiti þess hluta Dyngjujfalla sem liggja norðan Öskju milli Jónsskarðs og Stórukistu. (Ólafur Jónsson kallar allt svæðið frá Trölladyngjuskarði norður og austur um að Stórukistu *Norðurfjöll* en hinn hluta Dyngjujfalla *Suðurfjöll*.)

Ólafsgígar

Nýlegir eldgígar við norðvestanvert Öskjuvatn neðan undir sigstallinum sem myndaðist í Öskjugosinu 1875. Ólafur Jónsson getur þeirra fyrstur manna í riti sínu um Ódáðahraun.

Rauðaröst

Sniðskorinn gjallgígur á misgenginu norðan Öskjuops gegnt Rauðskeggja. Rauði liturinn er mjög áberandi og blasir við vegfarendum þegar ekið er inn í Öskjuop.

Roðgúll

Rauður 1062 m hár gjallhóll um 3 km suð-suðvestan Vatnsfells og um 3.5 km aust-suðaustan Kattbekings.

Rósagil

Dalverpi og þröngt gil inn af því um 4.5 km suðaustan Þorvaldsfjalls. Mikið vex af eyrarrós á bökkum lækjarins í dalnum og langt upp með gilbörmunum.

Sigurðarskarð

Skarð í móbergsstaflann í norðvestanverðum Dyngjufjöllum. Það liggur frá vestri til austurs sunnan undir Háahnjúk allt að Öskjuvegi. Jónsskarð liggur til suðurs frá vesturmynni Sigurðarskarðs.

Skarðshnjúkur

Brattur 1369 m hár móbergshnjúkur sem rís á misgengisbrúninni upp af austanverðu Jónsskarði.

Skínandi

Fallegur foss í Svartá norðan Vaðöldu skömmu áður en áin fellur í Jökulsá (vestari fossinn).

Sléttubjörg

Misgengishamrar norðan Öskjuops þar sem þeir stefna í norðaustur að *Rauðuröst*.

Stampur

Fallegur hraungígur um 1 km sunnan Suðurskarðs í Dyngjufjöllum.

Strýtur

Tveir keilulaga berghólar rétt austan mynnis Drekgils. Bíslóðin liggur milli þeirra og er nyrðri hóllinn mun stærri en sá syðri.

Suðurbotnahraun

Syðra hraunið í Suðurbotnum sem rann 1922 til 1923.

Suðurbotnar

Svæðið neðan misgengisbrúnarinnar austan eggja Þorvaldsfjalls við suðausturhorn Öskjuvatns.

Suðurkollar

Móbergshnjúkar um 4.5 km sunnan Þorvaldsfjalls. Þeir standa upp úr nýlegu hrauni sem fengið hefur nafnið *Þorvaldshraun*.

Tanni

Móbergshryggur á norðurbrún Öskju skammt vestan Öskjuops. Stórir klettur og smátindar skaga upp úr hryggnum og minna á tennur.

Tröllatröð

Skarð á móbergsstaflanum á veturbrún Öskju 3.5 km norðan Trölladyngjuskarðs og um 4 km sunnan Jónsskarðs.

Vikraborgir

Gígarnir frá eldgosinu 1961 við vesturmynni Öskjuops.

Þorvaldsfjall

Hæsta fjallið í Dyngjufjöllum, 1510 m hátt. Á kortum Landmælinga Íslands 1:250.000 er það kallað Þorvaldsfell en á kortum 1:100.000 heitir það Þorvaldstindur. Í ritverkinu Landið þitt Ísland er einnig notað nafnið Þorvaldstindur og sama gerir Ari Trausti í riti sínu Íslandseldar. Aftur á móti hefur Ólafur Jónsson nafnið Þorvaldsfjall í ritinu um Ódáðahraun og einnig er það nafn notað í Árbók Ferðafélags Íslands um Ódáðahraun. Ef talið er að eldri nafngiftin sé yfirleitt réttari þá er sjálfsagt að nota nafnið Þorvaldsfjall enda er fjallið hvorki „fell“ né „tindur“.

Þorvaldshraun

Hraun sem á upptök á 7 km sprungu, er liggur til suð-suðvesturs frá Þorvaldsfjalli, og nær lengsta totan suðaustur að flóðfarvegum Jökulsár á Fjöllum. Vegarlóðin sunnan Dyngjufjalla liggur yfir endann á sandsorfnu hrauninu. Talið er að hraunið hafi myndast einhvern tíma á árunum 1926 til 1929.

Þrístikill

Móbergsklettur rúmum 500 m norðaustan Lokatinds. Nafnið gaf Jón Sigurgeirsson frá Helluvaði.

Þykkvisandur

Sandbreiðan sunnan Dyngjuvatns og suðvestan Vaðöldu. Svartá á upptök sín í sandinum.

Öskjuhraun

Samheiti gamalla hrauna sem þekja botn Öskju vestan og norðan Öskjuvatns. (Á sumum kortum eru þessi hraun kölluð *Goðahraun*.)

Öskjuvegur

Sléttan milli Háahnjúks og Kolls allt suður að vestanverðu Öskjuopi. (Ólafur Jónsson segir í riti sínu um Ódáðahraun að þýski jarðfræðingurinn Hans Septhmann hafi gefið svæðinu nafnið.)

VIÐAUKI

Lýsing á hæðarmælingalínunum og hallamælingastöðvum sem Eysteinn Tryggvason setti niður á árunum 1966 til 1970.

Á árunum 1966 til 1970 setti Eysteinn Tryggvason niður hæðarmælingalínur og hallamælingastöðvar á allmörgum stöðum, einkum þar sem gjár eða misgengisstallar í landslagi bentu til hreyfinga í jarðskorpunni. Tilgangur þessara mælingalína eða stöðva var að ákvarða hvernig og hversu hratt jarðskorpan hreyfðist, einkum við plötuskil, en einnig umhverfis virk eldfjöll, svo og á nokkrum stöðum fjær plötuskilum og eldstöðvum. Öll fastmerki á þessum mælingalínunum og hallamælingastöðvum eru sérhannaðir koparnaglar með kúptum skildi, 37 mm í þvermál, merktir þriggja stafa tölu sem slegin er í kúpt yfirborð skjaldarins.

Eftir að Eysteinn Tryggvason hóf störf við Norrænu eldfjallastöðvina voru nokkrar þessara hæðarmælingalína og hallamælingastöðva mældar á vegum þeirrar stofnunar. Einnig hafa nokkur fastmerki þessara lína eða stöðva verið notuð sem GPS merki við mælingar á vegum Norrænu eldfjallastöðvarinnar eftir að GPS mælingar hófust. Vegna þessa þykir rétt að geta hér í stuttu máli þessara hæðarmælingalína og hallamælingastöðva, sem merktar voru á árunum 1966 til 1970, í sambandi við rannsóknir Eysteins Tryggvasonar á vegum háskólans í Tulsa, Oklahóma, með styrkjum frá National Science Foundation í Washington.

Hæðarmælingalínurnar, sem um er að ræða, eru sex talsins. Fjórar þeirra liggja þvert yfir sprungusvæði á plötuskilunum en tvær eru á virkum eldfjöllum. eru þær taldar upp hér á eftir.

I. Vogar. Línan var merkt í júní 1966 með 54 fastmerkjum sem bera tölurnar 101 til 154. Línan hefst um 50 m sunnan Keflavíkurvegar um 200 m austan vegamóta að Vogum á Vatnsleysuströnd. Þaðan liggur hún í stefnu um 155° og er lengd hennar um 4200 m.

II. Búrfellshraun. Línan var merkt í júlí 1966 með 32 fastmerkjum sem bera tölurnar 200 til 222 og 251 til 259. Liggur hún eftir Búrfellsgjá, hrauntröð sem liggur frá gígnum Búrfelli suðaustan Hafnarfjarðar til norðvesturs. Heildarlengd línunnar er um 2000 m.

III. Reykjaheiði. Línan var merkt í júlí 1966 með 30 fastmerkjum sem bera tölurnar 301 til 330. Liggur hún í aðalatriðum frá austri til vesturs, frá Rauðhól um 9 km norðan Þeistareykja, vestur á Hellur um 1 km vestan Sæluhúsmúla. Lengd línunnar er um 3500 m.

IV. Askja. Línan var upphaflega merkt 12 fastmerkjum í júlí 1966 sem bera tölurnar 401 til 412, en í júlí 1968 var hún lengd með því að bæta við 18 merkjum með tölunum 413 til 430. Eftir þessa viðbót er línan um 1700 m löng með 30 fastmerkjum og liggur hún í boga frá stað um 600 m sunnan gíganna frá 1961, vestan gíganna að stað um 500 m norðan þeirra.

V. Þingvellir. Þessi lína var upphaflega merkt í ágúst 1966 með 42 fastmerkjum, sem bera tölurnar 501 til 542, nálægt veginum við norðurströnd Þingvallavatns. Í júlí 1967 var línan lengd til austurs og einnig til vesturs með því að bæta merkjum 543 til 549 austan við eldri línuna og merkjum 487 til 500 vestan eldri línunnar. Með þessum viðbótum er línan um 9900 m löng og liggur frá rústum gamallar rafstöðvar í Öxará allt austur að Gjábakka.

VI. Surtsey. Línan var merkt í júní 1967 með 42 fastmerkjum sem bera tölurnar 601 til 642. Hún var upphaflega um 2060 m löng og lá í boga í hrauninu sunnan

gíganna í Surtsey frá austurströndinni að vesturströndinni. Sjávarrof hefur eytt hluta línunnar.

Hallamælingastöðvarnar, sem Eysteinn Tryggvason setti upp á árunum 1967 til 1970, eru alls 14 og í hverri þeirra eru allt frá 5 til 13 fastmerki. Þessar stöðvar eru yfirleitt þrjár á hverju svæði. Þannig eru þrjár hallamælingastöðvar við Mýrdalsjökul, þrjár við Heklu, þrjár í Borgarfirði og þrjár við Laxá í Þingeyjarsýslu, en aðeins tvær á Reykjaheiði. Hér verða taldar þessar 14 hallamælingastöðvar í þeirri röð sem þær voru settar niður.

1. Höfðabrekkueiði. Óregluleg lína með 10 fastmerkjum, merkt í ágúst 1967 á Höfðabrekkueiði í Mýrdal um 2.5 km vestur frá Hafursey. Línan er samtals um 440 m löng og númer merkjanna eru 701 til 710.

2. Kötlucriki. Vinkillaga lína með 12 fastmerkjum í hrauni um 1 km norðan Höfðabrekkujökuls en 2 km sunnan Sandfells. Línan var merkt í ágúst 1967 og heildarlengd hennar er um 380 m. Merkin eru númeruð 721 til 732.

3. Jökulkvísl. Vinkillaga lína með 13 fastmerkjum í helluhrauni rétt norðan Jökulkvíslar en um 2 km austan skriðjökuls sem gengur til austurs frá Mýrdalsjökli, 1.2 km norðan Sandfells. Línan var merkt í ágúst 1967 og er um 460 m löng. Númer merkjanna eru 741 til 753.

4. Næfurholt. Vinkillaga lína með 11 fastmerkjum í Þjórsárhrauni skammt vestan gamla Næfurholts. Línan var merkt í maí 1970 og er heildarlengd hennar um 430 m. Númer merkjanna eru 761 til 771.

5. Haukadalur. Vinkillaga lína með 10 fastmerkjum í gömlu hrauni sunnan Haukadals á Rangárvöllum. Línan var merkt í júní 1970 og er heildarlengd hennar um 480 m. Númer merkjanna eru 781 til 790.

6. Rangá. Vinkillaga lína með 10 fastmerkjum í Grjótréttarhrauni við Rangá niður undir Hafurshorni í Næfurholtsfjöllum. Línan var merkt í júní 1970 og er heildarlengd hennar um 410 m. Númer merkjanna eru 801 til 810.

7. Langá. Vinkillaga lína með 10 fastmerkjum á klapparholti skammt norðan brúar yfir Langá á Mýrum á þjóðveginum frá Borgarnesi til Snæfellsness. Línan var merkt í júlí 1970 og er um 390 m löng. Númer merkjanna eru 851 til 860.

8. Gufuá. Óregluleg lína með 9 fastmerkjum í klapparholti nálægt brúnni yfir Gufuá á Mýrum á þjóðveginum frá Borgarnesi til Norðurlands. Línan var merkt í júlí 1970 og er samtals um 330 m löng. Númer merkjanna eru 861 til 869.

9. Hestháls. Vinkillaga lína með 10 fastmerkjum á hálsinum fyrir ofan bæinn Hestháls í Borgarfirði. Línan var merkt í júlí 1970 og er samtals um 390 m löng. Númer merkjanna eru 870 til 880.

10. Brúar. Vinkillaga lína með 12 fastmerkjum skammt vestan Laxár í Aðaldal við Brúar. Línan var merkt í júlí 1970 og er samtals um 1300 m löng. Númer merkjanna er 901 til 912.

11. Hólar. Vinkillaga lína með 7 fastmerkjum í brekku austan Hóla í Laxárdal í Þingeyjarsýslu. Línan var merkt í júlí 1970 og er heildarlengd hennar um 280 m.

12. Geitafell. Vinkillaga lína með 9 fastmerkjum á hákollí Geitafells, skammt sunnan Laxárvirkjunar í Aðaldal. Línan var merkt í júlí 1970 og er um 360 m löng. Númer merkjanna eru 931 til 939.

13. Höskuldsvatn. Vinkillaga lína með 6 fastmerkjum í gömlu hrauni við austanvert Höskuldsvatn á Reykjaheiði. Línan var merkt í ágúst 1970 og er heildarlengd hennar um 560 m. Númer merkjanna eru 341 til 346.

14. Bláskógar. Nær bein lína með 5 fastmerkjum í Garðsheiði um 4 km austan Rauðhóls þar sem er austurendi hæðarmælingalínunnar á Reykjaheiði. Línan var

merkt í ágúst 1970 og er um 352 m löng og stefna línunnar er um 80°. Númer merkjanna er 351 til 355.

Þakkarorð

Dregist hefur úr hófi að skrifa þessa skýrslu og ber hún þess merki. Við upphaf landmælinga Norrænu eldfjallastöðvarinnar gætti höfundur ekki sem skyldi að skrá jafnóðum lýsingar á staðháttum þegar merkjum var komið fyrir. Þess vegna var gott að leita til Eysteins Tryggvasonar jarðeðlisfræðings sem hafði tiltækar ýmsar þarfar upplýsingar. Eysteinn lét einnig í té lýsingar á þeim hæðarmælingalínunum og hallamælingastöðvum, sem hann setti niður á sínum tíma, og er viðaukinn hans verk.













Höfundur handskrifaði skýrsluna en Sigríður S. Rögnvaldsdóttir skrifstofustjóri Norrænu eldfjallastöðvarinnar skráði allt efni inn á tölvu og kom með þarfar ábendingar. Rósa Ólafsdóttir landfræðingur fann hnit þeirra merkja sem ekki höfðu verið mæld og setti þau inn á kort. Eysteinn Tryggvason og Freysteinn Sigmundsson jarðeðlisfræðingar lásu yfir handrit og færðu margt til betri vegar. Þessu ágæta fólki kann höfundur bestu þakkir.


Heimildaskrá

- Ari Trausti Guðmundsson 1986. Íslandseldar. Vaka-Helgafell, Reykjavík.
- Árni Hjartarson 1995. Á Hekluslóðum. Árbók Ferðafélags Íslands 1995. Ritst. Hjalti Kristgeirsson. Prentsmiðjan Oddi, Reykjavík.
- Einar H. Einarsson 1975. Mýrdalur. Árbók Ferðafélags Íslands 1975. Ritstj. Páll Jónsson. Ísafoldarprentsmiðja, Reykjavík.
- Eysteinn Tryggvason 1989. Measurement of ground deformation in Askja 1966 to 1989. Rannsóknaskýrsla 8904. Norræna eldfjallastöðin, Reykjavík.
- Eysteinn Tryggvason 1974. Vertical crustal movement in Iceland. Í Geodynamics of Iceland and the North Atlantic Area. Ritstj. Kristjánsson. D. Reidel Publishing Company, Dordrecht.
- Eysteinn Tryggvason 1978. Distance measurements in 1977 in the Krafla-Mývatn area and observed ground movements. Rannsóknaskýrsla 7810. Norræna eldfjallastöðin, Reykjavík.
- Eysteinn Tryggvason 1978. Fjarlægðarmælingar í Vestmannaeyjum 2.-4. maí 1978. Rannsóknaskýrsla 7811. Norræna eldfjallastöðin, Reykjavík.
- Eysteinn Tryggvason og Halldór Ólafsson 1994. Skorradalsvatn. Lake level measurements 1982 to 1993. Rannsóknaskýrsla 9402. Norræna eldfjallastöðin, Reykjavík.
- Eysteinn Tryggvason 1993. Distance measurements in the Krafla-Gjástykki area 1983-1993. Rannsóknaskýrsla 9302. Norræna eldfjallastöðin, Reykjavík.
- Eysteinn Tryggvason 1990. Höggun Almannagjár. Mælingar á Þingvöllum 1990. Rannsóknaskýrsla 9001. Norræna eldfjallastöðin, Reykjavík.
- Freysteinn Sigmundsson og Johan Camitz 1993. Benchmarks of GPS-measurements near Askja 1993: 1993 field report. Handrit.
- Freysteinn Sigmundsson og Páll Einarsson 1993. GPS-monitoring of the Hekla volcano: 1993 field report. Handrit.
- Guðmundur Einarsson frá Miðdal 1960. Suðurjökklar. Árbók Ferðafélags Íslands 1960. Ísafoldarprentsmiðja, Reykjavík.
- Guðmundur Gunnarsson 1981. Ódáðahraun. Árbók Ferðafélags Íslands 1981. Ritstj. Páll Jónsson. Ísafoldarprentsmiðja, Reykjavík.
- Guðmundur Kjartansson 1945. Hekla. Árbók Ferðafélags Íslands 1945. Ísafoldarprentsmiðja, Reykjavík.
- Guðmundur E. Sigvaldason 1981. Um jarðfræði Ódáðahrauns. Árbók Ferðafélags Íslands 1981. Ritstj. Páll Jónsson. Ísafoldarprentsmiðja, Reykjavík.
- Gunnar Þorbergsson og Ingvar Þór Magnússon 1994. GPS-grunnstöðvanet 1993. Stöðvarlýsingar. Landmælingar Íslands, Reykjavík.
- Jón Sæmundsson 1726. Sandferdig Relation om det Udi Island Brændenda Field Krabla, Og andre der omkring liggende Smaae Fielde Baade med Jordskielv Torden og Ask-Fald. Hans Kongl. Mayst. priviligerede Bogtrykkerie. Kjöbenhavn. Endurprentað í Týli 1976, 1. hefti. Ritstj. Helgi Hallgrímsson. Bókaforlag Odds Björnssonar, Akureyri.
- Jón Sæmundsson 1728. Ein ný relation um Brennisteinsfjöllin við Mývatn í Íslandi og Norðursýslu. Í Safn til sögu Íslands og íslenzkra bókmenta að fornu og nýju, IV. bindi. Hið íslenzka bókmentafélag. Kaupmannahöfn og Reykjavík 1907-1915.
- Ólafur Jónsson 1945. Ódáðahraun I - III. Bókaútgáfan Norðri hf., Akureyri.
- Ólafur Jónsson 1962. Dyngjufjöll og Askja. Bókaforlag Odds Björnssonar, Akureyri.

- Páll Einarsson 1993. Benchmarks of GPS-measurements in Iceland 1986-1991. Rannsóknaskýrsla RH-02-93. Raunvísindastofnun Háskólans, Reykjavík.
- Sigurður Þórarinnsson 1975. Katla og annáll Kötlugosa. Árbók Ferðafélags Íslands 1975. Ritstj. Páll Jónsson. Ísafoldarprentsmiðja, Reykjavík.
- Sigurjón Jónsson, Páll Einarsson, Freysteinn Sigmundsson, Karl Pálsson og Halldór Ólafsson 1995. GPS Experiments in the Eastern Volcanic Zone, South Iceland, in 1994. Rannsóknaskýrsla 9504. Norræna eldfjallastöðin, Reykjavík.
- Ulf Sundquist og Eysteinn Tryggvason 1982. Deformation measurement in the Hengill region. Initial measurement in 1979. Rannsóknaskýrsla 8204. Norræna eldfjallastöðin, Reykjavík.
- Þorsteinn Jósepsson og Steindór Steindórsson frá Hlöðum 1980. Landið þitt Ísland. Ritstj. Ásgeir S. Björnsson og Helgi Magnússon. Örn og Örlygur, Reykjavík.

Merking á kortum

-  EDM mælingamerki
-  GPS mælingamerki
-  Hallamælingastöð
-  Hæðarmælingamerki
-  Vatnsmælingamerki
-  EDM og GPS merki
-  Hallamælinga- og GPS merki
-  Hæðarmælinga- og GPS merki
-  Vatnsmælinga- og GPS merki
-  Hornamælingamerki
-  Sprungumælingamerki
-  Þyngdarmælingamerki



NE83021

MÝVATN

NE83019

NE83025

NE77002

Sellandafjall

Bláfjall


NE77003

Heilagsdalsfjall

BUR

GILÓI

JUNIÞSBEILIM



NE9513

NE77006

NE80019

NE80813

A035

A037

A034

A033

A030

A029

A028

A027

A026

A025

A024

A023

A022

A021

A020

A019

A018

A017

A016

A015

A014

A013

A012

A011

A009

A008

A007

A006

A005

A004

A003

A002

A001

Gæsafjöll

NE7001

NE80048

NE80049

NE80052

NE80051

NE80050

NE80047

NE80046

NE80045

NE80044

NE80043

NE83021

NE83022

NE83023


NE83024

NE83025

NE83026

MÝVATN

BURFE



33kV

16°30'

3

(Lyngas)

Vikingavatnshéiði

Ólafsborgarhæðir

Hraungarbar

Garðshéiði

Keldunesshéiði

Skinnstakkahraun

Mörkngveldarstaðir

Övegur

Hlidargarði

Melavalla-skógur

Asbyrgi

Bláskógaheði

Magnúsrhóll 265

Keringarhöll

Klappir

Beinaklettur

Fremri-Sauðklettur

Keringarvegur

Suð

mörk úvís

352

Eyjólfshæð

Hárybba

24ft Stórhóll

Kvívogur

Kvlar

Sandebrot

NE77010

Langahlið

Lambafell

Skogarbjörg

000

005

Þeistareykjábunga

NE77011

Vitishæðir

Stórávíti

467 Litlavit

Sandfell 52

NE77013

500

883 Þórunnarfjöll

Þríkysningur

583

Keldunesshraunur

Abóldaleikur

Ulls-Mófall

NE77005

Mófellshæðir

Mófall

NE77009

Lambatorfur

Sulnarfur

Sulnarfur

Sulnarfur

Sulnarfur

Sulnarfur

Sulnarfur

Sulnarfur

Sulnarfur

Sulnarfur

Sulnarfur

Sulnarfur

Sulnarfur

Sulnarfur

Sulnarfur

Sulnarfur

Sulnarfur

Sulnarfur

Sulnarfur

Svinadalsháls

Grjótháls

541

485

Hituhólar

495

NE77006

573 Eintrú

NE80019

NE80013

A035

A037

A034

Hrútafjöll

Hrútafjalla-krubbur

Sagnamannaskaró

508

Hrútafjallahellir

A040

A040

A040

A040

A040

628

Eiðifur


500

472


Lanabakki

Skur

Ö X A R F J Ö R Ð U R







66

Höfuðreiðarmáli

66

SÜÐUR-PINGEYJARSYSLA

66

SÜÐUR-PINGEYJARSYSLA

23 kofi
Lágey
Mánareyjar
0⁴⁰ Háey

16'

12'

SUDUR-ÞINGEYJARSYSLA
Tjorneshreppur

8


66°

4'

66°

D I





07

08

09

55° 410

11

12

13

50°

14

15

NE9049-169
NE90013

Stampur

12

Katibekingur

1052

1041

1148

09

Reygull

NE9322

08

07

ÓDADAHRAUN

06

1000

945

05

NE90014

04

984

03

876

02

864

01

852

00

06

07

08

09

10

11

12

13

14

15

867

GÍLDUR

902

866

99

F98

893

808

98

807

748


FLÆÐUR

97

782

849

96



- NE83002
- NE87009
- NE83003
- NE83004
- NE83005
- NE87008
- NE87007
- NE83006
- NE87006
- NE83007
- NE87009
- NE87004
- NE87003
- NE87002
- NE83009
- NE83010

- NE84002
- NE84003
- NE84004
- NE84005
- NE84006
- NE84007
- NE84008
- NE84009
- NE84010

NE82008

NE82007

NE9316

NE9323

NE90012

NE9043

DREKAFJÖLL

One second of latitude equals 30.97m

720

19

05'

18

17

16

15


14

13

12

11

7210



14

Blökkuborgir

NE9316

Kollur
1238

Stórakista
1098

IRFJÖLL

22

- NE83002
- NE87009
- NE83003
- NE83004
- NE83005
- NE87008
- NE87007
- NE83006
- NE87006
- NE83007
- NE87005
- NE87004
- NE87003
- NE87002
- NE83009
- NE83010

Eystraskard

Kistlar

Litlakista
1050

Óskjuvegur

Flatabraun

anni
NE82002

18

19

20

21

22

NE84002

NE84003

NE84004

NE84005

NE84006

NE84007

NE84008

NE84009

NE84010

24

25

26

27

J

NE83001

422 Vikraborgir

NE82006

404 Hrekkur

NE83008

NE84001 Gjöppa

NE84001 Gíma

Jötnaból

18

17

NE840116

Dyngja

NE85019

Svarthöfði

Dyngjufalur

15

Vikrahraun

Viti

1353

Bátshraun
NE9036

NE82008

Styrtur

NE9323

Kjubatn
053

744

Kvíslahraun
Súðurbotnarhraun
Súðurbotnarhraun

NE82007

DREKA FJÖLL

11

Drekagil


Nautagil

Nautahnúti

NE9043

F98

Þorvaldsfjall



GULUBJÖRG

NORÐURH

MÁNAFJÖLL

D Y N G J N

A S K J A

ÖSKJUHAUN

ÖSKJUHAUN

Myvethingahraun

Askur

Porvalds

24
23
22
21
20
19
18
17
16
15
14
13
12
11

10

11

12

13

14

15

16

17

18

NE9309

NE82003

NE9054

NE9060

Tanni
NE82002

NE82001
1394

422Vik

404

NE85011

NE9028
NE82005

Öskjuvatn
1053

0410
0413
0400
Vatnstettur

NE85010
1317

1516

1400
1300
1200

800

800

866

1000

1300

1300

1300

1270

1100

1200

300

1300

1200

1300

1331

1200

1200

Sigurðarskaró

Jonsskárd

Skaróshnúkur

Háhnjúkur

Tröllatráð


Öskjuvatn

Trölladyngjuáskaró


Sudurskárd

Öskjuveg

de equals 12.98m
a er 12.98m



17 DYNGJUFJÖLL





AR
FJÖLL

● HERÐUBREIÐARFJÖLL

Hrútsálsar

Eggert
1332

Hrútsrönd

LÖTTADYNGJA

HERÐUBREIÐ
1882

R A U N

HERÐUBREIÐARTÖGL

Herðubreiðarlindir
seluhús, F.F.A.
Þorsteinskall
Eymundarkot

Alftavatn

Hlaupfell
610

Svartadyngja
758

Hvammssjöll

19

HVAMMSFJÖLL

ÚTBRUNI

botlakambur

vegarkambur

Fjarholaborg

Fjallalda

Fjarholar

D A Ð A H

Lokatindur 865

Háihnjúkur 1311

Sigurdarskarð


Óstjunegur


Kollur 1240

fjalladalur

YTRI

L L L






20

F98


Urðarháls gígur


NE0011

GRIMSTAPUR 131 km
One second of latitude equals 30.97m
Elev. in meters: 1:25,000



Kötluangi







18° 32'

Hvammshreppur

28'

24'

20'


Mífadrangur 45
Lundadrangur
Kambur 43
Dyrhólahöfn 43
Haidrangur 56
Kurl 56
Sker
Stampur
Blásandi 86
Reynisdrangur
Rétir



MÝRDALSJÖKULL


Mælikvarði 1:100 000

Scale



1 cm á korti er 1 km á landi







54' 48' 42' 36' VATNAFJÖLL

Endurskoðað af Landmælingum Íslands 1971
 Rettet af "Landmælingar Íslands" 1971
 Revised by "Landmælingar Íslands" 1971

Vega-og örnefnaeioðréttingar 1987
 Rettelse af veje og stednavne 1987
 Correction of roads and placenames 1987



- Aðalvegur
- Hovedkørevej
- Main road
- Sýslumót
- Sysselgrænse
- County boundary
- Tún
- Dyrket jord
- Skógur og kjarr
- Krat og buskað



18° 12' 6' 20° 0'


Lar. ímátt. áhreppur

Rangarvallahreppur

Selsundur

NE800
30

Map labels include: Vikingslækjarhraun, Botnahraun, Pálssteinshraun, Eldivíðarhraun, Keldnahraun, Hvalsvöllur, Storólshvöllur, Brekkubekki, Hlíðarendur, and many smaller place names like Stjarnhólar, Hvalshólar, and Hvalshólar. The map also shows various geographical features like rivers and hills.



31

Kongavörður

Hrólfur

Stórurður

Skarð

Merkurhraun
(Landslag)

L A N D

NE9068

NE80044

NE9528

NE80042


NE80043

landlagur

landlagur

64

63




ÞORLÁKSHÖFN

Hafnarvík

EYRARBAKKI

EYRARBAKKABUGUR



- NE9015
- NE9019
- NE9018
- NE9017
- NE9016
- NE9020

PINGVALLAVATN

Olfusvatnsvík

Miðfellshraun

Pingvallahraun

Pingvallaskógur

Hestvík

Nesjahraun

Hagavík

Dýrafjöll

Nesjavellir

Súlufell

Hraunfjall

Karhraun

Mjóaneshraun

Glabakkahraun

Révvökusunes

Pingvellir

Oxarárfoss

Heiðabær

Móakot

Svinanes

Klumba

Krummar

Nesjavellir

Nesjavellir

Stangarhólar

Hraunfjall

Sandey

Nesjæy

Rívíkurtangi

Hagavík

Helluháttur

Súlufell

Súlufell

Mjóanesskóli

Borgarskóli

Langitangi

Einbúi

Einbúi

Einbúi

Einbúi

Einbúi

Mosar

Miðfelli

Reyðarvík

Langitangi

Haitangi

Skútavík

Skinnhúfuhellir

Skinnhúfuhellir

Mjóafell fremma

Sláttubrekka

Hrafnabjörg

Stóriðja

Stóriðja

Stóriðja

Stóriðja

Stóriðja

Stóriðja

Stóriðja

Stóriðja

Stóriðja

Stóriðja

Stóriðja



Stóra-Björnsfell

Vestari-Hagá

Lagafell

Langavatn

Sandvatn

NE9510

NE9511

Höðufell
Pr. m.s. 1188

LAMBHRAUN

REIÐUR

Vestara-Möfell

Höðuvellir

Elfborgir Gígur

Skarðhnúkur

Skagi

Rötasandur

Kálfsstúdur

Skriða

Skriðutindar

Skagabrekkur

Högnjóti

Sourafell

Svinhraun

Alkallutindar

Hritatindar

Míðdalsfjall

Raudafell

Strokkur

Möfell

Bjarnarfe

Asar

Gullkista

Vatnsheiði

Skessugull

Ísól

Meljarbrú

Storifell

Jafnafell

Poerfell

Pr. m.s. 678

Pr. m.s. 708

Pr. m.s. 628

Pr. m.s. 628

Pr. m.s. 628



36
Sparatundur

Hamarfjall

Leirarsveit

Akrafjall

Akranes

Innihólmur

Saurbar
KJALAR

SKRIFAÐIÐ
BORSAFJARÐARHÁSKÓLA
1921
M.A. H. 21
20
Eyr
16
64



Bajarsveit

37

Halsheiði

Lyndarháls

Skorradalsháls

Skorradalsháls

Dragafell

Halsinn

BOTNSHEIÐI

FJÖRÐUR



38

